birta
REGÍNA ÓSK
*Stígur fram í sviðsljósið*
tíska matur hönnun
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




SIRKUS
SMYGLARAÞRILLER
*Baltasar Kormákur í nýrri mynd*
SIRKUS Í MIÐJU FRÉTTABLAÐSINS









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. nóvember 2006 — 295. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


# Sjóræningjaafli af Reykjaneshrygg í eigu Landsbankans

**Tvisvar hefur Landsbanki Íslands veitt afurðalán út á afla sem er ólöglega veiddur. Erfitt að vita hvað verið er að fjármagna segir framkvæmdastjóri Norður-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar.**

**VEIÐAR** Landsbanki Íslands er skráður eigandi afla af ólöglega veiddum karfa sem landað var úr skipinu Thorgull í Hong Kong þann 17. október síðastliðinn samkvæmt skýrslu sem Fréttablaðið hefur undir höndum. Svipað tilvik kom upp í september þar sem Landsbankinn var skráður eigandi ólöglegs afla flutningaskipsins Polestar sem einnig var landað í Hong Kong.

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, segir fréttir af þessu hafa komið þeim á óvart. „Við erum með þá þjónustu hjá Landsbankanum að við veitum afurðalán út á birgðir til þeirra sem kaupa og selja fiskinn, ekki til þeirra sem eru að veiða. Aflinn er á okkar nafni til að tryggja að við höfum hald í vörunni.“

Afli Thorgull var veiddur á Reykjaneshrygg af skipinu Pavlovsk, sem er undir eftirliti Norður-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar, NEAFC. Þegar Pavlovsk lagði að bryggju í Eistlandi 23. október síðastliðinn leiddi eftirlit í ljós að um 230 tonnum var umskipað yfir í Thorgull 27. ágúst.

Að sögn Kjartans Höydal, framkvæmdastjóra NEAFC hefur fánaríkið, sem er Bahamaeyjar í tilviki Thorgull, og norskir eigendur skipsins brugðist skjótt við athugasemdum nefndarinnar.

Höydal segir nefndina aðallega eiga samskipti við fánaríki og það sé stjórnvalda í hverju ríki að eiga við þá sem fjármagna ólöglegar veiðar. „En það er í sjálfu sér ekkert ólöglegt við það. Vandamálið er að þeir sem fjármagna veiðar vita yfirleitt ekki hvað þeir eru að fjármagna.“



**SJÓRÆNINGJAVEIÐAR** Á myndinni sést flutningaskipið Polestar.

Eftir að þetta kom upp í fyrra skiptið breytti Landsbankinn lánasamningum á þann hátt að yrðu menn uppvísir að kaupum á ólöglegum afla yrði samningnum rift, til þess að menn væru ekki að lenda í þessu grandalausir að sögn Sigurjóns.

„Auðvitað viljum við ekki að það sé verið að stunda viðskipti með þessum hætti. Það eru hagsmunir þessa banka að allt sé heiðarlegt. Og það eru hagsmunir okkar sem Íslendinga að það sé rétt að þessum málum staðið.“

Stefán Ásmundsson, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, segir afar sjaldgæft að íslensk fyrirtæki tengist sjóræningjaveiðum. Stefán segir allsherjarúttekt á þessum málum vera í gangi í sjávarútvegsráðuneytinu. Stefán útilokar ekki að frumvarp um þessi mál verði lagt fram á yfirstandandi þingi. -sdg



**RAUÐNEFJAR** Baggalútsmenn eru höfundar lagsins Brostu sem frumflutt var í þættinum Í sjöunda himni í gærkvöldi. Með Baggalútsmönnum á myndinni eru gullbarkarnir sem syngja bakraddir í laginu, Unnur Birna Vilhjálmsdóttir fegurðardrottning, Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra, Magni Ásgeirsson stórpoppari og Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Dagur rauða nefsins:

## Rauð nef fyrir gott málefni

**SÖFNUN** Fyrsti desember næstkomandi verður Dagur rauða nefsins. Rauð nef verða seld er nær dregur deginum og þriggja tíma söfnunarútsending verður síðan 1. desember á Stöð tvö þar sem landslið grínara mun kitla hláturtaugar landsmanna. Markmið söfnunarinnar er að safna heimsforeldrum sem greiða mánaðarlegt framlag til hjálparstarfs Unicef að sögn Stefáns Inga Stefánssonar, framkvæmdastjóra Unicef á Íslandi. „Hugmyndin að Degi rauða nefsins var að nota rautt nef til þess að hvetja fólk til að styðja málefni barna.“

Dagur rauða nefsins er eftir breskri fyrirmynd þar sem breskir grínarar troða upp og safna fyrir gott málefni annað hvert ár. - sdg

Lögreglan á Akureyri rannsakar kynferðisbrot gegn 10 ára stúlku:

## Meintur barnaníðingur tekinn

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Akureyri rannsakar nú mál meints barnaníðings gegn tíu ára telpu. Hann var tekinn til yfirheyrslu fyrr í vikunni og mun hafa játað sök, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Aðdragandi þess að athæfið komst upp var sá að telpan sem um ræðir brotnaði saman á heimili sínu síðastliðinn föstudag. Hún tjáði móður sinni að hún byggi yfir leyndarmáli, sem hún mætti ekki tala um. Fyrir fortölur leysti hún frá skjóðunni og sagði frá því að tilgreindur maður hefði gert tiltekna hluti við sig. Talið er að brotin hafi staðið yfir svo vikum, jafnvel mánuðum skipti. Fulltrúar Barnahúss fóru norður til Akureyrar í fyrradag og ræddu við stúlkuna.

Lögreglunni á Akureyri var þegar gert viðvart og hóf hún þegar að rannsaka málið. Maðurinn var handtekinn á vinnustað sínum og færður til yfirheyrslu síðastliðinn þriðjudag, þar sem hann játaði það sem litla stúlkan hafði greint frá. Honum var sleppt við svo búið. Lögreglan gerði húsleit, bæði heima hjá manninum og á vinnustað hans. Tölvubúnaður hans er til rannsóknar hjá lögreglunni. Daníel Snorrason rannsóknarlögreglumaður á Akureyri kvaðst ekki vilja tjá sig um málið á þessu stigi. -jss

## FÖSTUDAGUR

### Annatími útgefandans



Guðrún Vilmundardóttir útgefandi spjallar um fjórar nýjar skáldsögur frá forlaginu Bjarti.

MENNING 36

### Sigurstranglegur listi

„Þótt Geir H. Haarde bryggðist drengilega við Birni til varnar, varpaði ályktunin skugga á prófkjörið,“ segir Hannes H. Gissurarson.

Í DAG 26

### Veiktist í beinni



Guðni Bergsson nýtti gamla sprengikraftinn í öðruvísi tilgangi.

FÓLK 54

### Blóðugt tímaritastríð



Reynir Traustason sakar Birting um að spilla fyrir sér.

FÓLK 56

### Fram tapaði í Þýskalandi



Hetjuleg barátta Fram gegn Gummersbach dugði ekki til. Guðjón Valur Sigurðsson var markahæstur Þjóðverjanna.

ÍÞRÓTTIR 50

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA VÆTA Í FYRSTU** Í dag verða suðvestan 5-10 m/s. Víða rigning með morgninum en síðan skúraveður en styttir upp austast á landinu síðdegis. Hiti 5-10 stig.

VEÐUR 4







**SPURNING DAGSINS**



*Ríkir karlaveldi innan nemendafélaga framhaldsskólanna?*

Ójá, því miður. En það stendur til bóta.

Stúlkur gegna einungis formennsku í nemendafélögum fjórða hvers framhaldsskóla. Þetta er meðal þess sem kemur fram í MA-ritgerð Hönnu Bjargar Vilhjálmsdóttur „Ég fékk alltaf hvatningu: leiðtogayngjur í framhaldsskólum.“

Sveitarstjóri Dalabyggðar krefst úrbóta og gefur frest:

# Horuð hross án skjóls og fóðurs

**DÝRAHALD** Tveimur mönnum sem eiga á annan tug hrossa á jörð í Dalabyggð hefur verið gert að bæta fóðrun hrossa sinna þar sem búfjáreftirlitsmaður og héraðsdýralæknir telja hana með öllu óviðunandi. Í bréfi til sveitarstjóra segja þeir hrossin hafa verið orðin ansi aflögð og „sérstaklega voru trippi í hópnum orðin horuð“. Sveitarstjóri hefur gefið eigendum frest fram á mánudag til úrbóta.

Eigendur hrossanna, sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu, hafa ekki farið að lögum um búfjárhald, að sögn Gunnólfs Lárussonar sveitarstjóra. Samkvæmt þeim þarf að vera með skipaðan tilsjónarmann með eyðijörðum, sem sveitarstjórn hefur samþykkt, til að halda búfé á þeim. Sveitarstjórn hefur farið þess á leit við jarðeigendurna en þeir hafa ekki orðið við þeim tilmælum.

Auk holdafars hrossanna bentu búfjáreftirlitsmaður og héraðsdýralæknir á að þau þyrftu að hafa sómasamlegt fóður og húsaskjól í vetur, en hvorugt mun fyrir hendi nú. Ella verði hrossin annaðhvort seld hæstbjóðanda eða komið í sláturhús. Jafnframt benda þeir á að girðingar umhverfis jörðina séu mjög lélegar og þess dæmi að hrossin hafi sloppið upp á Vesturlandsveg. - jss



**HROSS VIÐ TUGGUNA** Þeim sem halda hross á eyðijörðum ber skylda til að skipa tilsjónarmann og hafa á staðnum nægt fóður og skjól.

Efling stéttarfélag:

## Heldur fundi fyrir Pólverja

**VINNUMARKAÐUR Efling stéttarfélag stendur fyrir kynningarfundum fyrir Pólverja í byggingariðnaði og er meiningin að kynna þeim réttindi þeirra og skyldur á íslenskum vinnumarkaði.**

**Tryggvi Marteinsson, þjónustufulltrúi hjá Eflingu, segir að stefnt sé að því að fá alla Pólverjana tólf hundruð, sem starfa í byggingariðnaði hér á landi, á slíkan kynningarfund.**

**Búið er að senda út boðsbréf til fyrstu Pólverjanna og var óformlegur fundur haldinn með þeim nýlega. Pólskur túlkur verður á hverjum fundi.** - ghs



**KYNLÍF** Danir hafa tekið saman hversu margir deyja úr óvörðu kynlífi á ári.

300 Danir deyja á ári:

## Óvarið kynlíf er banvænt

**DANMÖRK Á hverju ári eru 10.000 Danir lagðir inn á sjúkrahús og 300 deyja eftir að hafa stundað óvarið kynlíf, kemur fram í frétt Politiken. Lýðheilsustöð Danmerkur tók saman tölurnar sem sýna að hálft prósent allra dauðsfalla í landinu má rekja til sjúkdóma sem smitast í gegnum óvarið kynlíf.**

**Athygli vekur að slíkt kynlíf virðist mun hættulegra konum en körlum, því þrisvar sinnum fleiri konur deyja vegna þess en karlar. Flestir karlar deyja úr eyðni, en konur úr legkrabbameini og þær konur sem fá eyðni deyja fyrr en karlar með sama sjúkdóm.** - smk

Rússar hækka verð á gasi:

## Georgíumenn borgi tvöfalt

**RÚSSLAND, AP** Ráðamenn ríkisrekins gasfyrirtækis í Rússlandi, Gazprom, tilkynntu í gær að þeir myndu meira en tvöfalda verð á gasi sem þeir selja til nágrannaríkisins, Georgíu.

Utanríkisráðherra Georgíu, Bela Bezhuashvili, tilkynnti á blaðamannafundi að hann hefði þó fengið loforð um að Rússar myndu ekki loka á gasflutning til landsins, líkt og þeir gerðu við Úkraínu fyrr á þessu ári. Samskiptin milli Georgíu og Rússlands hafa verið afar stirð undanfarið, og bætir þessi ákvörðun líklega ekki ástandið. - smk

# Sátt um meginefni fjölmiðlafrumvarps

**Stjórnarandstaðan er hlynnt nýju frumvarpi um fjölmiðla. Í því er kveðið á um að enginn megi eiga meira en fjórðungshlut í fjölmiðli með ráðandi stöðu. Menntamálaráðherra segir fjölmiðlafyrirtækin þurfa að laga sig að því.**

**STJÓRNMÁL** „Það hefur náðst pólitísk sátt um meginlínurnar,“ segir Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, um fjölmiðlafrumvarpið sem menntamálaráðherra mælti fyrir á Alþingi í gær.

Kolbrún segir pólitísk átök að baki, þau hafi farið fram innan nefndarinnar sem vann skýrslu um fjölmiðla en frumvarpið er byggt á henni.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir að náðst hafi þokkaleg niðurstaða í málinu og að mikilvæg ákvæði um dreifiveitur og gagnsæi í eignarhaldi séu í frumvarpinu.

Hún segir skorður við eignarhaldi sanngjarnar og telur ekki að brjóta þurfi fjölmiðlafyrirtækin upp. „Auðvitað má deila um hvert hlutfallið eigi að vera en ég tel að meðalhófs sé gætt og að fjölmiðlafyrirtækin geti lifað við þetta.“

Þótt Magnús Þór Hafsteinsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, sé sammála meginlínunum útilokar hann ekki, frekar en Kolbrún og Ingibjörg Sólrún, að frumvarpið kunni ekki að breytast í meðförum menntamálanefndar. Hann segir að tiltölulega einfalt hafi verið að ná sátt í fjölmiðlanefndinni og að ríkisstjórnin hefði betur stýrt málinu í slíkan farveg haustið 2003. „Þá hefði samfélagið sloppið við þessa tilgangslausustu umræðu sem farið hefur fram á Íslandi,“ segir Magnús Þór og á þar við átökin um fjölmiðlalögin hin fyrstu 2004.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir sáttina í raun meiri en hún hafi búist við og sjáist það ekki síst á því að meirihluti umræðunnar á þingi í gær snerist um gamla frumvarpið og Ríkisútvarpið. „Þetta er mjög viðkvæmt mál sem leiddi til stjórnskipulegrar krísu á sínum tíma en nú er það komið í nýjan farveg,“ segir Þorgerður Katrín. Um áhrif eignarhlutaákvæðisins á fjölmiðlafyrirtækin segir Þorgerður að þau verði að laga sig að því. „Stór eigandi að fjölmiðlum lagði til að eignarhaldið miðaðist við 25 prósent og það er það sem við erum að ræða um.“

Í ræðu sinni staldraði Ingibjörg Sólrún við frumvarpið frá 2004 og sagði himin og haf skilja það og nýja frumvarpið. „Það er ekki hægt að líta öðru vísi á en að menn hafi verið að reyna að brjóta niður 365 fjölmiðla. Þetta var aðför.“



**MÆLT FYRIR FJÖLMIÐLAFRUMVARPINU** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir meiri sátt ríkja á þingi um fjölmiðlafrumvarpið en hún hafi búist við. Málið hafi á sínum tíma leitt til stjórnskipulegrar krísu en sé nú komið í nýjan farveg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hreiðar Már Sigurðsson:

## Umfjöllunin ekki svaraverð

**FJÖLMIÐLAR** „Umfjöllun blaðsins er í raun ekki svaravert“, segir Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, um skrif Ekstra blaðsins um íslenskt viðskiptalíf að undanförnu. Hreiðar segir að umsvif Íslendinga í Danmörku séu orðin veruleg og hafi aukist mjög á stuttum tíma. „Það er líklega þessi snögga framganga sem veldur þessu“, ályktar Hreiðar.



**HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON**

Hreiðar telur að skrif Ekstra blaðsins muni ekki hafa neikvæð áhrif á rekstur fyrirtækisins í Danmörku eða annars staðar. „Það var fyrirsögn hjá TV2 þar sem þessu var líkt við storm í vatnsglasi. Það er kannski besta lýsingin.“ - shá

Frakkar um fjöldamorð:

## Leynd aflétt af Rúandaskjölum

**FRAKKLAND Franska ríkisstjórnin hefur ákveðið að aflétta leynd af skjölum um þjóðarmorðin í Rúanda árið 1994, eftir að franski herinn var kærður fyrir að taka þátt í þeim. Þetta kom fram á fréttavef BBC í gær.**

**Verða 105 skjöl send til dómara, sem ætlað er að rannsaka þessar ásakanir fjögurra manna sem lifðu ofbeldið af.**

**Um 800.000 manns voru myrtir á 100 dögum í ofbeldisöldunni sem öfgasinnaðir hútú-menn beindu gegn tútsum og hófsömum hútúum. Segja hinir eftirlifandi að franskir hermenn hafi nauðgað og myrt fólk, sem og hleypt morðingjum inn í flóttamannabúðir.** - smk


ANGIST OG GLEÐI BERNSKUNNAR



JÓN GNARR: INDJÁNINN - SKÁLDUÐ ÆVISAGA

*„Fæðing mín er annað reiðarslag fyrir fjölskylduna. Að vísu er ég ekki þroskaheftur. Það er léttir. En eftir fæðinguna blasir önnur hryllileg staðreynd við: Ég er rauðhærður. Það hefði ekki getað verið meira áfall þótt ég hefði verið svartur.“*

Indjáninn er áhrifamikil uppvaxtarsaga sem sveiflast á milli strákslegrar gleði og nístandi einmanaleika þess sem ekki er alltaf í takt við umhverfið.




Edda
edda.is


Sameining 365 miðla og Skjásins:

# Ari Edwald segir sameiningu geta verið mjög skynsamlega

**FJÖLMIÐLAR** Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, segir að engar formlegar viðræður hafi farið fram á milli fyrirtækisins og Skjásins um sameiningu fyrirtækjanna.

Ari neitar því hins vegar ekki að aðstandendur fyrirtækjanna hafi „kastað þeirri hugmynd á milli sín“ að sameining þeirra gæti verið skynsamleg.

„Ég held að allir sem þekkja til þessara tveggja fyrirtækja geti verið sammála um að sameining þeirra sé mjög skynsamleg, þó að ýmis ljón séu í veginum. Enda má segja að hugmyndin sem slík hafi oft skotið upp kollinum frá stofnun Skjásins,“ segir Ari.

Að sögn Ara er helstu fyrirstöður sameiningarinnar að eigendur fyrirtækjanna þurfi að máta saman hagsmuni sína áður en formlegar viðræður um hana fara fram, auk þess sem samkeppnisftirlitið kynni að hafa skoðanir á henni. Ari telur jafnframt að þessar fyrirstöður ættu ekki að þurfa að koma í veg fyrir sameiningu fyrirtækjanna ef forsvarsmenn þeirra komast að samkomulagi um hana. Hann bætir því við að sameiningin sé hins vegar aðeins hugmynd um þessar mundir.

Magnús Ragnarsson, sjónvarpsstjóri Skjásins, vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið hafði samband við hann. - ifv



**ARI EDWALD** Forstjóri 365 segir engar „formlegar viðræður“ hafa átt sér stað um sameiningu fyrirtækisins og Skjásins.

KOMIN Í VERSLANIR!

# Hverju má fórna fyrir helsta dýrgrip íslensku þjóðarinnar?






Ungur og bláeygur íslenskufræðingur heldur til náms í Danmörku og hittir þar landa sinn, gamlan prófessor. Prófessorinn býr yfir skelfilegu leyndarmáli sem leiðir hann og lærisvein hans í mikla háskaför um þvera Evrópu – þar sem mannslíf eru léttvæg fundin.

Ný skáldsaga eftir Arnald Indriðason, vinsælasta rithöfund þjóðarinnar. Bækur Arnaldar njóta vaxandi vinsælda um heim allan og hefur enginn íslenskur rithöfundur nokkru sinni náð slíkri útbreiðslu. Arnaldur hlaut á síðasta ári Gullrýtinginn, virtustu glæpasagnaverðlaun heims.

Edda
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## GENGIÐ 2.11.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 67,52 | 67,84 |
| Sterlingspund | 128,93 | 129,55 |
| Evra | 86,16 | 86,64 |
| Dönsk króna | 11,558 | 11,626 |
| Norsk króna | 10,432 | 10,494 |
| Sænsk króna | 9,378 | 9,432 |
| Japanskt jen | 0,5778 | 0,5812 |
| SDR | 100,23 | 100,83 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,1079

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fimmtán ára baráttu Norður-Atlantshafslaxasjóðsins gegn reknetaveiði á laxi lokið:

# Netaveiðum við Írland hætt

**UMHVERFISMÁL** Ríkisstjórn Írlands hefur ákveðið að taka fyrir allar reknetaveiðar á laxi við strendur landsins. Lagt er til algjört bann við reknetaveiðum á laxi frá næstu áramótum og að 30 milljónum evra verði varið til að bæta 877 sjómönnum upp þann tekjumissi sem þeir hljóta af banninu. Þetta er mikill sigur fyrir Orra Vigfússon, formann Norður-Atlantshafslaxasjóðsins (NASF), sem hefur lengi barist fyrir upptöku netanna.

„Ég hef verið þarna með annan fótinn í fjórtán ár og hef hitt alla sjávarútvegsráðherrana frá 1991. Það má segja að verkefni sjóðsins sé nú að mestu lokið því nú hefur verið tekið fyrir nær alla netaveiði í sjó. Hlutur Íra var mjög stór svo þetta er stórsigur.“ Orri segir að NASF þurfi að beita sér fyrir því að hafa gott eftirlit með framkvæmd bannsins á næstu árum.




**BARIST FYRIR LAXINN** Hér er Orri Vigfússon á bílpalli fyrir utan landsfund stærsta stjórnmálaflokks Írlands, Fianna Fail. MYND/OV

Bann við reknetaveiðum Íra kemur mörgum laxastofnum til góða. „Þetta er lax sem gengur frá Frakklandi, Spáni og Þýskalandi. Hér er verið að opna fyrir þann möguleika að endurreisa marga laxastofna í Evrópu sem ekki hefur verið hægt að gera til þessa vegna þessara veiða,“ segir Orri.

Næstu verkefni NASF er að fylgjast með að banninu við Írland verði framfylgt og uppræta laxveiðar í sjó við Noreg, sem eru þær síðustu í Evrópu. **- shá**

Fjögur fíkniefnamál:

# Fíkniefnin voru ætluð til sölu

**LÖGREGLUMÁL Fjögur fíkniefnamál komu til kasta lögreglunnar í Kópavogi í fyrrinótt. Við húsleit á höfuðborgarsvæðinu fannst nokkuð magn af hassi, e-töflum og maríjúana og var tvítugur karlmaður handtekinn á staðnum. Fíkniefnin voru vafin í söluumbúðir og viðurkenndi karlmaðurinn að þau væru ætluð til sölu. Manninum var sleppt að loknum yfirheyrslum en málið er í rannsókn.**

**Þá komu upp þrjú minni háttar fíkniefnamál við götutékk og voru þrír aðilar handteknir en látnir lausir að loknum yfirheyrslum. Þau mál teljast upplýst. - hs**



**GRÆNI KARLINN** Lagt er til að græna konan verði á fimm áberandi stöðum í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Tillaga lögð fram hjá borginni:

# Kona í karls stað á ljósum

**STJÓRNSÝSLA** Tillaga um að gangbrautarljós sýni konu en ekki karl á fimm stöðum í borginni var lögð fram í mannréttindanefnd Reykjavíkurborgar á miðvikudaginn af Bryndísi Ísfold Hlöðversdóttur, fulltrúa Samfylkingarinnar í nefndinni.

Í greinargerð sem fylgdi tillögunni var bent á að skilaboð táknmynda geti haft áhrif á viðhorf fólks og upplifun af samfélagi sínu. Tillögunni var vísað til borgarráðs til frekari umræðu að sögn Bryndísar sem sagði henni hafa verið vel tekið í nefndinni. **- sdg**

## SVÍÞJÓÐ

### Börn og tölvur

Sænsk börn eyða nú mun meiri tíma á netinu en þau gerðu fyrir eingöngu ári síðan, kemur fram í tölum nýrrar rannsóknar sem gerð var á vegum sænska ríkisins. Sérstaklega er aukningin mikil meðal barna á aldrinum níu til tólf ára, en 28 prósent þeirra fara daglega á netið, miðað við 17 prósent þeirra fyrir ári.

# Kerry baðst forláts

**Kosningabaráttan í Bandaríkjunum er að ná hámarki. Stríðið í Írak er sem fyrr mest áberandi af kosningamálunum, en umdeild ummæli Johns Kerrys um bandaríska hermenn hafa dregið að sér athyglina í þessari viku.**

**WASHINGTON, AP** Vandræðaleg uppákoma hjá Demókrataflokknum setti svip sinn á kosningabaráttuna í Bandaríkjunum nú í vikunni, en kosningar verða á þriðjudaginn í næstu viku. John F. Kerry, sem bauð sig fram á móti Bush í forsetakosningunum fyrir tveimur árum, baðst í gær afsökunar á ummælum sínum um bandaríska hermenn, sem repúblikönum og sumum demókrötum þóttu vera niðrandi.

Kerry sagði ummælin reyndar hafa verið „mistúlkuð“ og vonaðist til þess að þau drægju ekki athyglina frá öðru sem máli skipti í aðdraganda kosninganna. Þau hafi einungis verið misheppnaður brandari. Hins vegar sagðist hann innilega iðrast ummælanna og bað alla bandaríska hermenn, fjölskyldur þeirra og þjóðina alla afsökunar.

Ummælin umdeildu féllu á fundi með háskólanemum í Kaliforníu á mánudaginn. Hann hvatti stúdentana til þess að sinna náminu vel, að öðrum kosti gætu þeir á endanum orðið „fastir í Írak“, og þótti með þessu gefa í skyn að þeir sem legðu fyrir sig hermennsku væru verri námsmenn.

Stríðið í Írak hefur verið mest áberandi kosningamálið undanfarnar vikur og virðist ætla að kosta Repúblikanaflokkinn töluvert fylgi.

Skoðanakannanir hafa undanfarið bent til þess að Repúblikanaflokkurinn muni missa meirihluta sinn, annaðhvort í báðum þingdeildum eða annarri þeirra. Fari svo, þá verður George W. Bush forseti illa staddur síðustu tvö árin í þessu valdamikla embætti, þar sem hann þyrfti jafnan á stuðningi andstæðinga sinna að halda til þess að koma málum í gegnum þingið.



**FORSETINN SEGIST SIGURVISS** Bush er á ferð og flugi milli kosningafunda þessa dagana. Þarna er hann að leggja af stað frá Washington vestur á bóginn til Nevada, Montana og Missouri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bush sagðist hins vegar í gær vera sannfærður um að Repúblikanaflokkurinn héldi meirihluta sínum í báðum þingdeildum. Hann hélt síðan frá Washington vestur á bóginn þar sem hann ætlaði að koma fram á kosningafundum, en bæði Bush forseti og Laura eiginkona hans hafa mætt á fjölmarga kosningafundi vítt og breitt um landið síðustu dagana.

„Ég trúi því ekki að þetta sé búið fyrr en allir eru búnir að kjósa,“ sagði Bush og virtist vongóður. „Og ég trúi því að fólk hafi áhyggjur af því hvað það borgar mikið í skatta, og ég veit að margir hafa áhyggjur af því hvort landið sé varið gegn árásum eða ekki.“

gudsteinn@frettabladid.is

Nýr forseti Norðurlandaráðs:

# Áhersla á norðurslóðir

**KAUPMANNAHÖFN** Norski þingmaðurinn Dagfinn Høybraten var í gær kjörinn forseti Norðurlandaráðs.

Hann segist meðal annars vilja beina sjónum norræns samstarfs að málefnum norðurslóða, bæði gagnvart Evrópusambandinu, Bandaríkjunum og Rússlandi. Noregur tekur á næsta ári einnig við formennsku í Norðurskautsráðinu – reyndar munu Norðurlönd gegna þeirri formennsku hvert á eftir öðru næstu sex ár – og það vill Høybraten nýta til að hámarka árangur í þessum málaflokki.



**DAGFINN HØJBRATEN**

Høybraten er formaður Kristilega þjóðarflokksins í Noregi og var félagsmálaráðherra í síðustu stjórn Kjell-Magne Bondevik. Hann er mikill áhugamaður um hestamennsku og á þrjá íslenska hesta. **- aa**

Reykjavík:

# Leigubílar á strætóbraut

**SAMGÖNGUR Leigubílar í akstri með farþega fá framvegis forgang á aðra bílaumferð á götum borgarinnar. Framkvæmdaráð Reykjavíkur hefur samþykkt að leigubílum sé heimilt að aka á sérakreinum strætisvagna þar sem þær eru, til dæmis á Miklubraut í Reykjavík.**

**Það skilyrði er sett að leigubílar nýti eingöngu akreinarnar þegar um farþegaflutninga gegn gjaldi er að ræða. Ákvörðun þessi var tekin að fenginni umsögn lögreglustjórans í Reykjavík. - gar**


BÍLL DAGSINS

SUBARU FORESTER CS

Nýskr. 10.06 - Beinskiptur - Ekinn 1 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VOND SPÁ UM HELGINA**

Aðfaranótt sunnudagsins ganga mjög skörp skil yfir landið og er mjög hvasst við og í kringum þau. Eftir því sem líður á laugardeginn bætir stöðugt í vind á landinu, fyrst vestan til en síðan víðar. Eru horfur á að aðfaranótt sunnudagsins verði vindhraði á landinu vestanverðu 28-30 m/s, hvassast á Snæfellsnesi og sunnanverðum Vestfjörðum. Ég hvet því fólk sem ætlar úr bænum að fylgjast náið með spánum.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Suðvestan 5-10 og skúrir. Hiti 8-11 stig.

um hádegi »



» á morgun



Vaxandi suðaustan átt. Hvassviðri eða stormur vestan til um kvöldið. Hægari eystra.

» sunnudagur



Víðast 15-23 m/s.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6°C léttskýjað | London | 10°C skýjað | Alicante | 19°C rigning |
| Þórshöfn | 11°C skúrir | París | 11°C léttskýjað | Barcelona | 16°C léttskýjað |
| Osló | 3°C skýjað | Frankfurt | 6°C skýjað | Algarve | 22°C rigning |
| Stokkhólmur | 2°C skýjað | Friedrichshafen | 0°C snjóél | Krít | 21°C skúrir |
| Gautaborg | 5°C skúrir | Berlín | 5° Chálfskýjað | Las Palmas | 26°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Nautaat um helgina

## 25-40% afsláttur

### af íslensku nautakjöti



















Gildir til 5. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KJÖRKASSINN



*Vilt þú að Landsvirkjun verði einkavædd?*

| | |
|---|---|
| Já | 17,5% |
| Nei | 82,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Eru jólainnkaup hafin á þínu heimili?*

Segðu skoðun þína á visir.is VÍSIR

Guðlaugur Þór Þórðarson sagður hafa verið með betri flokksskrá en aðrir frambjóðendur í prófkjöri flokksins:

# Fundað um flokksskrár Sjálfstæðisflokks

**STJÓRNMÁL** Framkvæmdastjórn Sjálfstæðisflokksins mun taka fyrir deilur um flokksskrár Sjálfstæðisflokksins á fundi á mánudagsmorgun. Engra tíðinda er að vænta frá flokknum fyrr en eftir þann fund samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Gísli Freyr Valdórsson starfsmaður Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórnarkosningunum síðastliðið vor heldur því fram að að kosningaskrifstofa Guðlaugs Þórs Þórðarsonar hafi ein haft aðgang að flokksskrá sjálfstæðismanna sem var uppfærð fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor.

Gísli, sem var kosningastjóri Birgis Ármannssonar í prófkjöri síðustu helgar, segir að gildra sem hann hafi lagt fyrir stuðningsmenn Guðlaugs þegar skrárnar voru uppfærðar styrki skoðun hans. Þá breytti hann númerum hjá félögum sínum. „Það var einungis hringt í okkur frá Guðlaugi Þór.“

Í yfirlýsingu sem Guðlaugur Þór Þórðarson sendi frá sér vegna málsins var tekið fram að ásakanir Gísla Freys hafi áður komið fram og verið afsannaðar með rannsókn starfsmanna Valhallar á gögnum hans. Guðlaugur Þór vildi ekki tjá sig opinberlega um málið þegar Fréttablaðið leitaði til hans og sagði það innanflokksmál.



**VALHÖLL** Sjálfstæðismenn deila um flokksskrár í prófkjöri síðustu helgar.

Gísli segist ekki hafa komið fram fyrr vegna þess að hann hafi ekki viljað hafa óeðlileg áhrif á prófkjörið. Kjartan Gunnarsson, fráfarandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, sagði nýverið í samtali við NFS að ef einhver frambjóðendanna um síðustu helgi hefði komist yfir aðra flokksskrá en þá sem var í boði fyrir alla frambjóðendur, þá sé það hreinn stuldur. Honum væri þó ekki kunnugt um aðra skrá en þá sem stóð öllum frambjóðendum til boða. Gísli Freyr segir klárt að slík skrá sé til. „Í nafni flokksins var hringt í alla flokksmenn fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor. Þá voru sett inn ný símanúmer og framkvæmd góð uppfærsla í rauninni. Svo virðist vera að flokksskráin sem er síðan gefin út í haust sé ekki jafn góð.“ **- þsj**

Starfsgreinasambandið:

## Karlar með 42 prósenta hærri laun en konur

**VINNUMARKAÐUR Heildarlaun karla sem eru félagar innan Starfsgreinasambandsins eru að meðaltali rúmlega 42 prósentum hærri en laun kvenna í sömu félögum. Þetta kemur fram í könnun sem Capacent Gallup vann í haust.**

**Meðalvinnutími hjá fólki í fullu starfi er ríflega 51 stund á viku og hefur vinnustundum fjölgað um eina á viku frá árinu 1998 en vinnutími hefur almennt styst um tvær stundir. Þetta kemur fram á heimasíðu Starfsgreinasambandsins.**

**Meðalheildarlaun fólks í fullu starfi eru 245 þúsund krónur, eða 276 þúsund hjá körlum og 194 þúsund hjá konum. Karlar vinna að meðaltali 55,3 stundir á viku en konur um tíu stundum minna, eða 44,6 stundir.**

**Meðalyfirvinnustundir á landinu öllu eru ríflega ellefu stundir á viku.** **- ghs**

Verkalýðsfélag Akraness:

## Pólverji fær greitt að fullu

**VINNUMARKAÐUR** Verkalýðsfélag Akraness telur að rúmlega 174 þúsund krónur vanti upp á að laun pólsks verkamanns nái þeim lágmarkslaunum eftir þriggja mánaða vinnu. Félagið hefur að undanförnu verið að aðstoða Pólverjann við að leita réttar síns hjá fyrirtækinu.
Pólverjinn leitaði ekki til félagsins fyrr en eftir að hann hætti störfum hjá fyrirtækinu af ótta við að missa vinnuna. Í frétt á vef félagsins kemur fram að vinnuveitandinn hafi fallist á að greiða Pólverjanum að fullu en hann hafi áður talið sig vera að gera vel við hann. **- ghs**

# Kaup Íslandspósts á Samskiptum umdeild

**Sigurður Kári Kristjánsson segir kaup Íslandspósts á prentfyrirtækinu Samskiptum óþörf og til þess fallin að þenja út starfsemi ríkisins að óþörfu. Kaupin eru hluti af framtíðaráformum Íslandspósts, segir forstjóri fyrirtækisins.**

**FYRIRTÆKJAKAUP** Íslandspóstur, sem er að fullu í eigu íslenska ríkisins, festi á dögunum kaup á prentfyrirtækinu Samskiptum.

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, telur kaupin vanhugsuð og til þess fallin að þenja út starfsemi íslenska ríkisins að óþörfu. „Íslandspóstur starfar í skjóli einkaleyfis og ætti að einbeita sér að starfsemi sem fellur undir eiginlegt hlutverk fyrirtækisins. Íslandspóstur ætti því fyrst og fremst að einbeita sér að rekstri fyrirtækisins á grundvelli yfirlýsts hlutverks, en ekki á kaupum á einkafyrirtækjum sem þar að auki eru með starfsemi á allt öðrum sviðum.“

Gengið var frá kaupunum 30. október síðastliðinn en kaupverð fæst ekki uppgefið, á grundvelli samkomulags sem fyrrverandi eigandi Samskipta, Eiríkur Víkingsson, gerði við forsvarsmenn Íslandspósts. Fréttablaðið hefur óskað eftir upplýsingum um kaupverðið á grundvelli upplýsingalaga, þar sem Íslandspóstur er að fullu í eigu íslenska ríkisins.

Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts, segir kaupin á Samskiptum vera hluta af hugmyndum um eflingu fyrirtækisins til framtíðar litið. „Kaupin á Samskiptum eru liður í framþróun Íslandspósts. Til framtíðar litið, ætlum við okkur að nútímavæða starfsemi með þarfir neytenda í huga sem taka sífelldum breytingum. Íslandspóstur er með einkaleyfi á hluta starfseminnar og við þurfum að undirbúa fyrirtækið fyrir þá breytingu þegar einkaleyfið fellur úr gildi, en stefnt er að því að það gerist árið 2009.“



**KAUPIN HANDSÖLUÐ** Eiríkur Víkingsson, fyrrverandi eigandi Samskipta, og Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts, sjást hér takast í hendur er gengið var frá kaupum á Samskiptum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÍRISRUT

Samkvæmt opinberum upplýsingum hefur Íslandspóstur fyrst og fremst það „hlutverk að veita almenna sérhæfða bréfa-, pakka- og sendingaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki,“ eins og segir orðrétt í umfjöllun Íslandspósts um hlutverk og stefnu fyrirtækisins.

> „Íslandspóstur starfar í skjóli einkaleyfis og ætti að einbeita sér að starfsemi sem fellur undir eiginlegt hlutverk fyrirtækisins.
>
> **SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON**
> ÞINGMAÐUR

Ingimundur segir starfsemi Samskipta falla vel að framtíðarhugmynd stjórnar Íslandspósts um hlutverk þess. „Vettvangur félagsins er býsna rúmt skilgreindur, samkvæmt samþykktum félagsins. Fyrirtækið er rekið eins og hvert annað hlutafélag og við, sem erum í forsvari fyrir fyrirtækið, verðum því alltaf að vera opin fyrir nýjungum á sviðum sem tengst geta okkar starfssviði.“

Hjá Samskiptum er 31 starfsmaður en velta fyrirtækisins á síðasta ári var tæpar 300 milljónir króna. Í stjórn Íslandspósts sitja Björn Viðar Arnviðarson stjórnarformaður, Ellert Kristinsson, Elías Jónatansson, Guðmundur Oddsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Lilja Rafney Magnúsdóttir og Ólafur Sigurðsson.

**magnush@frettabladid.is**



**SIGURVIN JÓNSSON** Hlaut verkefnastyrk Félagsstofnunar stúdenta.

Félagsstofnun stúdenta:

## Sigurvin fékk verkefnastyrk

**STYRKVEITING** Í gær var verkefnastyrkur Félagsstofnunar stúdenta afhentur. Það var Sigurvin Jónsson sem hlaut styrkinn fyrir kjörsviðsritgerð sína til embættisprófs í guðfræði. Ritgerðin ber titilinn ¿Jesúhefðin og hin himneska sófía: Eðli og birting spekinnar í Jakobsbréfi, Ræðuheimildinni og gyðing-kristnum bókmenntum í ljósi helleníska og gyðinglegra spekihefða.¿ **- hs**

Dýraverndunarsamtök:

## Safna fé á Ebay til kaupa á hval

**HVALVEIÐAR Dýraverndunarsamtökin WSPA í Bretlandi nota nú eBay-uppboðsvefinn til að safna fé til að kaupa einni langreyði líf af þeim níu sem leyft hefur verið að veiða. Þetta kemur fram á vef samtakanna sem hafa komist að því að hvalslíf kostar tæpar þrettán milljónir króna sé miðað við verð á hvalaafurðum á heimsmarkaði.**

**Einnig kemur fram á heimasíðu samtakanna að ef ríkisstjórn Íslands vill ekki ganga til samninga verði fénu varið til baráttunnar gegn hvalveiðum, hvar sem hennar er þörf. Ekki ætla samtökin aðeins að bjarga einum hval heldur eins mörgum og söfnunarféð gefur tilefni til í framtíðinni.** **- shá**


Kjósum unga konu til áhrifa



kynntu þér stefnumálin á www.bryndisisfold.com

Bryndís Ísfold 6. sæti

Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir býður sig fram í 6. sæti i prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík, 11. nóvember nk.


Borgarstjóri seldi hlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun fyrir of lágt verð:

# Ekki tekið mið af 91 milljarðs verðmætamati

**STJÓRNMÁL** Á borgarráðsfundi í gær lögðu fulltrúar Samfylkingarinnar fram bókun um að borgarstjóri Reykjavíkur hafi selt hlut borgarinnar í Landsvirkjun fyrir óviðunandi verð. En hluturinn var seldur miðað við að heildarverðmæti fyrirtækisins væri 61 milljarður.

Samkvæmt verðmætamati sem ParX, viðskiptaráðgjöf IBM, vann var heildarverðmæti fyrirtækisins hins vegar um 91 milljarður.

Verðið sem Reykjavíkurborg seldi hlutinn á miðast því við að verðmætamat fyrirtækisins sé 30 milljörðum lægra en samkvæmt verðmætamatinu. Kaupverðið er nánast það sama og rætt var um í samningaviðræðum borgarinnnar og ríkisins þegar slitnaði upp úr þeim síðastliðinn janúar.



**DAGUR B. EGGERTSSON** Borgarfulltrúinn segir að hlutur Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun hafi verið seldur fyrir smánarverð.

Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi, oddviti Samfylkingarinnar í borgarráði, segir að í janúar hafi allir kjörnir borgarfulltrúar verið sammála um að þeir rúmlega 25 milljarðar sem ríkið vildi greiða fyrir hlutinn, sem byggt var á því mati að heildarverðmæti fyrirtækisins væri 61 milljarður, væri of lágt verð. Nú hefur Reykjavíkurborg selt hlutinn fyrir það verð án þess að tekið hafi verið mið af 91 milljarðs verðmætamatinu.

„Okkur óraði ekki fyrir því að borgarstjóri myndi ekki taka mið af nýju verðmætamati og selja hlutinn á verði sem er fjarri því að vera ásættanlegt,“ segir Dagur.

Fyrirspurnir fulltrúa Samfylkingarinnar verða teknar fyrir á borgarráðsfundi í næstu viku. **-ifv**


EKKI SEINNA
EN NÚ ÞEGAR
KB BANKI
Byrjaðu strax að leggja grunninn að fjárhagslegu frelsi þínu svo þú eigir kost á að gera það sem þú vilt – þegar þú vilt. Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 444 7000 eða á kbbanki.is – ekki seinna en nú þegar!
Þegar er fjármálaráðgjöf og langtímasparnaður.

## VEISTU SVARIÐ?



**1** *Hvað heitir hverfisbúðin í Skipasundi sem átti 75 ára afmæli á miðvikudaginn?*

**2** *Hvað heitir nýja bókin hans Arnalds Indriðasonar?*

**3** *Hvaða íslenski listamaður seldi verk fyrir 18 milljónir króna á uppboði hjá Christie´s í London á þriðjudaginn?*

**SVÖRIN ERU Á BLS. 62**

Skip sökk í aftakaveðri í Eystrasalti:

# Tveir skipverjar fórust í sjóslysi

**NORÐURLÖND, AP** Tveir fórust þegar sænskt fraktskip sökk í aftakaveðri á Eystrasalti seint á miðvikudagskvöldið.

Björgunarmönnum tókst að bjarga þrettán manns um borð í þyrlu, en leit að fjórtánda áhafnarmeðlimnum bar ekki árangur og er hann talinn látinn.

Þyrlan flutti alla þá sem bjargað hafði verið á sjúkrahús í Kalmar í Svíþjóð, og lést einn þeirra þar.

Áhöfnin, sem í voru fjórir Svíar og tíu Filippseyingar, stökk í sjóinn þegar skipið, Finnbirch, sökk milli Gautlands og Svíþjóðar. Aftakaveður var á svæðinu og náðu öldurnar fimm metra hæð, og gerði ölduhæðin björgunarmönnum mjög erfitt fyrir.



**SKIP SEKKUR** Finnbirch sökk í Eystrasalti á miðvikudag. NORDICPHOTOS/AFP

Um 260 tonn af olíu eru um borð og óttast sænska landhelgisgæslan að olían leki úr skipinu, segir á fréttavef danska blaðsins Politiken.

Ekki er ljóst hvað olli því að skipið sökk, en það liggur nú á 70 metra dýpi.

„Við getum bara giskað á orsökina, við höfum ekki nægar upplýsingar,“ sagði Jan Larsen, forstjóri Lindholm Shipping, eiganda Finnbarch.

Skipið var á leið frá Helsinki í Finnlandi til Árósa í Danmörku þegar slysið varð. - smk

Norskur starfsmaður:

# Misnotaði fatlaðan í 16 ár

**NOREGUR Sextíu og níu ára gamall stuðningsfulltrúi játaði fyrir rétti í Björgvin í Noregi í gær að hafa kynferðislega misnotað líkamlega fatlaðan mann í sextán ár samfleytt. Þetta kemur fram í norska blaðinu Aftenposten.**

**Hann er sakaður um að hafa notað sér stöðu sína til að verða sér úti um kynlíf með fatlaða manninum, sem er 44 ára.**

**„Þetta var mikið áfall. Hann var sem einn af fjölskyldunni,“ sagði faðir fatlaða mannsins við blaðamenn í gær.** - smk




# Sátt um Siv í fyrsta sætinu í Kraganum

**Framsóknarmenn í Suðvesturkjördæmi ganga frá framboðslista sínum á auka kjördæmisþingi á laugardag. Siv Friðleifsdóttir sækist ein eftir fyrsta sætinu en fjórir vilja annað sætið. Framsóknarmenn eiga eitt þingsæti í kjördæminu.**

**STJÓRNMÁL** Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingaráðherra, er óskoraður leiðtogi framsóknarmanna í Suðvesturkjördæmi. Hún gefur ein kost á sér í fyrsta sæti á lista flokksins fyrir þingkosningarnar í vor en valið verður á listann á auka kjördæmisþingi á laugardag.

Það má heita táknrænt fyrir styrk og stöðu Sivjar að þingið er haldið í heimabæ hennar, Seltjarnarnesi.

Baráttan um annað sætið er á hinn bóginn hörð og eftir því sækjast Gísli Tryggvason, Samúel Örn Erlingsson, Una María Óskarsdóttir og Þórarinn E. Sveinsson.

Una og Þórarinn hafa bæði verið varaþingmenn og tekið sæti á Alþingi. Gísli hefur starfað innan Framsóknarflokksins undanfarin ár en Samúel vakti fyrst athygli í stjórnmálum þegar hann tók þátt í prófkjöri framsóknarmanna fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í Kópavogi í vor.

Kosningin fer þannig fram að kosið er í hvert sæti fyrir sig og þarf fimmtíu prósent atkvæða til að hljóta sætið.

Um 380 eiga rétt til setu á þinginu og bárust fulltrúaskrár frambjóðendum í byrjun viku. Hafa þeir varið vikunni í að kynna þingfulltrúum stefnumál sín og kosti.

Siv Friðleifsdóttir er eini þingmaður Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi en Páll Magnússon er fyrsti varamaður hennar þetta kjörtímabilið.

Siv hefur setið á þingi síðan 1995, fyrst í Reykjaneskjördæmi.

bjorn@frettabladid.is



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR** Umhverfisráðherra er óskoraður leiðtogi Framsóknarmanna í Suðvesturkjördæmi. Baráttan um annað sætið er hörð. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**ÞAU SÆKJAST EFTIR SÆTI**

| | |
|---|---|
| 1. sæti | Siv Friðleifsdóttir |
| 2. sæti | Gísli Tryggvason |
| | Samúel Örn Erlingsson |
| | Una María Óskarsdóttir |
| | Þórarinn E. Sveinsson |
| 3.-6. sæti | Hlini Melsteð Jóngeirsson |
| 4. sæti | Kristbjörg Þórisdóttir |
| 4.-6. sæti | Gunnleifur Kjartansson |




Samtök atvinnulífsins gagnrýna frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf.:

# RÚV mun fá algjöra yfirburði

**FJÖLMIÐLAR** Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, skrifar á heimasíðu samtakanna í gær að breyting Ríkisútvarpsins í opinbert hlutafélag muni valda því að veruleg röskun verði á íslenskum fjölmiðlamarkaði í heild. Vilhjálmur segir að þó að sérstaklega sé kveðið á um fjárhagslegan aðskilnað á milli útvarpsþjónustu í almannaþágu og annars reksturs, sé það ekki líklegt til árangurs vegna þess að skilgreiningin sé svo rúm að hún nái yfir langstærstan hluta starfseminnar. „Því er hætt við að mjög þrengi að keppinautum Ríkisútvarpsins og það fái algjöra yfirburði á markaðnum,“ segir Vilhjálmur.

Ef frumvarpið verður að lögum óbreytt, segir Vilhjálmur að framboð af efni verði fábreyttara og einhæfara en nú, enda muni RÚV fá tæpa þrjá milljarða afhenta fyrirhafnarlaust frá skattgreiðendum. Á meðan þurfi önnur fyrirtæki að leggja enn stífari mælikvarða á arðsemi á allt sitt efnisframboð og geta tekið takmarkaða áhættu í sínu starfi. „Þess vegna verður aldrei friður um Ríkisútvarpið ohf. í fyrirhugaðri mynd,“ segir Vilhjálmur og jafnframt að heppilegra sé að RÚV starfi á sambærilegum grunni og önnur fyrirtæki á fjölmiðlamarkaði. - shá

Sigurður Kári Kristjánsson:

## Athugasemdirnar alvarlegar

Viðbrögð mín við skrifum Vilhjálms Egilssonar eru þau að ljóst er að þessar athugasemdir frá Samtökum atvinnulífsins eru alvarlegar. Ég og við sem í nefndinni sitjum munum taka þær til rækilegrar skoðunar við vinnslu málsins,“ Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar alþingis. „Ég mun ekki tjá mig um þessar hugleiðingar Vilhjálms að svo stöddu en mun fara yfir þær af nákvæmni við afgreiðslu málsins í heild.“



Mörður Árnason:

## Hlutverk RÚV þarf að vernda

„Ég er sammála Vilhjálmi um að í frumvarpinu eru ekki nægilega góðar skilgreiningar um hlutverk miðilsins, en ég tel að sterkt og sjálfstætt almannaútvarp eigi að vera til,“ segir Mörður Árnason sem situr í menntamálanefnd Alþingis fyrir Samfylkinguna. Mörður segir jafnframt að til að skapa frið á markaðnum þurfi Ríkisútvarpið að vera til í krafti sérstöðu sinnar. „Það sem gerir þetta erfitt hjá okkur er samkeppni um auglýsingar og kostun. Okkar hugmynd er að draga úr umsvifum RÚV á þeim markaði svo það sé ekki að haga dagskrá sinni samkvæmt sókn í auglýsingar og kostun.“




Heimilið
Börn
Snyrtivörur
Dömur
Herrar
SENSAI PREMIER
THE EYE CREAM
Kanebo
SENSAI PREMIER THE CREAM
Komdu í Debenhams í dag eða á morgun, laugardag
Sérfræðingar frá Kanebo kynna unaðslega viðbót við Kanebo Premier línuna.
Í dag og á morgun stendur viðskiptavinum til boða að panta sér tíma í létt, slakandi andlitsbað, með húðgreiningu, andlitshreinsun, nuddi og tvöföldum raka, eða eingöngu í förðun. Pöntunarsíminn er 551 2025.
Kynningin stendur yfir vikuna 2. - 8. nóvember.
DEBENHAMS
-FER ÞÉR VEL!
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 34840 10/2006



**FIMLEIKAR** Þessir ungu kínversku fimleikamenn sýndu listir sínar við lok alþjóðlegrar fimleikahátíðar í Wuhan í Kína í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íranar skýra frá úrslitum umdeildrar teiknimyndasamkeppni um helförina:

# Reyna á þolmörk Vesturlanda

**ÍRAN** Teiknimyndahöfundur frá Marokkó, Abdollah Derkaoui að nafni, bar sigur úr býtum í teiknimyndasamkeppni sem efnt var til í Íran nú í sumar. Frá úrslitunum var skýrt í gær, en viðfangsefni keppninnar var helförin.

„Hvar liggja mörk vestræns tjáningarfrelsis?“ var yfirskrift keppninnar, en þema hennar var önnur spurning: „Hvers vegna skyldu Palestínumenn gjalda fyrir söguna af helförinni?“

Myndir í keppnina bárust frá fjölmörgum löndum, þar á meðal Bandaríkjunum, Ítalíu, Frakklandi og Brasilíu. Margar af myndunum sýna gyðinga misnota hörmungarsögu helfararinnar til þess að kúga Palestínumenn, jafnvel með sambærilegum hætti og þýskir nasistar böðluðust á gyðingum á sínum tíma. Mörgum þykir með því harla lítið gert úr alvöru helfararinnar, ekki síst í ljósi þess að ráðamenn í Íran hafa áður látið í ljósi efasemdir sínar um að helförin hafi nokkru sinni átt sér stað.



**FRÁ SÝNINGUNNI Í TEHERAN** Undanfarnar vikur hafa teiknimyndirnar, sem bárust í keppnina, verið til sýnis í höfuðborg Írans. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

„Írönsk stjórnvöld hafa því miður gengið til liðs við hinn klámfengna kór afneitara helfararinnar,“ hafði til dæmis AP-fréttastofan eftir Mark Regev, talsmanni utanríkisráðuneytisins í Ísrael.

Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, lýsti einnig yfir óánægju sinni með samkeppnina þegar hann var á ferð í Íran nú í september. - gb

Skíðasvæðið í Oddsskarði:

# Kaupa tæki til snjóframleiðslu

**SKÍÐASVÆÐI Bæjarráð Fjarðabyggðar hefur samþykkt að kaupa snjóframleiðsluvélar á skíðasvæðið í Oddsskarði.**

**Smári Geirsson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð, segir snjóframleiðsluútbúnaðinn kosta um 5–6 milljónir og áætlaður rekstrarkostnaður er á bilinu 500–700 þúsund krónur á ári. Lítill snjór hefur verið á svæðinu undanfarin ár sem er ástæða þess að ráðist er í kaup á snjóframleiðslutækjum.**

**Smári reiknar með að búnaðurinn verði notaður við byrjendalyftuna en með honum verður hægt að framleiða um 10–15.000 rúmmetra af snjó. - hs**

Fjögurra mánaða fangelsi:

# Fíkniefnasali dæmdur

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur maður var á mánudag dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness fyrir brot á fíkniefna-, tollaog vopnalögum. Hann hafði verið handtekinn fjórum sinnum á rúmlega þremur mánuðum í kringum síðustu áramót.

Hann gekkst að mestu við brotum sínum og fullyrti að hann hefði látið af neyslu fíkniefna. Því þótti við hæfi að skilorðsbinda dóminn. - þsj

**SVÍÞJÓÐ**

### Óskað eftir vopnum

Sænska ríkisstjórnin hefur ákveðið að Svíar geti skilað ólöglegum og óskráðum vopnum til lögreglu án ákæru fyrir eigu þeirra. Sakaruppgjafartímabilið mun vara frá mars og fram í maí. Árið 1993 skiluðu Svíar 17.000 byssum til lögreglu í svipuðu átaki.

**FRÍSTUNDAHEIMILI**

### 110 börn bíða

Nú bíða 110 skólabörn í Reykjavík eftir að komast að á frístundaheimilum og 36 starfsmenn vantar enn til starfa. Alls eru 2.298 börn komin inn á frístundaheimilin.

**BJÖRGUNARSVEITARMENN AÐ STÖRFUM** Nánast allt rekstrarfé björgunarsveitanna er fengið með frjálsum fjárframlögum. Því er söfnun helgarinnar gífurlega mikilvæg starfseminni.








# Landsbjörg aflar fjár með neyðarkalli

**Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur í dag sölu á svokölluðum neyðarkalli. Hann verður seldur um helgina í fjáröflun Landsbjargar til styrktar starfsemi sinni. Fjáröflunin hefur mikla þýðingu fyrir starfsemina segir Landsbjörg.**

**SLYSAVARNIR** Slysavarnafélagið Landsbjörg mun um komandi helgi standa að fjáröflun um allt land til styrktar uppbyggingarstarfi félagsins. Jón Ingi Sigvaldason, markaðs- og sölustjóri Landsbjargar, segir að farin verði ný leið í fjáröfluninni í ár. „Við erum að fara að selja lítinn neyðarkall á 1.000 krónur stykkið. Hugmyndin er fengin frá systursamtökum okkar í Bretlandi, bresku sjóbjörgunarsamtökunum. Þeir hafa verið með svona fígúrur sem þeir hafa verið að selja í gegnum árin. Við höfum verið að selja merki í gegnum tíðina og vorum að velta því fyrir okkur að gera slíkt aftur. En okkur fannst þetta alveg stórsniðug hugmynd hjá þeim í Bretlandi og fengum hana því að láni.“

Hann segir að svona söfnun hafi mikla þýðingu fyrir Landsbjörg og vera mjög mikilvægt fyrir rekstur björgunarsveita félagsins sem sé afar dýr. „Nánast allt okkar fé er fengið með frjálsum fjárframlögum. Við lifum á flugeldasölu og svona söfnunum. Allir sem eru í björgunarsveitum Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru sjálfboðaliðar. Þeir eru tilbúnir til að fara út og bjarga hverjum sem er hvenær sem er. Það er aldrei spurt um hver sé týndur. Við þurfum einfaldlega á þessu fé að halda til að starfrækja sveitirnar okkar og halda þeim gangandi.“



**NEYÐARKALLINN**

Meðal þess sem peningarnir sem safnast renna til er Björgunarskóli Slysavarnafélagsins. „Björgunarskólinn er farandsskóli og heldur yfir 250 námskeið á ári víðs vegar um landið. Það skiptir engu máli hvort sveitin er lítil eða stór, það er farið með þessi námskeið út um allt. Það er mjög mikilvægt enda eru skólarnir okkar að mennta menn sem síðar geta bjargað mörgum.“

Sala neyðarkallanna mun hefjast í dag klukkan 17 og standa yfir helgina og mun Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, af því tilefni selja fyrsta neyðarkallinn í Smáralindinni. Gengið verður í hús úti á landi en að sögn Jóns Inga verður sá háttur ekki hafður á höfuðborgarsvæðinu. „Þar mun sölufólk standa við verslunarmiðstöðvar og í raun alls staðar þar sem fólk kemur saman. Undirtektirnar hafa líka verið mjög góðar þótt við séum ekki byrjuð að selja. Fólk er farið að hringja og spyrja hvar það geti fengið kallana. Það er líka mjög gott að vera með neyðarkall í vasanum. Maður veit aldrei hvenær maður þarf á honum að halda. Ég reikna með því að neyðarkallinn sé kominn til að vera.“ thordur@frettabladid.is


PI PAR • SÍA • 60574



# Réttu hjálparhönd

Félagsþjónusta Kópavogs óskar eftir að ráða fólk í heimaþjónustu.
Fjölbreytt og gefandi starf með sveigjanlegum vinnutíma.
Heilsdags- og hlutastörf. **Kynntu þér kjörin, þau koma á óvart!**
Nánari upplýsingar veita þjónustustjórar heimaþjónustunnar í síma **570 1400**.
*www.kopavogur.is*

Meginmarkmið Félagsþjónustu Kópavogs er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi Kópavogsbúa á öllum aldri svo þeir fái tækifæri til að taka virkan þátt í samfélaginu.

Félagsþjónusta Kópavogs


Verkalýðsfélag Akraness:

# Útlendingum fjölgar

**AKRANES Erlendum félagsmönnum í Verkalýðsfélagi Akraness hefur fjölgað gífurlega að undanförnu. Þeir eru nú um 200 talsins eða um níu prósent af fullgildum félagsmönnum. Þetta kemur fram á vef Verkalýðsfélagsins. Langflestir af erlendu starfsmönnunum koma frá Póllandi, eða um 120 manns. Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir að sennilega séu fleiri erlendir menn að starfa á félagssvæðinu en þeir séu bara ekki tilkynntir til Vinnumálastofnunar og því ekki vitað um þá. - ghs**

# Prófkjör

## Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi laugardaginn 4. nóvember


Anna Sigríður Guðnadóttir


Árni Páll Árnason


Bjarni Gaukur Þórmundsson


Bragi Jens Sigurvinsson


Guðmundur Steingrímsson


Guðrún Bjarnadóttir


Gunnar Axel Axelsson


Gunnar Svavarsson


Jakob Frímann Magnússon


Jens Sigurðsson


Katrín Júlíusdóttir


Kristín Á. Guðmundsdóttir


Kristján Sveinbjörnsson


Magnús M. Norðdahl


Sandra Franks


Sonja B. Jónsdóttir


Tryggvi Harðarson

Kjósa skal 8 frambjóðendur með því að raða þeim í sæti 1-8 með tölustöfunum 1-8.


Valdimar Leó Friðriksson


Þórunn Sveinbjarnardóttir

# Kjörstaðir

Kjörstaðir eru opnir frá kl. 10.00 til 20.00, nema í Kjós þar er kosið frá kl. 12.00 – 14.00.

**Hafnarfjörður**:
Gamli Lækjarskólinn

**Álftanes**:
Skátaheimilið Skátakot við Breiðumýri

**Garðabær**:
Garðatorg 7

**Kópavogur**:
Hamraborg 11, 3. hæð

**Seltjarnarnes**:
Valhúsaskóli við Suðurströnd

**Mosfellsbær**:
Þverholt 3

**Kjós**: Kaffi Kjós við Meðalfellsvatn

**Atkvæðaseðill**
**Í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi**
**4. nóvember 2006**

**Kjósa skal 8 frambjóðendur, hvorki fleiri né færri**
Skrifa skal tölustaf fyrir framan nöfn frambjóðenda í þeirri röð sem óskað er að þeir skipi framboðslistann.
Tölustafurinn 1 skal settur fyrir framan nafn þess frambjóðanda sem óskað er að skipi 1. sæti listans, tölustafurinn 2 fyrir framan nafn þess frambjóðanda sem óskað er að skipi 2. sæti listans o.sv.frv.

Sýnishorn

- ☐ Jens Sigurðsson
- ☐ Katrín Júlíusdóttir
- ☐ Kristín Á Guðmundsdóttir
- ☐ Kristján Sveinbjörnsson
- ☐ Magnús M. Norðdahl
- ☐ Sandra Franks
- ☐ Sonja B. Jónsdótitr
- ☐ Tryggvi Harðarson
- ☐ Valdimar Leó Friðriksson
- ☐ Þórunn Sveinbjarnardóttir
- ☐ Anna Sigríður Guðnadóttir
- ☐ Árni Páll Árnason
- ☐ Bjarni Gaukur Þórmundsson
- ☐ Bragi Jens Sigurvinsson
- ☐ Guðmundur Steingrímsson
- ☐ Guðrún Bjarnadóttir
- ☐ Gunnar Axel Axelsson
- ☐ Gunnar Svavarsson
- ☐ Jakob Frímann Magnússon

# Þitt er valið

## Kosningarétt hafa flokksfélagar og stuðningsfólk

Rétt til þess að greiða atkvæði í prófkjörinu hafa allir þeir sem skráðir eru félagsmenn í Samfylkingunni og orðnir eru 16 ára á þeim degi sem það er haldið og eiga lögheimili í Suðvesturkjördæmi. Ennfremur allir sem hafa kosningarétt í Suðvesturkjördæmi og skrifa undir stuðningsyfirlýsingu við flokkinn.

Samfylkingin
Suðvesturkjördæmi



**LIFANDI GYÐJA** Þótt Kumari sé ekki há í loftinu er hún dýrkuð sem lifandi gyðja í Nepal. Hæstiréttur Nepals hefur nú skipað ríkisstjórninni að kanna hvort brotið sé gegn réttindum Kumari og annarra telpna sem valdar eru sem lifandi gyðjur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Um 66 prósenta verðmunur á dekkjaskiptingum á höfuðborgarsvæðinu:

# Ríflega 3.000 króna verðmunur

**NEYTENDUR** Skipting, umfelgun og jafnvægisstilling fyrir fólksbíl á sextán tommu dekkjum með stálfelgum er dýrust hjá Betra gripi í Lágmúla en þar kostar þjónustan 7.760 krónur. Ódýrust er þjónustan hjá Bílkó í Kópavogi þar sem hún kostar 4.690 og er munurinn því 3.070 krónur eða 65,5 prósent.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri verðkönnun sem verðlagseftirlit ASÍ gerði hjá 28 þjónustuaðilum á höfuðborgarsvæðinu nú í vikunni.

Þjónustan fyrir fólksbíl á þrettán til fimmtán tommu dekkjum var dýrust hjá Hjólvest, Hjólbarðahöllinni, Gúmmívinnustofunni og Dekkinu þar sem hún kostaði 5.800 krónur. Ódýrust var þjónustan hins vegar hjá Dekkjalagernum á Smiðjuvegi þar sem hún kostaði 4.600 krónur og er munurinn því 26 prósent.

Þjónusta hjólbarðaverkstæða við fólksbíla hefur hækkað um átta til níu prósent að meðaltali frá síðustu könnun verðlagseftirlitsins fyrir rúmu ári. Meiri hækkun hefur þó orðið á þjónustu við stærri fólksbíla á stálfelgum og nemur hún rúmum ellefu prósentum frá fyrra ári.

Þjónusta fyrir jeppa hefur hækkað minna eða um fjögur til sjö prósent á milli ára. - hs



**HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI** Verðmunur við skiptingu, umfelgun og jafnvægisstillinu fyrir fólksbíl getur verið allt að 65,5 prósent.

Guðjón Guðmundsson:

## Helsta baráttumálið í höfn

**STJÓRNMÁL Guðjón Guðmundsson varaþingmaður tók sæti Einars K. Guðfinnssonar sjávarútvegsráðherra á Alþingi á þriðjudag.**

**Guðjón sat um árabil á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn og vakti ekki síst athygli fyrir baráttu sína fyrir að Íslendingar tækju upp hvalveiðar á ný. „Þegar ég flutti málið í fjórða sinn 1999 var það loksins samþykkt. Þá var hvalveiðibanninu aflétt og ríkisstjórninni falið að fylgja því eftir,“ segir Guðjón.**

**Hann telur sig ekki verða verkefnislausan í stjórnmálunum eftir að veiðar hófust á ný, alltaf séu verkefni að fást við. - bþs**



**BÆNASTUND VIÐ ÓSHÓLAVITA** Sr. Skírnir Garðarsson fór með bæn á bænastundinni.

Bænastund í Óshlíð:

## Beðið fyrir vegfarendum

**BÆNASTUND** Fjöldi fólks kom saman við Óshólavita í Óshlíð á miðvikudag til að biðja fyrir vegfarendum og þeim sem taka ákvarðanir um endurbætur vegasamgangna. Tilefnið var sú hætta sem stafar af grjóthruni úr fjallinu en sr. Skírnir Garðarsson annaðist bænastundina.

Valrún Valgeirsdóttir, einn skipuleggjenda bænastundarinnar, sagði bænastundina lið í að halda fólki vakandi gagnvart hættum í Óshlíðinni og ýta á eftir fregnum af því hversu langt sé í vegaframkvæmdir á svæðinu. - hs

wolfcraft®
Verkfæri fyrir smiði og aðra laghenta
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM
MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

# Ökuníðingar hljóta mun þyngri refsingar

**Sektir vegna umferðarlagabrota munu hækka og gert er ráð fyrir upptöku ökutækja vegna grófra og ítrekaðra brota. Þetta er eitt af því sem fram kemur í nýjum lögum sem taka munu gildi 1. desember og í apríl á næsta ári.**

**UMFERÐARMÁL** Með breytingum á umferðarlögum hækka sektir vegna umferðarlagabrota eins og hraðaksturs og ölvunaraksturs. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra hefur þegar skrifað undir nýjar reglugerðir en brýnt þótti að endurskoða upphæðir sekta þó ekki væri nema til að halda í við verðlagsþróun. Í reglugerðinni, sem taka mun gildi 1. desember, verður hægt að sekta fyrir hraðakstursbrot sem nema 5 km umfram hámarkshraða en nú er miðað við 10 km.

Í apríl á næsta ári taka síðan í gildi lög sem gera ráð fyrir upptöku ökutækja vegna grófra og ítrekaðra brota. Í frumvarpinu er einnig lagt til að sérstaklega hart verði tekið á hraðakstursbrotum þegar ekið er á og yfir tvöföldum hámarkshraða.

> Það er ánægjulegt að stjórnvöld skuli taka þetta skref þótt það sé að sjálfsögðu hugarfarsbreyting ökumanna sem skilar mestu.
>
> **PÉTUR PÉTURSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI

Pétur Pétursson, framkvæmdastjóri vátrygginga- og fjármálaþjónustu hjá TM, segir fyrirhugaðar breytingar á umferðarlögum ágætis lið í því að bæta umferðaröryggi og fækka slysum. „Það er ánægjulegt að stjórnvöld skuli taka þetta skref þó það sé að sjálfsögðu hugarfarsbreyting ökumanna sem skilar mestu. Tryggingafélög hafa þurft að hækka iðngjöld bifreiða til að standa straum af þeim gríðarlega tjónafjölda í umferðinni sem fer sífellt vaxandi.“ Pétur segir að til skoðunar sé að hækka iðgjöld enn meira ef tjónum heldur áfram að fjölga.



**Í UMFERÐINNI** Þyngri refsingar verða við hraðakstri með breytttum lögum.

Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu, segist fagna öllum skrefum sem miða að því að taka á alvarlegri áhættuhegðun í umferðinni. Einar Magnús segir ástæðu til að gera nýtt áhættumat á vegum og stofnbrautum með það í huga að hækka hugsanlega hámarkshraða.

Í lagabreytingum sem taka gildi í apríl 2007 verður ökuleyfissvipting ökumanna með bráðabirgðaskírteini miðuð við fjóra punkta en í núverandi kerfi eru þeir sjö. Þetta þýðir að ökuleyfissvipting yrði í kjölfar þess að aka yfir á rauðu ljósi en slíkt athæfi mun kosta fjóra punkta. Einar segir þessa breytingu í samræmi við það sem þekkist í nágrannalöndum okkar. Í kjölfar ökuleyfissviptingar geta ökumenn með bráðabirgðaskírteini átt von á því að þurfa að þreyta ökupróf að nýju með tilheyrandi kostnaði.

hugrun@frettabladid.is

Anna Sigríður Guðnadóttir:

## Býður sig fram í 4. til 5. sæti

**STJÓRNMÁL** Anna Sigríður Guðnadóttir býður sig fram í 4. til 5. sæti á lista í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.



**ANNA SIGRÍÐUR GUÐNADÓTTIR**

Anna Sigríður er varabæjarfulltrúi í Mosfellsbæ, varaformaður Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ og hefur setið í blaðstjórn félagsins.

Hún er fulltrúi flokksins í fræðslunefnd og heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis. Auk þess á Anna Sigríður sæti í flokksstjórn og í varastjórn Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar. - sdg

Samúel Örn Erlingsson:

## Gefur kost á sér í 2. sætið

**STJÓRNMÁL Samúel Örn Erlingsson, deildarstjóri íþróttadeildar Ríkisútvarpsins, gefur kost á sér í 2. sæti á framboðslista Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi fyrir alþingiskosningarnar í vor.**



**SAMÚEL ÖRN ERLINGSSON**

**Samúel Örn er varabæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í Kópavogi, formaður leikskólanefndar bæjarins og varaformaður hafnarstjórnar. Hann starfaði sem íþróttafréttamaður og fréttamaður á Ríkisútvarpinu og Tímanum um árabil og hefur tekið þátt í félagsmálum og starfað í íþróttahreyfingunni. - hs**

Prófkjör sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi – 11. nóvember 2006
Álftanes | Garðabær | Hafnarfjörður | Kjósarhreppur | Kópavogur | Mosfellsbær | Seltjarnarnes

Ragnheiður Elín býður eldri borgurum í Suðvesturkjördæmi í kaffi.

Sunnudaginn 5. nóvember kl. 15-17 er eldri borgurum boðið í kaffi og krásir í Safnaðarheimili Vídalínskirkju í Garðabæ. Gerður G. Bjarklind mætir á staðinn og les nokkur uppáhalds ljóð frambjóðandans.
Við hvetjum alla til að mæta og spjalla við frambjóðandann Ragnheiði Elínu sem óskar eftir stuðningi í 4. sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi.

4. sæti

RAGNHEIÐUR ELÍN Byggjum á árangri

Kosningaskrifstofa Ragnheiðar Elínar og stuðningsmanna er í Bæjarlind 2 í Kópavogi.
Sími 564 6549 - www.ragnheidurelin.is - ragnheidurelin@ragnheidurelin.is



22 þúsund á undirskriftalista:

## Kynferðisbrot fyrnist ekki

**ALÞINGI** Lagafrumvarp um afnám fyrningarfrests vegna kynferðisbrots gegn börnum hefur verið lagt fram á Alþingi í fjórða sinn og er Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, fyrsti flutningsmaður.

Fyrir liggur frumvarp dómsmálaráðherra sem gerir ráð fyrir fjögurra ára lengingu á fyrningarfresti en ekki er það nógu langt gengið að mati Ágústs og fleiri að því er kemur fram í tilkynningu frá Ágústi.

Um 22.000 manns hafa skrifað undir áskorun þess efnis að samþykkja beri frumvarpið. **- sdg**

Óánægja með reglur um strætómiða vestast í Vesturbænum:

# Unglingarnir verða að ganga í skólann

**SKÓLAMÁL** Óánægju gætir meðal foreldra í Vesturbænum vegna nýrra reglna varðandi skólaakstur eða strætómiða í skólann. Unglingar í sjötta til tíunda bekk verða nú að búa í meira en tveggja kílómetra fjarlægð frá Hagaskóla til að fá strætómiða og hafa ekki í annan skóla að venda þar sem Hagaskóli er eini grunnskólinn í Vesturbænum fyrir áttunda til tíunda bekk.

Reglurnar tóku gildi í marsbyrjun 2005 og hafa þau áhrif að unglingar, sem búa vestast í Vesturbænum og fengu áður strætómiða, verða nú að ganga í skólann um 25 mínútna leið, taka strætó á Nesvegi eða vera ekið. Elín Sigurðardóttir prentsmiður er móðir unglings í Hagaskóla og hún segir að þetta þýði um 10 þúsund króna útgjöld fyrir sig aukalega á mánuði ef barnið tekur strætó.



**Í STRÆTÓ** Unglingar sem búa vestast í Vesturbænum þurfa nú að ganga í skólann, láta aka sér eða fá foreldrana til að borga strætómiða. Borgin styrkir ekki kaup á strætómiðum.

Elín hefur hringt í skólann og sent menntaráði tölvupóst. Hún segist hafa fengið þær upplýsingar að hún geti sótt um undanþágu en veit ekki hvað þarf til. Hún hyggst senda borginni formlegt erindi innan skamms.

Júlíus Vífill Ingvarsson er formaður menntaráðs. Hann segir að sú regla hafi verið sett í mars 2005 að nemendur í 8.-10. bekk sem búi í meira en tveggja kílómetra fjarlægð frá skóla eigi rétt á skólaakstri eða strætómiðum. Kvartanir hafi borist sem tekið verði fullt tillit til. Hann hefur beðið um að farið verði yfir málið og svo tekin ákvörðun um framhaldið. **- ghs**

Dönsku áskriftarblöðin:

## Í vandræðum vegna fríblaða

**DANMÖRK Kvörtunum rignir nú inn á áskriftarblöð í Danmörku vegna fríblaðanna. Kvarta áskrifendur Politiken, Berlingske Tidende og Jyllands-Posten yfir því að blöðin berist annað hvort seint eða alls ekki.**

**Ástandið er sérlega slæmt í höfuðborginni og í Árósum, og segir talsmaður Berlingske Tidende að blaðið fái nú 50 prósent fleiri kvartanir en fyrir tilkomu fríblaðanna.**

**„Skömminni má skella á skort á blaðberum. Eftir að fríblöðin komu til, keppa fleiri um allt of fáa blaðbera,“ sagði Carsten Juste, ritstjóri Jyllands-Posten.** **- smk**

Forval vinstri grænna:

## Kári gefur kost á sér í 3.-4. sæti

**STJÓRNMÁL** Kári Páll Óskarsson gjaldkeri Ungra vinstri grænna, hefur ákveðið að gefa kost á sér í 3.-4. sæti í forvali VG í Reykjavík og Suðvesturkjördæmi.



**KÁRI PÁLL ÓSKARSSON**

Kári hefur verið félagi í VG frá árinu 1999 og gegnt margvíslegum störfum fyrir flokkinn. Hann hefur setið í stjórn Ungra vinstri grænna frá árinu 2004, þar sem hann er nú gjaldkeri.

Kári hefur lokið BA námi í ensku og frönsku frá HÍ þar sem hann leggur nú stund á MA nám í þýðingafræði. **- hs**

Danski dómsmálaráðherrann:

## Sakaður um að tímasetja fréttir

**DANMÖRK Lene Espersen, dómsmálaráðherra Danmerkur, hefur verið sökuð um að tímasetja frétt af ökuskírteinismissi sínum þannig að lítið bæri á henni í fjölmiðlum, segir í frétt Nyhedsavisen.**



**LENE ESPERSEN** Dómsmálaráðherra Dana.

**Hinn 23. október missti Espersen bílprófið og var dæmd til að greiða 1.500 danskar krónur í sekt fyrir að aka á skellinöðruknapa í september.**

**Ráðuneytið beið hins vegar með að segja frá dómi ráðherrans þar til þremur dögum síðar, og kom fréttatilkynningin klukkutíma eftir að hirðin tilkynnti að María krónprinsessa ætti von á barni.**

**Því fór minna fyrir fregninni en annars hefði verið, að sögn danskra fréttaskýrenda.** **- smk**

**INNFLYTJENDAMÁL**

### Bæklingur á tíu tungum

Fulltrúar Alþjóðahúss og félagsmálaráðuneytisins standa saman að útgáfu bæklings um fyrstu skrefin á Íslandi og ætlaður er þeim sem eru nýfluttir til landsins. Bæklingurinn verður gefinn út á tíu tungumálum.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Dýna í ljósum logum

Fangi kveikti í dýnu í lögreglustöðinni við Hverfisgötu í gærmorgun. Reykræsta þurfti klefann en engar skemmdir urðu og enginn slasaðist.

### Hnökkum stolið

Tveimur hnökkum var stolið úr hesthúsi við Hlíðarþúfur í Hafnarfirði í fyrrinótt. Ekki náðist í þjófana en þeir sem hafa upplýsingar um mannaferðir þar á þessum tíma eru beðnir að hafa samband við lögregluna í Hafnarfirði.





4. sæti

Jón Gunnarsson

framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Það er mikilvægt að fólk með fjölbreytta reynslu taki sæti á Alþingi. Bakgrunnur Jóns Gunnarssonar er úr atvinnulífinu og hann hefur einnig verið í forystu Slysavarnafélagsins Landsbjörg um árabil. Í störfum sínum hefur Jón gegnt ábyrgðarstöðum þar sem oft hefur þurft að taka skjótar og fumlausar ákvarðanir. Við teljum mikilvægt að fá kraftmikinn mann á þing. Tryggjum Jóni 4. sætið. Verið alltaf velkomin á kosningarskrifstofuna Bæjarlind 14, Kópavogi.

- **Greiðari samgöngur**
  Samgöngur eru stórmál í kjördæminu og brýnt að greiða þær leiðir.
- **Virkjum kraftinn í eldri borgurum**
  Það er mikil sóun að sá kraftur sem býr í þeim sem eldri eru skuli ekki nýtast betur á vinnumarkaði vegna óhóflegra skatta.
- **Nýjan framhaldsskóla í kjördæmið**
  Til þess að mæta auknum kröfum nútímans þarf að bjóða upp á fjölbreytni í menntamálum.
- **Átak gegn fíkniefnum, auknar forvarnir**
  Nauðsynlegt er að herða baráttuna gegn fíkniefnum enn frekar og grípa til sérstakra ráðstafana til að hindra innflutning, um leið og heildstæð forvarnarstefna verði mótuð.

www.jongunnarsson.is

# dásamlegar v

## allt ti



**35%** afsláttur við kassa
Verð áður 1.364 kr/kg
**BK LAMBALÆRI frosið**




**25%** afsláttur við kassa
Verð nú 139 kr/pk
Verð áður 179 kr/pk
**Coop wrap TORTILLA**




**25%** afsláttur við kassa
Verð nú 149 kr/pk
Verð áður 199 kr/pk
**Coop taco SKELJAR**




**25%** afsláttur við kassa
Verð nú 69 kr/pk
Verð áður 95 kr/pk
**Coop taco KRYDD**




**40%** afsláttur við kassa
Verð nú 461 kr/kg
Verð áður 768 kr/kg
**Goða LIFRARPYLSA**

**40%** afsláttur við kassa
Verð nú 374 kr/kg
Verð áður 624 kr/kg
**GOÐA BLÓÐMÖR**

HÉR & NÚ / SÍA
brot: Auglýsingastofa Víkurfrétta

**nýtt frá ms**




## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 3. nóvember til 5. nóvember eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

# verðlækkanir

## il alls




þú sparar 273 kr/kg

**20%** afsláttur við kassa
Verð nú 1.092 kr/kg
Verð áður 1.365 kr/kg

Goða LAMBAHRYGGUR frosinn




**30%** afsláttur við kassa
Verð nú 279 kr/pk
Verð áður 399 kr/pk

Hatting BRAUÐ - Filonino Durum, Panino Rustico og Veggen Spelt



**33%** afsláttur við kassa
Verð nú 199 kr/pk
Verð áður 299 kr/pk

Myllu SKÚFFUKAKA m/lakkrís og karamellu, og með súkkulaði/ávaxtahlaupi



nýtt með flugi

**25%** afsláttur við kassa
Verð nú 292 kr/kg
Verð áður 389 kr/kg

VÍNBER græn og rauð




**1.599** kr/stk
X-men



**1.599** kr/stk
Ísöld 2



**1.999** kr/stk
Rauðhetta




**1.999** kr/stk
Da Vinci Code

netto

## „ORÐRÉTT“

### Ekki sanngjarnt

**„Það er ekki sanngjarnt að halda því fram, út frá einu atviki í Þórshöfn, að Færeyingar mismuni fólki, hæðist að því og ofsæki. Það gerum við ekki.“**

JÓGVAN Á LAKJUNI, ÞINGMAÐUR ÍHALDSMANNA Í FÆREYJUM, Í UMRÆÐU UM RÉTTINDI SAMKYNHNEIGÐRA Í FÆREYJUM.

**Fréttablaðið 2. nóvember.**

### Ógnarstjórn Rannveigar Rist

**„Ég var niðurbrotinn eftir slysið, en aðför Rannveigar forstjóra að mér braut mig gjörsamlega niður.“**

HANS HAFSTEINSSON, FYRRVERANDI STARFSMAÐUR ISAL-ALCAN, SEM SEGIR HROKA OG MANNVONSKU EINKENNA NÚVERANDI STJÓRNARHÆTTI Í FYRIRTÆKINU.

**Fréttablaðið 2. nóvember.**

nær og fjær

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** VALGERÐUR GUÐJÓNSDÓTTIR, FORSTÖÐUMAÐUR VISKU

## Hollt að sækja námskeið



„Ef við tölum fyrst og fremst um Visku þá er afskaplega mikið að gera. Það eru mörg námskeið og stór að fara af stað hjá okkur. Okkur hefur tekist að fara af stað með tvö námskeið sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og menntamálaráðuneytið hafa vottað þannig að þau eru einingabær á framhaldsskólastigi fyrir þá sem sækja þau,“ segir Valgerður Guðjónsdóttir, forstöðumaður símenntunarmiðstöðvarinnar Visku í Vestmannaeyjum. „Síðasta helgi var lífleg námskeiðshelgi, við vorum með námskeið um sár og sárameðferð og svo vorum við með vínsmökkunarnámskeið,“ segir Valgerður. „Um aðra helgi verða fjögur námskeið í gangi þannig að þetta er líflegt og skemmtilegt þessa dagana.“

Lífið gengur sinn vanagang í Vestmannaeyjum þessa dagana. Þar eru prófkjör framundan eins og annars staðar í landinu og Valgerður segir að mannlífið beri keim af því. Töluvert er að gera á síldarvertíð og svo er vetrarleyfi í skólum. „Það eru allir úti um tvist og bast því að menn nota tækifærið til að fara í sumarbústað eða heimsækja ættingja þannig að það eru fáir í Eyjum,“ segir Valgerður sem sjálf hefur notað tækifærið til að leggja land undir fót og heimsótt ættingja á Kirkjubæjarklaustri og nágrenni.

## GOÐSÖGN: 21 GRAMM

■ Margir vilja meina að mannslíkaminn léttist um akkúrat 21 gramm þegar manneskja deyr og tala í framhaldinu um að sálin vegi 21 gramm. Goðsögnin byrjaði með tilraunum Dr. Duncans MacDougall árið 1907 þegar hann vigtaði nokkra einstaklinga fyrir og eftir dauðastundina. Mælitæki og aðferðir Duncans voru ekki upp á marga fiska miðað við nútímatækni og tilraun hans því skólabókardæmi um það hvernig á ekki að gera tilraunir. Hún hefur ekki verið endurtekin.



## SJÓNARHÓLL

KYNBUNDINN LAUNAMUNUR KNATTSPYRNUFÓLKS

### Klárlega lögbrot



**ANDREA ÓLAFSDÓTTIR** Íslandsvinur og femínisti.

„Mér finnst þetta bara fáránlegt eins og allt annað launamisrétti í þjóðfélaginu,“ segir Andrea Ólafsdóttir Íslandsvinur. „En það er gleðilegt að sjá að Eggert hjá KSÍ hefur verið boðaður á fund hjá mannréttindanefnd Reykjavíkurborgar. Hann fær þá tækifæri til að útskýra þennan mun og benda á leiðir til úrbóta, því það verður auðvitað að leiðrétta þetta. Mig grunaði þetta alltaf og kom mér því ekki á óvart. Hins vegar gerði ég mér ekki grein fyrir hversu mikill munurinn væri. Ég tek undir með Atla Gíslasyni og Höllu Tómasdóttur, en þau bentu á að þetta væri brot á jafnréttislögunum og stjórnarskrá. Ég held þetta sé klárlega lögbrot og sé svo, tel ég réttast að stjórn KSÍ segi af sér og ný stjórn verði skipuð. Fótboltakonur eru að eyða alveg jafn mikilli orku og tíma í þetta og karlarnir og því ættu þær að fá sömu laun og þeir.“

# Norræn sókn með hreinan og heilsusamlegan mat að vopni

**Undir yfirskriftinni „Ný norræn matargerð“ hafa Norðurlandaþjóðirnar sammælst um að efna til sóknar bæði á heima- og heimsmarkaði með hreinan og heilsusamlegan mat að vopni.**



**GUÐNI ÁGÚSTSSON LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA ÁSAMT NÝÚTNEFNDUM SENDIHERRUM „NÝRRAR NORRÆNNAR MATARGERÐAR“** Tveir slíkir sendiherrar koma frá hverju Norðurlandanna. Lengst til vinstri sést sænski sjónvarpskokkurinn Tine Nordström. Fulltrúar Íslands eru Sigurður Hall og Baldvin Jónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Við athöfn í tengslum við Norðurlandaráðsþing í salarkynnum danska þingsins í Kristjánsborgarhöll hafði Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra það hlutverk með höndum að útnefna svonefnda sendiherra verkefnisins. Fyrir Íslands hönd eru það Sigurður Hall og Baldur Jónsson sem gegna þessu sendiherrahlutverki.

Verkefninu er ætlað að stuðla að því að gera matargerðarhefð Norðurlandanna hærra undir höfði og beita henni í kynningu á Norðurlöndum sem heimshluta sem skari framúr í heiminum.

Þess er skemmst að minnast að leiðtogar tveggja stórra landa sunnar í álfunni, Silvio Berlusconi á Ítalíu og Jacques Chirac í Frakklandi, höfðu uppi niðrandi orð um norræna matargerð. Berlusconi sagði ótækt að Matvælastofnun Evrópusambandsins yrði höfð til húsa í Finnlandi, þar sem maturinn væri vondur og menn þekktu ekki einu sinni Parmaskinku. Svo fór reyndar að stofnuninni var fundinn staður á Ítalíu. Chirac móðgaði bæði Breta og Finna með því að segja að hvergi væri maturinn eins vondur og í Bretlandi, nema ef vera skyldi í Finnlandi.

Jan-Erik Enestam, samtarfsráðherra Finnlands sem ásamt Guðna Ágústssyni talaði við kynningarathöfnina í Kaupmannahöfn, minntist á þessi ummæli Miðjarðarhafslanda-leiðtoganna og sagði þau til vitnis um að ekki veitti af að efna til þessa kynningarátaks á norrænum gæðamat. Norræna ráðherranefndin hefur ákveðið að verja sem svarar um 250 milljónum króna til verkefnisins á næstu þremur árum.

„Tilgangurinn er að auka samstarf landanna í matvælaframleiðslu og matreiðslu og jafnframt að tengja þetta verkefnum á sviði ferðaþjónustu, heilbrigðis, byggðaþróunar, menningar, rannsókna og viðskipta,“ sagði Guðni í ræðu sinni. Matvæli gegni fjölþættu hlutverki í efnahagslífinu sem ekki hafi verið metið að verðleikum og ýmsir möguleikar á þessu sviði hafi enn ekki verið nýttir.

Í samtali við Fréttablaðið segir Guðni Íslendinga vænta mikils af þessu verkefni, það sé „mjög gott fyrir okkur, með okkar mikla og góða hráefni og miklu reynslu í matargerð“. „Ég held að það geti hjálpað norrænu þjóðunum í því sameiginlega verkefni bæði að halda utan um sinn heimamarkað en ekki síður að sækja inn á hinn stóra markað heimsins með okkar sérstöðu, hreinleika og heilbrigði,“ segir Guðni. Hann telji því „þessa hugsun og skipun þessara sendiherra, munu hafa mikla þýðingu fyrir Norðurlöndin og stuðla að því að við getum verið sameiginlega á sigurför á heimsvísu.“ **audunn@frettabladid.is**




Sigtryggur sinnir sælkerum í Aðalvídeóleigunni:

# Margir sem koma nánast á hverjum degi

Sigtryggur Berg Sigmarsson tók að sér rekstur Aðalvideóleigunnar á Klapparstíg fyrir tveim mánuðum. Leigan er ein sú lífseigasta á landinu og er ásamt Laugarásvídeó helsta sælkeraleiga höfuðborgarinnar. Hún býður upp á fjölbreyttara og „menningarlegra“ úrval en aðrar leigur. Sjálfur skilgreinir Sigtryggur sig sem mikinn bíómyndanörd.

„Ég fór alltaf mikið í bíó sem barn,“ segir Sigtryggur, „en þegar ég var 13 ára fór ég að sjá fyrir hvernig flestar myndir myndu enda eftir svona 10 mínútur. Þá fann ég hjá mér þörf fyrir að leita uppi aðeins dýpri myndir og sú leit rak mig m.a. í Aðalvideóleiguna þar sem ég var kynntur fyrir Luis Bunuel og alls konar dóti.“ Það má því kannski segja að Sigtryggur sé „kominn heim“.

Hann segir alls konar fólk líta við í leigunni en einnig sé mikið um fastagesti sem koma nánast á hverjum degi. „Jú, það eru margir sem greinilega meika ekki sjónvarpsdagskrána,“ segir Sigtryggur og hlær. „Nokkrir eru í því að „taka fyrir“ ákveðna leikstjóra og leigja þá allan katalókinn eftir þá. Við reynum að sinna þessum hópi eftir bestu getu og meðal þeirra leikstjóra sem við höfum verið að panta inn að undanförnu eru Fassbinder og Polanski. Svo er líka alltaf verið að biðja um nýja titla sem koma ekki út hjá Myndformi og við reynum að bregðast við því. Líka reynum við að stíla inn á kvikmyndahátíðirnar og vera með myndir sem sýndar voru þar stuttu eftir lok hátíðanna. Það er svo stíf dagskrá að reyna að sjá allt á þessum hátíðum að margir komast bara ekki yfir það.“

Sigtryggur segir vídeóleiguna standa vel þrátt fyrir samkeppni frá ólöglegu niðurhali. „Þeir sem stunda niðurhal eru aðallega að taka inn sjónvarpsþætti eins og Lost og Prison Break, stöff sem þeir hafa ánetjast. Ég held nú að fáir standi í því að hlaða niður Fassbinder.“ **- glh**



**SIGTRYGGUR MEÐ EDDIE MURPHY** Álíka vinsæll og Fassbinder í Aðalvideóleigunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Svona erum við

> Tala búpenings 1985 - 2005




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBI- GREINING:** JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI

# *Helstu skjálftasvæðin á Suður- og Norðurlandi*

Nú í vikunni varð snarpur jarðskjálfti sem mældist 4,5 á Ricter um 20–25 kílómetra norðvestur af Húsavík og 10–15 kílómetra austur af Flatey á Skjálfanda. Þetta er stærsti skjálftinn sem orðið hefur á þessu jarðskjálftasvæði í 15 ár. Íbúar Húsavíkur urðu skjálftans greinilega varir og þar hreyfðust húsgögn úr stað. Jarðskjálftinn fannst einnig víðar á landinu og varð hans meðal annars vart á Akureyri og á Möðruvöllum í Hörgárdal.



**Hvar eru helstu jarðskjálftasvæði á Íslandi?**
Helstu skjálftasvæðin á Íslandi eru tvö. Á Suðurlandi er jarðskjálftasvæði sem nær eftir Reykjanesskaga um Ölfus og Suðurlandsundirlendið austur að Heklu. Úti fyrir Norðurlandi er annað skjálftasvæði sem nær frá mynni Skagafjarðar og austur að Melrakkasléttu.

Af öflugum jarðskjálftum á Íslandi sem orðið hafa í seinni tíð má nefna tvo öfluga jarðskjálfta sem urðu á Suðurlandi 17. og 21. júní árið 2000. Fyrri skjálftinn mældist um 6,6 á Richter en sá síðari var af stærðinni 6,5 á Richter. Báðir þessir skjálftar ollu töluverðu tjóni á íbúðarhúsnæði og öðrum mannvirkjum og haustið 2000 hafði verið tilkynnt um 1.800 tjón af völdum skjálftanna.

**Hver er uppruni jarðskjálfta?**
Jarðskjálftum má skipta í þrennt eftir uppruna, brotaskjálfta, eldsumbrotaskjálfta og hrunskjálfta. Brotaskjálftar myndast við hreyfingar í jarðskorpunni. Hæg og stöðug hreyfing veldur spennu í berginu sem safnast upp uns eitthvað verður undan að láta. Bergið í jarðlagastaflanum brestur og brúnirnar kippast til. Við það losnar gífurleg orka sem berst um jörðina í bylgjuhreyfingu.

Allir stærstu skjálftarnir eru af þessari gerð, þar á meðal Suðurlandsskjálftinn og skjálftarnir á Norðurlandi.

**Hvað ákvarðar skemmdir í jarðskjálftum?**
Áhrif skjálfta eru háð dýpi upptaka hans. Þannig hefur skjálfti sem á upptök sín á 300 km dýpi í jarðskorpunni lítil sem engin áhrif á yfirborðinu, en ef sami skjálfti yrði á 5 km dýpi yrðu afleiðingarnar ægilegar.

## SPURT & SVARAÐ

**LAUNAMUNUR FÓTABOLTALANDSLIÐANNA**

# *Leiðréttist ekki sjálft*



**BRYNDÍS ÍSFOLD HLÖÐVERSDÓTTIR**
Fulltrúi Samfylkingarinnar í mannréttindanefnd.

Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar í mannréttindanefnd, flutti tillögu á fundi nefndarinnar á miðvikudag þess efnis að Eggert Magnússon, formaður KSÍ, yrði boðaður til fundar við nefndina til að ræða þann mun sem er á launagreiðslum til karla- og kvennalandsliðsins í knattspyrnu.

**Er eðlilegt að meðlimir karlalandsliðið fái hærri laun en meðlimir kvennalandsliðsins?**
Nei, það er ekki eðlilegt að beita þeim rökum að meiri tekjur fáist af karlaboltanum því hann fær meiri umfjöllun og kynningu í fjölmiðlum.

**Hvað er til ráða?**
KSÍ þarf að vera meðvitað um að kynbundið launamisrétti leiðréttist ekki af sjálfu sér.



**FRAMBJÓÐENDUR Í PRÓFKJÖRI SAMFYLKINGARINNAR Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI** Alls gefa nítján kost á sér og sautján sækjast eftir fjórum efstu sætunum.

# Hart sótt að sitjandi þingmönnum

**Nítján bjóða sig fram í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjödæmi. Flokkurinn á nú fjóra þingmenn í kjördæminu og gefa sautján kost á sér í fjögur efstu sætin.**

Þrír sækjast eftir fyrsta sætinu, þau Árni Páll Árnason lögfræðingur, Gunnar Svavarsson, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði og Þórunn Sveinbjarnardóttir alþingismaður.

Guðmundur Árni Stefánsson fór fyrir lista Samfylkingarinnar í kjördæminu í síðustu kosningum og þegar hann hvarf af þingi varð Rannveig Guðmundsdóttir oddviti listans. Hún lætur af þingmennsku í vor. Þingmennirnir Katrín Júlíusdóttir og Valdimar L. Friðriksson gefa kost á sér í annað og þriðja sæti listans.

Baráttan um fyrsta sætið er sögð hörð en drengileg og möguleikar frambjóðendanna þriggja á sigri taldir góðir.

Mikið hefur borið á Þórunni og Gunnari í flokksstarfinu. Þórunn hefur setið á þingi í átta ár og Gunnar í bæjarstjórn Hafnarfjarðar auk þess að vera formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar. Þó að Árni Páll hafi ekki verið jafn áberandi hefur hann starfað með Samfylkingunni frá stofnun og fór meðal annars fyrir mótun stefnu flokksins í Evrópumálum.

Gunnar býr að því að koma úr Hafnarfirði sem er sterkasta vígi Samfylkingarinnar. Árni Páll bjó lengi í Kópavogi og nýtur hugsanlega sérstaks stuðnings þar í krafti þess. Þórunn er hins vegar úr Garðabæ. Byggðapólitík er sögð ráða nokkru í kjördæminu þó að sveitarfélögin séu nánast í einum hnapp og hagsmunirnir þeir sömu.

Katrín Júlíusdóttir á í höggi við Magnús M. Norðdahl, lögfræðing ASÍ, og Kristján Sveinbjörnsson, bæjarfulltrúa á Álftanesi, um annað sætið. Katrín á eitt kjörtímabil á þingi að baki en öll hafa þau tekið virkan þátt í starfi flokksins.

Valdimar L. Friðriksson settist á þing þegar Guðmundur Árni varð sendiherra. Fjórir sækjast eftir þriðja sætinu, líkt og Valdimar, þau Jakob Frímann Magnússon tónlistarmaður, Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, Tryggvi Harðarson, fyrrverandi bæjarstjóri á Seyðisfirði, og Sandra Franks varaþingmaður. Líkt og við var að búast ber mest á Jakobi Frímanni sem áður hefur tekið þátt í prófkjörum Samfylkingarinnar. Sex sækjast svo eftir fjórða sætinu.

Það vekur athygli hve margir bjóða sig fram í prófkjörinu. Þátttakendur eru jafnmargir og í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík um síðustu helgi þar sem flokkurinn á níu þingmenn. Og í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík, þar sem flokkurinn á nú átta þingsæti, taka fimmtán þátt.

Talið er að sú ákvörðun að banna auglýsingar hafi ráðið nokkru um hve margir treystu sér til þátttöku. Frambjóðendur héldu tvo sameiginlega fundi en hafa annars háð kynningarstarf sitt á kosningaskrifstofum, vefnum og með heimsóknum í fyrirtæki og á opinbera staði.

Í kynningarefni leggja flestir frambjóðendurnir áherslu á aukinn jöfnuð í samfélaginu og það er raunar rauður þráður í stefnu alls Samfylkingarfólks fyrir kosningarnar í vor. Einstaka nefnir sérstök mál en aðeins einn segist vilja byltingu, það er Jens Sigurðsson sem býður sig fram í fjórða sætið.

Um fjögur þúsund manns eru í Samfylkingunni í Suðvesturkjördæmi.

### ÞAU GEFA KOST Á SÉR

| | |
|---|---|
| **1. sæti** | Árni Páll Árnason lögfræðingur |
| | Gunnar Svavarsson, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði |
| | Þórunn Sveinbjarnardóttir alþingismaður |
| **2. sæti** | Katrín Júlíusdóttir alþingismaður |
| **2.-3. sæti** | Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ |
| **2.-5. sæti** | Kristján Sveinbjörnsson, bæjarfulltrúi Álftanesi |
| **3. sæti** | Jakob Frímann Magnússon tónlistarmaður |
| | Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands |
| | Tryggvi Harðarson, fyrrverandi bæjarstjóri |
| | Valdimar L. Friðriksson alþingismaður |
| **3.-4. sæti** | Sandra Franks varaþingmaður |
| **4. sæti** | Bragi Jens Sigurvinsson umferðareftirlitsmaður |
| | Guðmundur Steingrímsson, blaðamaður og tónlistarmaður |
| | Jens Sigurðsson, formaður Ungra jafnaðarmanna í Kópavogi |
| **4.-5. sæti** | Anna Sigríður Guðnadóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur |
| | Gunnar Axel Axelsson viðskiptafræðingur |
| | Sonja B. Jónsdóttir, myndlistarkennari og kvikmyndagerðarmaður |
| **5. sæti** | Guðrún Bjarnadóttir sálfræðingur |
| **7.-8. sæti** | Bjarni Gaukur Þórmundsson íþróttakennari |

### FRAMKVÆMD

Kosningarétt hafa flokksmenn í kjördæminu sem orðnir eru sextán ára og þeir sem lýsa yfir stuðningi við flokkinn.

Kjörfundur stendur milli 10 og 20 og er kosið á sjö stöðum.

Atkvæði verða talin í Garðabæ og er fyrstu talna að vænta við lok kjörfundar.

Samfylkingin hlaut rúm 14 þúsund atkvæði í Suðvesturkjördæmi í síðustu þingkosningum.



FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is



# Vertu trúr sjálfum þér -og steldu frá öðrum!

Komin í verslanir






Sturla Jón Jónsson skáld fer á ljóðahátíð í Litháen. Þar þarf hinn menningarlegi sendiherra lands síns að bregðast við ýmsum uppákomum og óvæntum áföllum, en ekki síst takast á við glæpamanninn sem býr í okkur öllum.

Bragi Ólafsson er einn þeirra fágætu höfunda sem skapa seiðmagnað andrúmsloft með því einu að raða upp á nýtt orðunum sem við öll notum og þekkjum. Í Sendiherranum skapar hann einstæða en um leið kunnuglega veröld þar sem hárfínn húmor helst í hendur við tragísk örlög.

Edda

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# NÝR OG SPENNANDI



# Fyrsta bókin á aðeins 895 kr!

**Lærum að elda** er nýr íslenskur matreiðsluklúbbur þar sem kennt er að elda rétti frá öllum heimshornum. Fyrsta bókin fjallar um taílenska matargerð og fá nýir félagar hana með **50% afslætti** eða á aðeins **895 kr.** auk sendingargjalds.






## Upp með svuntuna!

**Lærum að elda** er tilvalinn klúbbur fyrir þá sem vilja bæta þekkingu sína í eldhúsinu og læra að töfra fram nýja og spennandi rétti fyrir fjölskyldu og vini. Allar leiðbeiningar eru sérlega einfaldar og skýrar og nýtast bæði þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í eldhúsinu jafnt sem reynslumeiri matgæðingum.

**Gestakokkur í hverri bók.** Narumon Sawangjaitham frá veitingastaðnum *Gullna hliðinu* veitti klúbbnum ráðgjöf um val uppskrifta í fyrstu bókinni og kennir okkur að elda nokkra af sínum uppáhaldsréttum. Í annarri bókinni, *Lærum að elda ítalskt*, eru það kokkarnir Heiðdís Hauksdóttir og Leifur Kolbeinsson frá *La Primavera* sem koma í heimsókn.

HVÍTAHÚSIÐ/SÍA - 5183



**Einvala lið kemur að gerð bókanna:** F.v. Kristján Maack ljósmyndari, Ólafur G. Sveinbjörnsson matreiðslumaður, Rut Helgadóttir ritstjóri og Valdís Guðmundsdóttir stílisti.

## Heimsreisa fyrir bragðlaukana

Á komandi mánuðum munu félagar klúbbsins fara með bragðlaukana í sannkallaða heimsreisu. Í fyrstu bók klúbbsins er kennt að elda **taílenskan mat**, í annarri bókinni er tekin fyrir **ítölsk matargerð** og í þeirri þriðju verða **heilsusamlegir réttir** á boðstólum ... og svo heldur ferðalagið áfram!

Skráðu þig strax á **klubbar.is**

# MATREIÐSLUKLÚBBUR!




lærum að elda

## Þannig er klúbburinn:

- Félagar fá í hverjum mánuði senda heim vandaða **innbundna matreiðslubók** þar sem kennt er að elda rétti víðsvegar að úr heiminum.
- **Hver bók kostar aðeins 1.790 kr.** auk 105 kr. sendingargjalds. Nýir félagar fá fyrstu bókina með 50% afslætti, eða á aðeins 895 kr.
- **Engin skuldbinding.** Hægt er að segja upp áskrift hvenær sem er með einu símtali eftir að greitt hefur verið fyrir fyrstu bókina.
- **Félagar fá 15% afslátt** af öllum bókum forlaga Eddu útgáfu á vefnum edda.is og í þjónustu-miðstöðinni að Suðurlandsbraut 12, Reykjavík.



**Bækurnar eru eingöngu fáanlegar í klúbbnum!**

**Uppskriftir sem bragð er að.** Í fyrstu bókinni er að finna úrval sígildra taílenskra rétta eins og steiktar taílenskar núðlur pad thai, nautakjöt í panang-karrí og kókossúpu með kjúklingi og sítrónugrasi. Í annarri bókinni lærum við að elda bæði sígilda ítalska rétti eins og ofnbakað eggaldin, osso buco og tiramisu en einnig nýstárlega rétti eins og saltfisks-carpaccio og rjúpur vafðar í parmaskinku.



## Dettur þú í lukkupottinn?

- **Taílensk veisla fyrir 10 manns**
  Einn heppinn félagi fær tíu manna veislu á veitingastaðnum **Gullna hliðinu** á Álftanesi.
- **Vandaðir töfrasprotar frá Kenwood!**
  100 félagar fá vandaðan töfrasprota ásamt fylgihlutum.

**Dregið 15. nóvember**

eða í síma **522 2100**

SMS skráning í síma **1900**: **edda elda kennitala**

EDDU KLÚBBAR
Suðurlandsbraut 12
108 Reykjavík

# Óeining um stækkun álvers

**Greina má áherslumun frambjóðenda í umhverfismálum en vitanlega er mikill samhljómur í svörunum, segir Ólafur Þ. Harðarson prófessor um svör frambjóðenda Samfylkingarinnar í suðvesturkjördæmi. Frambjóðendur í þrjú efstu sætin voru spurðir tíu afdráttarlausra spurninga.**



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is

Frambjóðendur í prófkjöri reyna öðru fremur að vinna kjósendur á sitt band með því að sannfæra þá um ágæti sitt í að fylgja eftir málefnum stjórnmálaflokksins sem um ræðir í hvert skipti. Svör frambjóðenda að þessu sinni draga fram skýran málefnalegan samhljóm, um leið og þau skerpa óeiningu um mikilvæg mál.

Fyrirhuguð stækkun álvers Alcan í Straumsvík fellur frambjóðendum misjafnlega í geð á meðan allir eru sammála um að íslensk stjórnvöld verði að huga betur að frekari aðgerðum vegna loftslagsbreytinga. Þetta gefur kjósendum ágætar vísbendingar um málefnastöðu segir Ólafur Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði. „Kosningar í prófkjörum snúast sjaldnast um raunveruleg átök um hugsjónir og málefni heldur miklu frekar hvaða frambjóðendum kjósendur treysta best til þess að framfylgja stefnu flokka. Það má greina áherslumun í umhverfismálum af svörum frambjóðenda en annars er nokkuð mikill samhljómur í svörunum. Þó má vera að lesendur, sem að einhverju leyti eru einnig kjósendur, greini ákveðinn mun á framsetningu svaranna sem gefur óljósa vísbendingu um það hvernig frambjóðendur komi til með að fjalla um og framfylgja hugmyndum sínum. Það getur skipt sköpum í stjórnmálum.“

Eðlilegt er að jafnaðarmönnum sé vaxandi ójöfnuður hér á landi hugleikinn. Eins og í svörum frambjóðenda í Suðurkjördæmi, má greina áhyggjur frambjóðenda af ójöfnuðinum og vilja þeir flestir gera umtalsverðar breytingar á skattkerfinu. Ólafur segir þessar hugmyndir ekki koma á óvart. „Það er eðlilegt að jafnaðarmenn einblíni á þessa þætti og kjósendur horfa vafalítið til þess í kosningunum.“

## SPURNINGARNAR TÍU

1. Var rétt að ráðast í gerð Kárahnjúkavirkjunar?
2. Þarf að efla starf stjórnvalda gegn hugsanlegum slæmum áhrifum vegna loftslagsbreytinga?
3. Á Ísland að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru?
4. Á að samþykkja stækkun álvers Alcan í Straumsvík?
5. Var rétt að leyfa hvalveiðar í atvinnuskyni?
6. Á að stytta nám til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú?
7. Á að breyta skattlagningu á fjármagnstekjum?
8. Á að breyta Ríkisútvarpinu í opinbert hlutafélag?
9. Ertu hlynnt/hlynntur frekari nýtingu orkuauðlinda vegna uppbyggingar álvera?
10. Myndir þú beita þér fyrir breytingu á lögum um eftirlaun þingmanna og ráðherra?

### 1. sæti ÁRNI PÁLL ÁRNASON



1. Já, þá var rétt að ráðast í þá framkvæmd.
2. Já.
3. Já, kollsteypur krónunnar, verðtrygging og okurvextir kosta allt of mikið.
4. Nei, ekki eins og efnahagsástandið er núna.
5. Nei, ekki með þessum óskiljanlega flumbrugangi.
6. Já og nei. Það á að auka sveigjanleika í skólakerfinu.
7. Já, og hækka um leið frítekjumark þannig að almennur sparnaður sé undanskilinn.
8. Nei, það á að vera sjálfseignarstofnun og fara af auglýsingamarkaði.
9. Nei.
10. Já.

### 2.- 3. sæti MAGNÚS M. NORÐDAHL



1. Já. Það var nauðsynlegt að efla atvinnu- og byggðaþróun á Austurlandi.
2. Já.
3. Já. En ekki á meðan ójafnvægi ríkir í efnahagsmálum.
4. Já. En einungis ef íbúar Hafnarfjarðar gjalda því samþykki sitt.
5. Nei.
6. Nei. Hins vegar ber að gefa nemum tækifæri til þess að ljúka námi á þremur árum.
7. Já, samhliða róttækum breytingum á tekjuskattskerfinu.
8. Nei.
9. Nei. Það er mikilvægt að leggja áherslu á aðrar atvinnugreinar.
10. Já.

### 1. sæti ÞÓRUNN SVEINBJARNARD.



1. Nei.
2. Já, stjórnvöld hafa hvorki stefnu né áætlun um það hvernig þau ætli að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
3. Já, þegar við metum það svo að rétti tíminn sé kominn til þess.
4. Nei, ef ég byggi í Hafnarfirði mundi ég greiða atkvæði gegn stækkun.
5. Nei, það var vanhugsuð ákvörðun þar sem stærri hagsmunum var fórnað fyrir minni.
6. Já, fyrir þá sem það vilja. Aðalatriðið er að allt ungt fólk geti stundað nám við hæfi.
7. Já, við þurfum að setja frítekjumark á fjármagnstekjur og leyfa þeim hópi Íslendinga sem lifir af fjármagnstekjum að greiða meira til samfélagsins.
8. Nei, Ríkisútvarpið á að vera sjálfseignarstofnun.
9. Nei, ekki ef virkjanir eru reistar í þeim eina tilgangi að afla orku til álvera.
10. Já, og taka sérstaklega á eftirlaunum ráðherra.

### 2. sæti KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR



1. Virkjunin er staðreynd. Nú skiptir öllu máli að gera stórátak í náttúruvernd.
2. Já, t.d. með hagrænum hvötum til að draga úr útblæstri.
3. Já, það er mikilvægt fyrir atvinnulífið og heimilin.
4. Það verða Hafnfirðingar sjálfir sem samþykkja eða synja á lýðræðislegan hátt.
5. Ég er fylgjandi sjálfbærum veiðum á hval en tímasetning og aðdragandinn var rangur.
6. Já, með áherslu á meiri sveigjanleika innan framhaldsskólans.
7. Já, en með frítekjumarki svo ekki sé verið að kroppa í smásparnað einstaklinga.
8. Nei.
9. Ál má ekki verða of stór hluti útflutnings okkar. Hátækni en ekki stóriðja er atvinnulíf framtíðarinnar.
10. Já, ekki spurning.

### 3. sæti JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON



1. Nei.
2. Já, án tafar.
3. Já.
4. Hófleg stækkun álvers í Straumsvík gæti væri skárri kostur en uppbygging nýrra stóriðjuverksmiðja.
5. Nei.
6. Já.
7. Nei. Ég vil hækka skattleysismörk og lækka það hlutfall tekna sem venjulegt fólk þarf að gjalda ríkinu.
8. Já.
9. Nei. Ég vísa til umhverfisstefnu Samfylkingarinnar sem ég styð heilshugar.
10. Já.

### 3.sæti VALDIMAR LEÓ FRIÐRIKSSON



1. Nei. Ekki út frá þeim gögnum sem lágu fyrir.
2. Já.
3. Nei. Ekki að svo komnu máli en örugglega í framtíðinni.
4. Hafnfirðingar ráða.
5. Nei, takmarkaðar veiðar í vísindaskyni.
6. Nei.
7. Já.
8. Nei.
9. Nei.
10. Já.

### 3. sæti KRISTÍN Á. GUÐMUNDSD.



1. Ég er á móti virkjuninni.
2. Já, á því er ekki nokkur vafi.
3. Gangast þarf fyrir frekari umræðu um þessi mál.
4. Hafnfirðingar hafa síðasta orðið í þessu máli. Ég tel að þeim sé treystandi til að komast að réttri niðurstöðu.
5. Veiðar og ferðamannaþjónusta geta farið saman.
6. Sé unnið í sátt við sveitarfélögin og grunnskólann tel ég það geta verið jákvætt.
7. Já, það þarf að samræma hann við aðra skattheimtu.
8. Nei.
9. Nei.
10. Já.

### 2. - 5. sæti KRISTJÁN SVEINBJÖRNSSON



1. Nei, hagnaðurinn er óljós.
2. Já, bæði með rannsóknum og stefnumarkandi ákvörðunum.
3. Nei, ekki tímabært enn, en við gætum þurft þess í framtíðinni.
4. Nei, álverið er í þéttbýli og starfsmannastefnan óásættanleg.
5. Já, og bjóða svo út kvótann, kvótahafar ráða því svo hvort þeir veiða hann eða vernda hann.
6. Nei, því þá myndi valið, sem gerir íslenska menntaskóla svo sérstaka, skerðast.
7. Já, gera hann stighækkandi og setja frítekjumark.
8. Nei, sé ekki tilganginn.
9. Já, en í sátt við þjóðina og að vandlega ígrunduðu máli.
10. Já, til að gæta jafnræðis í þjóðfélaginu.

### 1. sæti GUNNAR SVAVARSSON



1. Ekki er ljóst að þá hafi allar upplýsingar legið ljósar fyrir.
2. Já.
3. Myndun afstöðu krefst frekari umræðu.
4. Hafnfirðingar ráða.
5. Já, ef það tengist sjálfbærri nýtingu.
6. Nei.
7. Já. Endurskoða þarf skattkerfið.
8. Já.
9. Jafnvægi þarf að ríkja í umhverfisvernd, nýtingu og vilja íbúa.
10. Já.

### 3. sæti TRYGGVI HARÐARSON



1. Já, en nú þarf að staldra við.
2. Já.
3. Það þarf að kanna möguleika aðildar áður en hægt er að gefa endanlegt svar.
4. Já, ef fyrirtækið uppfyllir þau skilyrði sem sett verða.
5. Já.
6. Nei, ungt fólk á að hafa val.
7. Já, og samræma það tekjuskatti.
8. Er Ríkisútvarpið ekki ágætt eins og það er?
9. Já, en það þarf að meta forsendur virkjana upp á nýtt með hliðsjón af náttúruvernd.
10. Já.

### 3. - 4. sæti SANDRA FRANKS



1. Já. Við breytum því ekki sem orðið er, nú þarf að efla náttúruvernd.
2. Já, þau þurfa til dæmis að standa rétt að framkvæmd Kýótó-bókunarinnar.
3. Já, að sjálfsögðu, Samfylkingin er Evrópuflokkur.
4. Já, en því ráða Hafnfirðingar.
5. Já.
6. Já, en það á ekki að koma niður á gæðum námsins.
7. Já, þannig að aldraðir greiði aðeins 10 prósent af fjármagnstekjum af lífeyrissparnaðnum.
8. Nei.
9. Nei, við eigum að gera hátækni, en ekki stóriðju, að atvinnulífi framtíðarinnar.
10. Já.




HLUTHAFAFUNDUR CCP hf.

Hluthafafundur CCP hf., kt. 450697-3469, Grandagarði 8, 101 Reykjavík, verður haldinn að Grandagarði 8, 101 Reykjavík, þann 10. nóvember 2006 og hefst hann kl. 17:00.

DAGSKRÁ

I. Tillaga stjórnar CCP hf. um að veita stjórn félagsins heimild í samþykktum félagsins til að hækka hlutafé þess um allt að kr. 200.000 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta. Heimildin gildi í 1 ár og má einungis nota í tengslum við kaup á fyrirtækjum. Hluthafar skulu ekki hafa forgangsrétt til áskriftar að þessum nýju hlutum.

II. Kosning eins varamanns í stjórn félagsins.

III. Önnur mál löglega upp borin.

Stjórn CCP hf.

CCP

# PHILIPS ClearLCD

## VERÐLAUNATÆKNI
### INNOVATION AWARD

EISA AWARDS




ClearLCD beitir hinni byltingarkenndu Aptura™ baklýsingartækni sem skilar háskerpu í myndum með mikilli hreyfingu, stóraukinni dýpt í svörtum tónum og gerir myndina sýnilegri frá miklu víðara sjónarhorni.

**Philips 32PF9531**
32" LCD HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 myndtækni, Clear LCD og Digital Natural Motion, HD Ready, 7.200:1 skerpu, Dynamic Contrast og Active Control, 2x30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, 2 coax (1 inn, 1 út) og USB tengi CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi, fjarstýringu, borðstandi og veggfestingu.

**TILBOÐ**
**229.995**
FULLT VERÐ **329.995**

PIXEL PLUS 2

HD ready

## PHILIPS UPPTÖKUTÆKI MEÐ HÖRÐUM DISK

### AFRITUN BEINT Á DVD AF HARÐA DISKNUM MEÐ EINUM TAKKA

### DVD VIDEO MEÐ 80GB DISK

**Philips DVDR3440H**
Fjölkerfa DVD SPILARI með UPPTÖKU og innbyggðum 80GB HÖRÐUM DISK, allt að 250 tíma upptöku á harða diskinn, allt að 6 tíma upptöku á DVD (DVD+R/RW og DVD-R/RW), FlexTime / hlé á útsendingu, Dolby Digital og DTS, i-Link (DV, Firewire, IEEE1394), 2 Scart, SVHS og RCA AV inn/út, Optical og Coaxial tengi og fjarstýringu.




Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX 3.x/4.x/5.x/6.0 - Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG

**TILBOÐ**
**39.995**
FULLT VERÐ **49.995**

### DVD VIDEO MEÐ 160GB DISK

**Philips DVDR3450H**
Fjölkerfa DVD SPILARI með UPPTÖKU og innbyggðum 160GB HÖRÐUM DISK, allt að 250 tíma upptöku á harða diskinn, allt að 6 tíma upptöku á DVD (DVD+R/RW og DVD-R/RW), FlexTime / hlé á útsendingu, Dolby Digital og DTS, i-Link (DV, Firewire, IEEE1394), 2 Scart, SVHS og RCA AV inn/út, Optical og Coaxial tengi og fjarstýringu.




Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX 3.x/4.x/5.x/6.0 - Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG

**TILBOÐ**
**44.995**
FULLT VERÐ **54.995**

### DVD VIDEO MEÐ 250GB DISK

**Philips DVDR3460H**
Fjölkerfa DVD SPILARI með UPPTÖKU og innbyggðum 250GB HÖRÐUM DISK, allt að 250 tíma upptöku á harða diskinn, allt að 6 tíma upptöku á DVD (DVD+R/RW og DVD-R/RW), FlexTime / hlé á útsendingu, Dolby Digital og DTS, i-Link (DV, Firewire, IEEE1394), 2 Scart, SVHS og RCA AV inn/út, Optical og Coaxial tengi og fjarstýringu.




Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX 3.x/4.x/5.x/6.0 - Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG

**TILBOÐ**
**49.995**
FULLT VERÐ **59.995**

**PHILIPS**
**LCD** ALLAR STÆRÐIR

Dual Media R RW

**Heimilistæki**
www.ht.is

**SÆTÚNI 8** REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
**EYRARVEGI 21** SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.370 **-0,27%** **Fjöldi viðskipta:** 421 **Velta:** 4.678 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Mosaic Fashions** | 4,24% | **Sláturfél. Suðurl.** | 2,56% |
| **Exista** | 0,91% | **Glitnir** | 1,27% |
| **Flaga** | 0,71% | **Avion** | 1,21% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 65,30 +0,00% ... Alfesca 4,90 -1,21% ... Atlantic Petroleum 588,00 +0,00% ... Atorka 6,32 -0,32% ... Avion 35,60 -0,84% ... Bakkavör 60,70 +0,00% ... Dagsbrún 4,80 -0,42% ... FL Group 23,10 +0,00% ... Glitnir 23,30 -1,27% ... Kaupþing 844,00 +0,00% ... Landsbankinn 26,00 -0,76% ... Marel 79,50 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,20 +4,24% ... Straumur-Burðarás 16,90 +0,00% ... Össur 119,00 -0,42%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Allra síst einkaaðilum**
Einkaframtakið fær ekki að fara inn í Landsvirkjun sem nú er að öllu leyti í eigu ríksins. Í umræðum á Alþingi sagði formaður Framsóknarflokksins, Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, að ekkert lægi fyrir að Landsvirkjun yrði seld og „allra síst einkaaðilum“, eins kemur frá í frásögn Morgunblaðsins. Reynslan hefur sýnt sig að miklir kraftar losnuðu úr læðingi við einkavæðingu bankakerfisins en valdhafar telja best að opinberir aðilar skammti orkuna. Víst er talið að fjölmargir einkaaðilar og lífeyrissjóðir hefðu áhuga á að fjárfesta í orkugeiranum ef tækifæri byðust og er skemmst að minnast orða Hannesar Smárasonar, forstjóra FL Group, sem sagði á fundi hjá Glitni á dögunum að sér fyndist þetta spennandi vettvangur.



**Lágt verð?**
Út frá kaupverði ríkisins á fimmtíu prósenta eignarhlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun er verðmæti félagsins um sextíu milljarðar króna. Miðað við bókfært eigið fé LV um mitt þetta ár er ríkið að greiða 17 prósenta yfirverð á eigið fé sem þætti að öllum líkindum gjafvirði á hlutabréfamarkaðnum. Þá má telja líklegt eigið fé LV hafi hækkað á seinni hluta ársins vegna gengishagnaðar af erlendum skuldum. Þá skilaði orkurisinn sjö milljarða rekstarhagnaði fyrir afskriftir (EBITDA) eða fjórtán milljörðum á ársgrundvelli og ríkið aðeins að borga fjórfalda „EBITDU“. Þó ber auðvitað að hafa í huga að LV er óskráð fyrirtæki og enginn annar kaupandi til staðar en ríkið sem var eitt um hituna.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Kreditkortavelta heimila var 22,9 prósentum meiri í janúar til september 2006 en í janúar til september á síðasta ári. Debetkortavelta jókst um 6,8 prósent í janúar til september 2006. Samtals jókst innlend greiðslukortavelta heimila síðustu tólf mánuði um 14,1 prósent.

Kreditkortavelta Íslendinga erlendis jókst um 36,4 prósent í janúar til september 2006 frá sama tíma árið áður. Erlend greiðslukortavelta hérlendis jókst um 17,4 prósent í janúar til september 2006 borið saman við janúar til september 2005.

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar var útflutningur í október 20,0 milljarðar en innflutningur 26,8 milljarðar. Vöruskiptajöfnuður var því óhagstæður um 6,8 milljarða, samkvæmt bráðabirgðatölum.

# FL eykur við sig í Glitni og Mosaic

### Hluturinn í Glitni metinn á tæpa 100 milljarða.

Verðmæti hlutabréfa FL Group í Glitni eru metin á 97 milljarða króna eftir að FL jók hlut sinn í bankanum í vikunni. Nemur eignarhluturinn nú um 29 prósentum en var um tíu prósent í ársbyrjun.

FL Group hefur enn fremur verið duglegt að kaupa bréf í Mosaic Fashions, móðurfélagi tískuverslanakeðja, að undanförnu. Félagið situr nú í fimmta sæti stærstu hluthafa Mosaic með 4,4 prósenta hlut.

Kaupin þurfa ekki að koma á óvart, enda er FL í hópi stærstu fjárfesta á innanlandsmarkaði. Félagið er stærst í Glitni, næststærst í Straumi-Burðarási og meðal sex stærstu eigenda í Alfesca, Dagsbrún, Össuri og Mosaic samkvæmt hluthafalista sem birtur er á heimasíðu Kauphallarinnar. **- eþa**

**NOKKRAR HLUTABRÉFASTÖÐUR FL GROUP Á INNANLANDSMARKAÐI**

| | Eignarhlutur | Markaðsvirði í milljörðum |
|---|---|---|
| Glitnir | 29,3% | 96,9 |
| Straumur | 26,6% | 46,6 |
| Dagsbrún | 7,5% | 2,2 |
| Mosaic | 4,4% | 2,2 |
| Össur | 3,3% | 1,5 |
| Alfesca | 3,5% | 1,0 |

# Óbreyttur hagnaður Storebrands

Norska fjármálafyrirtækið Storebrand hagnaðist um nærri 3,3 milljarða króna fyrir skatta á þriðja ársfjórðungi og stóð hagnaður í stað á milli ára. Fyrir fyrstu níu mánuði ársins hagnaðist Storebrand um 11,7 milljarða króna fyrir skatta sem er um tíu prósenta aukning frá 2005.

Kaupþing er með tæplega átta prósenta hlut í Storebrand en ætla má að Íslendingar séu stórtækari en það.

Rekstrartekjur samstæðunnar námu tæpum níutíu milljörðum á tímabilinu.

Storebrand starfrækir ekki einvörðungu hefðbundna bankastarfsemi heldur einnig líftryggingastarfsemi og eignastýringu. Af einstökum sviðum myndast stærstur hluti hagnaður af líftryggingum. **- eþa**



**STOREBRAND Í ÓSLÓ** Hagnaður félagsins stóð í stað milli ára.


## Mömmustund



Mömmustund er ætluð mæðrum með ungabörn frá 2 mánaða aldri. Áhersla er lögð á þægilegt andrúmsloft og getur móðirin sinnt þörfum barnsins án þess að trufla aðra. Mömmustund byggir á áhrifaríkum grindarbotns- og styrktaræfingum, ásamt endurnærandi teygjum og slökun.

Námskeiðið er í 6vikur og er kennt á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum kl. 11 í Technosport, Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði.

***Allar mæður á námskeiðinu geta keypt sér heilnudd á aðeins 2500 kr.***

**Kennarar:** Kristín Björg Robe Yoga kennari og Borghildur Sverrisdóttir FitBall- og einkaþjálfari. Skráning er hafin í síma 691 0381.

Verð aðeins 14.900 kr

***Minnum einnig á Robe Yoga, morgun- og kvöldtímar***

TECHNOSPORT
Bæjarhraun 2, 220 Hfj


# Aðhalds er enn þörf þótt verðbólguhorfur séu betri

**Stýrivextir Seðlabanka Íslands verða óbreyttir um sinn 14 prósent. Bankinn kynnti ákvörðun sína í gærmorgun um leið og kynnt var efnahagsrit bankans, Peningamál. Bankinn segir tímasetningu ríkisins í skattalækkunum í mars bagalega og til þess fallna að stuðla að hærra vaxtastigi.**



**AÐALHAGFRÆÐINGURINN OG SEÐLABANKASTJÓRARNIR VIÐ UPPHAF FUNDAR** Seðlabankinn kynnti í gærmorgun ákvörðun sína um að hafa stýrivexti óbreytta að sinni, auk þess sem kynnt var nýjasta útgáfa Peningamála, efnahagsrits bankans. Hér sjást Arnór Sighvatsson aðalhagfræðingur, lengst til vinstri og frá honum talið seðlabankastjórarnir Ingimundur Friðriksson, Eiríkur Guðnason og Davíð Oddsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Verðbólguhorfur hafa batnað verulega frá því Seðlabanki Íslands birti síðasta mat sitt,“ segir Davíð Oddsson seðlabankastjóri. Bankinn kynnti í gær ákvörðun sína um óbreytta stýrivexti, en þeir standa í 14 prósentum.

„Verðbólga á þriðja ársfjórðungi jókst minna en spáð var í júlí og langtímahorfur eru einnig hagfelldari nú en þá. Þær eru þó enn óviðunandi og kalla á aðgát og aðhald. Væntingar um hraða lækkun stýrivaxta á næstunni eru því ekki raunsæjar,“ bætir hann við. Seðlabankinn hefur ákveðið að vera með aukavaxtaákvörðunardag 21. desember næstkomandi og fer eftir þróuninni fram að þeim tíma hvaða ákvörðun verður þá tekin. Greiningardeildir banka hafa spáð því að vaxtahækkunarferli bankans sé lokið, en Davíð sagði alls ekki útilokað að hækka þyrfti stýrivexti í desember.

Tímasetning nýrra ákvarðana stjórnvalda um að aflétta gjöldum af innfluttum matvælum í mars á næsta ári segir Seðlabankinn óheppilega. Er það mat bankans að stýrivextir þurfi að vera 25 til 50 punktum hærri út tveggja ára spátímabil bankans vegna hennar. „Markmið nýkynntra ákvarðana er að auka kaupmátt ráðstöfunartekna almennings. Þær ákvarðanir munu hins vegar draga úr aðhaldi og tefja því fyrir nauðsynlegri aðlögun þjóðarbúskaparins. Aðgerðirnar draga ekki úr undirliggjandi verðbólgu þótt mæld verðbólga minnki um sinn,“ áréttar Davíð og segir bankann jafnframt á móti því að rýmka á ný heimildir Íbúðalánasjóðs til lánveitinga. Eins segir Davíð að bankinn telji að ekki hafi verið tímabær ákvörðun hjá stjórnvöldum að draga úr hömlum á útgjöldum ríkisins. Hann segir áhrifin af aðhaldsaðgerðum ríkisins lítil. „Ef þær hefðu staðið þá hefðu þær haft einhver áhrif, en þær stóðu mjög stutt þannig að mjög erfitt er að meta að áhrifin hafi verið önnur en sálfræðileg um tíma.“

Langmikilvægasti óvissuþátturinn í spá Seðlabankans um þróun efnahagsmála er að sögn Arnórs Sighvatssonar, aðalhagfræðings bankans, gengi krónunnar, en hann kynnti Peningamál, efnahagsrit bankans. „Land með viðskiptahalla sem nemur fimmtungi af landsframleiðslu á gríðarlega mikið undir vilja erlendra lánadrottna til að fjármagna þennan viðskiptahalla,“ segir hann og bendir á að þótt hratt dragi úr honum verði hallinn enn „ósjálfbær“ í lok tveggja ára spátímabils bankans, samkvæmt grunnspá. „Verulega aðhaldssamari peningastefna en er í stýrivaxtaferlinum sem liggur grunnspánni til grundvallar myndi auðvitað draga verulega úr þessari áhættu,“ segir hann. **olikr@frettabladid.is**

# Viðskiptahallinn ofmetinn?

### SA segja gengishækkanir hlutabréfa í útlöndum í fyrra draga úr hallanum.

Samtök atvinnulífsins telja að raunverulegt ójafnvægi í utanríkisviðskiptum þjóðarinnar sé minna en opinberar hagtölur gefa til kynna.

Á síðasta ári samanstóð viðskiptahallinn af 93 milljarða vöruskiptahalla, 31 milljarða halla á þjónustujöfnuði og 37 milljarða halla á jöfnuði þáttatekna. Síðastnefndi liðurinn hefur vaxið mikið undanfarin ár, vegna mikillar erlendrar lántöku og fjárfestinga erlendis. Undir hann flokkast fjármagnsgjöld og fjármagnstekjur frá útlöndum.

Tekjur af erlendum eignum námu 85 milljörðum króna á árinu 2005. Þær skiptust þannig að ávöxtun hlutafjár nam 64 milljörðum og tekjur af öðrum eignum 21 milljarður. Sett í samhengi við meðalstöðu eigna á árinu 2005 fæst að ávöxtun var aðeins 4,7 prósent, sem er heldur lágt í ljósi þeirrar velgengni og mikla hagnaðar sem var af starfsemi útrásarfyrirtækjanna á síðasta ári.

SA segja að ein skýringin á þessari lágu ávöxtun sé að vegna varfærinna uppgjörsaðferða myndar stór hluti þessara eigna mjög litlar tekjur í greiðslujöfnuði. Ef þáttatekjurnar væru skilgreindar þannig að gengishækkun hlutabréfa og hlutabréfasjóða væri talin til tekna í uppgjörinu, og af varfærini gert ráð fyrir tíu prósenta hækkun erlendra hlutabréfa í eigu Íslendinga, þá hefði viðskiptahallinn ekki talist vera 160 milljarðar króna í fyrra heldur hundrað milljarðar. **- hhs**



**VILHJÁLMUR EGILSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI SA** Samtök atvinnulífsins telja að ójafnvægi í utanríkisviðskiptum sé minna en opinberar tölur gefa til kynna.

# Afnemum VSK

## af öllum húsgögnum

Álagður virðisaukaskattur á húsgögn á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti

## Auka afsláttur af völdum vörum

## allt að 40%

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



Gildir til 5. nóvember

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kaupin á Landsvirkjun:

## Óljóst markmið

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Um nokkurn tíma hefur staðið til að ríkissjóður keypti eignarréttindi Reykjavíkur og Akureyrar í Landsvirkjun. Nú hafa verið undirritaðir samningar þar að lútandi. Í tíð fyrri borgarstjórnarmeirihluta stönduðu samningar á andstöðu Vinstri græns.

Eignarréttindi Reykjavíkur og Akureyrar í Landsvirkjun eru takmörkuð að því leyti að sveitarfélögin hafa ekki sjálf ráðstöfunarrétt yfir eignarhlutanum. Hann er háður breytingum á lögum. Að ákveðnu marki var ríkisvaldið því beggja megin borðsins í þessum samningum.

Andvirði eignarhluta sveitarfélaganna virðist hins vegar vera metið eins og um ótakmörkuð eignarréttindi sé að ræða er þau hafi fullan ráðstöfunarrétt yfir. Í því ljósi sýnast Reykjavíkurborg og Akureyrarbær hafa gert afar góðan samning.

Af hagsmunahóli sveitarfélaganna tveggja sýnist þetta því vera kostasala. Reykjavíkurborg hefur verið í verulegum hagsmunaárekstrum sem eignaraðili að Landsvirkjun og á sama tíma nánast einkaeigandi að Orkuveitu Reykjavíkur. Samningurinn leysir borgina á góðum kjörum úr þeirri klemmu.

Að sama skapi verður að líta svo á að hagsmunir ríkisins séu einnig betur tryggðir með því að rjúfa þessi eignatengsl. Landsvirkjun sem áður taldist opinbert fyrirtæki verður nú hreint ríkisfyrirtæki. Það ætti fremur en hitt að auðvelda ríkisvaldinu stefnumótun í orkumálum.

Athygli hlýtur hins vegar að vekja að á þessu kaupstigi málsins virðist margt vera í meira lagi óljóst um markmið ríkisins með kaupunum. Með engu móti verður til að mynda sagt að stefnan í orkumálum sé skýr. Þau eru eigi að síður eitt mesta pólitíska hitamál samtímans.

Á síðasta ári voru kaupáformin studd nokkuð ljósari áformum um þróun orkumálanna. Þá var rætt um sameiningu Landsvirkjunar við önnur ríkisorkufyrirtæki. Lýst var áformum um að breyta nýju fyrirtæki í hlutafélag. Loks átti að setja það á markað árið 2008 og fá að því nýja eignaraðila.

Þessi stefnumörkun er nú komin ofan í skúffu. Tæplega verður sagt að ný stefnumörkun hefði átt að vera skilyrði fryrir kaupum af hálfu ríkisins. En satt best að segja hefði þó verið eðlilegt að tengja þessi tvö atriði saman.

Gallinn við fyrri stefnumörkun var sá að hún byggði ekki á traustum forsendum. Eins og sakir stóðu var óraunhæft að stefna að breytingu á Landsvirkjun í hlutafélag sem skráð yrði á markaði og selt. Þar kom tvennt til:

Í fyrsta lagi er enginn samkeppnismarkaður á orkusviðinu. Samkeppni er þar form að lögum án stoðar í raunveruleikanum. Í annan stað er algjörlega óraunhæft að tala um hlutafélagavæðingu og sölu á markaði án þess að slíta í sundur virkjanaréttindin og orkuframleiðsluna.

Engin skynsamleg rök eru fyrir því að selja virkjanaréttindin og láta verðmyndun þeirra af hendi. Verði það á hinn bóginn gert skiptir í sjálfu sér ekki öllu máli hverjir eiga orkuframleiðsluna.

Fyrri markmið ríkisstjórnarinnar í þessum efnum voru þannig ófullkomin þó að þau hafi verið virðingarverð. En hitt er miklu lakara að nú hefur ríkisstjórnin stigið skref til baka. Markmið hennar nú eru í besta falli óljós. En einmitt á þessu sviði er þörf á lausnum og skýrum markmiðum. Þeirra var sárt saknað við undirritun kaupsamninganna.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ríkisvæðing

Ekki hafa allir verið sammála um einkavæðingu ríkisstofnana og þá deilt ýmist um hvort eigi að einkavæða, hvernig eigi að einkavæða eða hver megi kaupa.

Ekki hefur farið mjög hátt um ríkisvæðingu prentþjónustufyrirtækis sem áður var í einkaeigu og keppti sem slíkt á markaði. Á mánudag kom tilkynning um að Íslandspóstur, sem er í almannaeigu, hafi keypt allt hlutafé í Samskiptum ehf. Íslandspóstur dreifir því ekki bara póstinum þínum í dag, heldur getur prentað hann líka.



### Fjölbreytni í tímaritaútgáfu

Tvö ný tímarit hafa nú litið dagsins ljós. Fyrir nokkru kom út stórt Ísafold og þessa dagana ætti Bistró, nýtt tímarit um mat í umsjón Friðriku Geirsdóttur og Nönnu Rögnvaldsdóttur að vera að berast áskrifendum og í búðir. Auk þessara tveggja tímarita hefur af því heyrst að eitt tímaritið enn sé í burðarliðnum. Það mun bera heitið H og fjalla um tísku.

### En auglýsa samt

Um það hefur verið fjallað í þessu blaði og annars staðar að frambjóðendur í prófkjöri Samfylkingar í Suðvesturkjördæmi megi ekki auglýsa. Bloggararnir Steingrímur Sævarr og Ómar Valdimarsson voru snöggir að finna eindálksauglýsingu Árna Páls í fylgiblaði Fréttablaðsins, þar sem áréttað var að hann sæktist eftir 1. sæti listans, en ekki 2. sætinu eins og fram kom í auglýsingablaði Samfylkingarinnar, sem einnig fylgdi Fréttablaðinu. Þá kann að vera að einhverjir frambjóðendur hafi rekið upp stór augu þegar fjórblöðungur um Gunnar Svavarsson fylgdi Fjarðarpóstinum í gær. Frambjóðendur í prófkjörinu mega gefa út auglýsingabæklinga, en ekki kaupa auglýsingar af prentmiðlum. En ekki fylgir nánari lýsing á því hvað eigi að gera þegar auglýsingabæklingar fylgja prentmiðlum.



svanborg@frettabladid.is

## Sigurstranglegur listi



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Prófkjör

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík um síðustu helgi skilaði sigurstranglegum lista. Geir H. Haarde fékk afdráttarlausa traustsyfirlýsingu. Hann hefur staðið sig vel og lagað flokkinn átakalaust að nýjum aðstæðum. Hver maður hefur sinn stíl og hver tími sinn mann. Geir er maður tímans. Margir hefðu (eins og Geir sjálfur) viljað sjá Björn Bjarnason við hlið hans, í öðru sæti, en Björn hlaut þó svipað fylgi og áður í prófkjörum. Hann er einn öflugasti ráðherrann, fylginn sér og fastur fyrir. Hann hefur verið manna áhugasamastur um hugmyndir og ódeigur við að svara andstæðingum Sjálfstæðisflokksins. Þeir hafa þess vegna einbeitt sér að árásum á hann. Það var mjög miður, að nokkrir ungir sjálfstæðismenn skyldu leggja þeim lið í miðri prófkjörsbaráttu með fávíslegri ályktun um öryggismál, sem auðvitað beindist gegn Birni. Þessir ungu menn köstuðu að vísu svo til höndum, að þeir urðu strax að senda frá sér leiðréttingu við ályktunina.

Ályktunin gegn Birni var samin í því fjölmiðlafári, sem varð eftir oftúlkun Stöðvar tvö á ummælum Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings um öryggisþjónustu lögreglunnar í kalda stríðinu. Í nýlegri Morgunblaðsgrein leiðréttir Guðni þessa oftúlkun skilmerkilega, eins og sönnum fræðimanni sæmir. Hann hafði sagt á Stöð tvö, að líklega hefði framsóknarmaðurinn Ólafur Jóhannesson ekki vitað í dómsmálaráðherratíð sinni af öryggisþjónustunni. Nú tekur Guðni undir það, sem dr. Þór Whitehead prófessor hafði áður haldið fram um vitneskju Ólafs, og kveðst sjálfur hafa frekari heimildir um þetta frá 1971-1974. Þór hefur líka lagt fram gögn um, að framsóknarmaðurinn Steingrímur Hermannsson hafi komið að öryggismálum. Þetta var því engin „leyniþjónusta Sjálfstæðisflokksins“, heldur veikburða tilraun til að tryggja öryggi Íslands í kalda stríðinu. Auðvelt er að gleyma því á okkar sælu friðartíð, að þá starfaði hér hópur, sem tók við fyrirmælum frá Moskvu, þáði þaðan stórfellda fjárhagsaðstoð, hlaut þjálfun í vopnaburði og byltingarfræðum og skirrðist ekki við að beita ofbeldi. Jafnframt þurfti að fylgjast svo sem auðið var með njósnum úr sendiráði Ráðstjórnarríkjanna.

*Fylgi Grazynu Okuniewsku er líka fagnaðarefni: Hún hefur valið að vera Íslendingur, ekki fæðst fyrirhafnarlaust til þess.*

Í upphafi kalda stríðsins beindist heift róttæklinga aðallega að tveimur mönnum, Stefáni Jóhanni Stefánssyni, formanni Alþýðuflokksins, og Bjarna Benediktssyni, varaformanni Sjálfstæðisflokksins. Margir Alþýðuflokksmenn buguðust andlega. Þeir leyfðu öðrum að velja sér forystumenn og veltu Stefáni Jóhanni úr formannsstóli. Sjálfstæðismenn brugðust öðru vísi við og fylktu sér um Bjarna Benediktsson. Því miður verður hið sama ekki sagt um ákafamennina ungu, sem ályktuðu á dögunum gegn Birni Bjarnasyni. Frá þeim var ekki að heyra sjálfstæða rödd, heldur bergmál frá andstæðingum flokksins, sem réðust harkalega á Björn fyrir að kynna tillögur frá öryggissérfræðingum Evrópusambandsins. Þótt Geir H. Haarde brygðist drengilega við Birni til varnar, varpaði ályktunin skugga á prófkjörið, sem heppnaðist að öðru leyti vel.

Guðlaugur Þór Þórðarson vann mestan sigur í þessu prófkjöri og hreppti annað sæti listans. Hann laðar fólk að sér og er vaskur í baráttu, eins og sást á málefnalegri, en harðri gagnrýni hans á framferði R-listans í Orkuveitu Reykjavíkur. Við hann eru miklar vonir bundnar. Tveir aðrir frambjóðendur náðu verulegum árangri. Guðfinna Bjarnadóttir er kappsöm kona og prýðilega menntuð og hefur getið sér orð sem forstöðumaður Háskólans í Reykjavík. Illugi Gunnarsson hefur ígrundaðar skoðanir og kann að rökstyðja þær. Fimm aðrir frambjóðendur skipa næstu sæti og eru líklegir þingmenn, þau Ásta Möller, Pétur Blöndal, Sigurður Kári Kristjánsson, Birgir Ármannsson og Sigríður Andersen. Þau eru öll hin frambærilegustu. Fylgi Grazynu Okuniewsku er líka fagnaðarefni: Hún hefur valið að vera Íslendingur, ekki fæðst fyrirhafnarlaust til þess.

Sjálfstæðisflokknum hefur tekist að endurnýja sig í Reykjavík, jafnframt því sem hann býr að langri reynslu þeirra Geirs og Björns. Það er ekki sami þreytublær á honum og Samfylkingunni og Vinstrigrænum, þar sem sama fólk tyggur sömu tuggur, ár eftir ár, áratug eftir áratug. Sjálfstæðisflokknum er óhætt að vera á miðjunni í komandi kosningum, því að miðjan í stjórnmálunum hefur færst langt til hægri.

## Ofbeldi gegn börnum

**UMRÆÐAN**

Hulið ofbeldi



HÓLMFRÍÐUR ANNA BALDURSDÓTTIR

Í Palestínu búa börn við daglegt ofbeldi og vopnaskak, á Indlandi alast börn upp í vændishúsum, í Síerra Leóne þræla börn í demantanámum, í Súdan og Austur-Kongó hafa börn séð foreldra sína og vini myrta. Víða í Afríku er stúlkubörnum nauðgað af HIV smituðum mönnum og árlega eru yfir milljónir barna seldar eins og hverjar aðrar vörur á milli landa.

Ofbeldi gegn börnum má finna í öllum löndum heims og á öllum samfélagsstigum. Samkvæmt nýrri skýrslu framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem kynnt var á allsherjarþinginu nýlega kemur fram að ofbeldi gegn börnum sé iðulega hulið og jafnvel félagslega samþykkt. Með skýrslunni, sem gerð var í samstarfi við UNICEF, Mannréttindaráðið og Alþjóðaheilbrigðisstofnunina, er í fyrsta skipti gerð heildstæð greining á eðli og umfangi ofbeldis gegn börnum.

Í skýrslunni kemur fram að ofbeldi gegn börnum eigi sér margar birtingarmyndir, til dæmis í kynferðislegu ofbeldi, líkamlegum og niðurlægjandi refsingum, vanrækslu, pyndingum, vinnuþrælkun, misnotkun, skaðlegum hefðum (t.d. umskurði stúlkna), þvinguðu hjónabandi, mismunun og heiðursmorðum. Auk þess kemur fram að gerandinn er yfirleitt sá sem barnið á að geta treyst t.d. foreldri, kennari eða yfirmaður.

UNICEF og Barnaheill á Íslandi kynntu skýrsluna sameiginlega hér á landi, enda koma bæði samtökin að gerð skýrslunnar. Samtökin fagna skýrslunni mjög og vonast til að hún verði til þess að draga úr ofbeldi gegn börnum hvar sem það kann að finnast. Ofbeldi gegn börnum getur aldrei verið réttlætanlegt og á ekki að viðgangast undir nafni aga eða vegna menningarlegra hefða. Þó svo að börn á Íslandi búi við betri kost en jafnaldrar þeirra víða annars staðar, þá megum við vel gera betur. UNICEF á Íslandi og Barnaheill hvetja þau sem koma að málefnum barna á Íslandi að taka skýrsluna til athugunar.

*Höfundur er upplýsingafulltrúi UNICEF Ísland. (Greinin er birt í heild á Visir.is undir Skoðun)*



EKKERT BRUÐL
Hér koma Bónustilboðin!
Sjáðu verðið!
...fyrir góðan dag!
FROSIN LAMBALÆRI
KÍLÓVERÐ NÚ:
879 KR.
Merkt verð 1098KR.
Súkkulaði ís 2
BÓNUS
2 lítrar
159 KR.
Frosið og snyrt
lambalæri
KS slátrun 2006
2 lítrar
79 KR.
Coca-Cola light
400g
198 KR.
PIZZA ROMA
ROYALE
PIZZA ROMA
SPECIALE
Kartöflu salat
Hrá salat
KF SALAT
98 KR.
350g
www.bonus.is
Sama verð í öllum Bónusverslunum á landinu!



BÓNUS
Florida
BÓNUS
1 lítri
98 KR.
Orkukubbur
600g
98 KR.
ORKUKUBBUR
FJÖLKORNABRAUÐ
Fjölkornabrauð
10 gæðakleinur
10 kleinur
98 KR.
KLEINUR
Súkkulaðihringir Bónus
5+1
98 KR.
2 kíló!
57 KR.
PREMIER/RAUÐAR/ GULLAUGA
Gullauga Premier Rauðar
BRAGÐGOTT
Sveitabjúgun kofareyktu
35% afsláttur
KJARNAFÆÐI
KOFAREYKT SVEITABJÚGU
Sveitabjúgun vinsælu KÍLÓVERÐ NÚ:
195 KR.
Merkt verð 299 KR.
KJARNAFÆÐI
400g
29 KR.
Peas • Ärtor • Herneita
EURO SHOPPER
42
19
Thule 500 ml
THULE
LÉTTÖL
HÁLFUR LÍTRI
39 KR.
500 ML
Handverkshnallþóra:
Stjáni bakari bregst ekki!
GULRÓTARTERTA
599 KR.
STOLTIÐ HANS STJÁNA
Gulrótarterta 890g
REMI
100g
98 KR.
CONDIS
125g
79 KR.
100g
98 KR.
Toffypops
Nú er 20%
á 17% og 20
Nýr og breyttur!
GÆÐA GRÍS
Brauðskinka







# allt



## ALLT HITT

[ MATUR TILBOÐ ]



**Lífrænt** ræktaðir Chiquita-bananar verða á tilboðsverði í Hagkaupum næstu daga og kosta aðeins 198 krónur kílóið.

**Jólahlaðborð** Hótel Arkar hefjast laugardaginn 18. nóvember og veislustjórar í ár verða Gísli Einarsson og Ómar Ragnarsson. Dagana 26. nóvember, 3. desember og 10. desember verður svo krakkajólahlaðborð á Hótel Örk þar sem Bárður úr Stundinni okkar mun skemmta börnunum.

**Tískuverslunin** Iðunn verður með tuttugu prósenta afslátt af blússum fram á sunnudag.

**MS** hefur nú hafið framleiðslu á sykurskertri hrísmjólk með jarðarberjasósu og hindberja- og trönuberjasósu.

**Innréttingar** og tæki verða með sértilboð í nóvember af ýmsum innréttingum.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 3. nóvember, 307. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.16 | 13.11 | 17.05 |
| Akureyri | 9.12 | 12.56 | 16.39 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Guðrún Pálína Sveinsdóttir hefur oftar en einu sinni eldað fyrir Margréti Þórhildi Danadrottningu. FRETTABLAÐIÐ/GVA

# Eldað fyrir kóngafólk

***Eftir sautján ára búsetu í Danmörku er Guðrún flutt til Íslands og byrjuð að gera smurbrauð á Jómfrúnni í Lækjargötu.***

Guðrún Pálína Sveinsdóttir hefur verið vinkona smurbrauðs-jómfrúarinnar Jakobs Jakobssonar í yfir tuttugu ár. Fyrir fjórum mánuðum réði hún sig til starfa hjá honum sem yfirkokkur á smurbrauðsstaðnum góða við Lækjargötuna, en áður bjó hún og starfaði í Kaupmannahöfn í sautján ár. „Núna er ég nýkomin inn í þennan smurbrauðsbransa en í Danmörku var ég lengst af á veitingastað sem heitir Arken og er staðsettur í Nýlistasafninu í Kaupmannahöfn,“ segir Guðrún glöð í bragði þegar blaðamaður spyr hana út í feril hennar í bransanum.

„Á Arken var mestmegnis eldaður kaffihúsamatur, en við sáum líka mikið um veislur og ráðstefnur. Í veisluþjónustunni var yfirleitt mikið að gera og meðal annars sáum við oft um veislur fyrir kóngafólkið. Fyrirtækið sem ég vann fyrir sá líka um matreiðslu fyrir Konunglega leikhúsið og þar var meðal annars haldinn heljarinnar gala-kvöldverður, kvöldið áður en Friðrik og María gengu í það heilaga fyrir tveimur árum. Og svona svo að ég monti mig aðeins þá er gaman að segja frá því að í þessari veislu var samankomið allt kóngafólkið í Evrópu, en ég var ein af fjórtán kokkum sem sáu um veisluna.“

Spurð að því hvort það sé ekki undarlegt að koma af slíkum skala í eldamennsku, yfir í smurbrauðsgerð í henni litlu Reykjavík segist Guðrún hafa vaxið upp úr því að hafa gaman af látunum. „Mann langar bara til að hægja á sér. Það eru allir kokkar þannig. Það endist enginn í endalausum hamagangi. Mér finnst bara gaman að vera komin heim og hlakka til að fá kaldan vetur og vonandi mikinn snjó,“ segir hún að lokum.

*mhg@frettabladid.is*

## Gyllti Kötturinn er eins árs



Gyllti Kötturinn, Austurstræti 8 heldur uppá eins árs afmælið sitt á morgun 4. nóvember og ætlar búðin að bjóða upp á 25 prósenta afslátt af völdum vörum af því tilefni. Búðin selur notuð föt, bæði fyrir stráka og stelpur. Leðurjakka, kjóla, hettupeysur, skó og fleira skemmtilegt er hægt að finna hjá þeim. Kötturinn ætti því að vera í miklu stuði á morgun ásamt viðskiptavinum sínum.




Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

JKE DESIGN
Óteljandi möguleikar
Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

**Jólamaturinn** er á borðum eftir ekki svo langan tíma. Sniðugt er að láta ekki eftir sér hangikjöt, kalkún, hamborgarahrygg eða annað jólalostæti fyrr en seint í desember. Þá eru jólaréttirnir kærkomnari fyrir bragðlaukana.



Fjöruborðið
Og hafið sagði ok.
Við Fjöruborðið
Eyrarbraut 3 • 825 Stokkseyri • S. 483 1550
www.fjorubordid.is • INFO@FJORUBORDID.IS




allt bílar
Alla laugardaga



Marineraður nautavöðvi með tómat, Mossarella og hvítlaukssultu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hráefnið allt úr umhverfinu

***Fjöruborðið á Stokkseyri er frægt fyrir sína ljúffengu humarsúpu og fleira í þeim dúr. Veitingamaðurinn Róbert Ólafsson valdi samt að elda tvo aðra freistandi rétti fyrir Fréttablaðið, báða úr kjöti.***

Róbert leggur sig fram um að velja matvæli úr héraðinu í sína eldamennsku enda er þar ekki í neitt kot vísað. Hvort sem um er að ræða sjávarfang frá Þorlákshöfn, grænmeti úr Hveragerði, kjöt frá Sláturfélagi Suðurlands, kartöflur úr Þykkvabænum, sveppi frá Flúðum eða ost frá Mjólkurbúi Flóamanna er um hágæðavöru að ræða. „Mér finnst skemmtilegt að bera á borð góðan mat úr okkar heimafengna hráefni þó að hugmyndir að matreiðslunni séu oft sóttar út fyrir landsteinana,“ segir hann brosandi.

Fjöruborðið er líka þekkt langt út fyrir landsteinana. Það laðar til sín fjölda gesta allan ársins hring bæði íslenska og erlenda, enda staðsetning, umhverfi og salarkynni í sérflokki og orðsporið eftir því. Yfir veturinn er þar opið eftir klukkan fimm á virkum dögum og svo allar helgar.

Uppskriftirnar eru ætlaðar fyrir sex manns.



Róbert nýtur þess að blanda saman íslensku hráefni og erlendum aðferðum í sinni matreiðslu.

**Marineraður nautavöðvi með tómat, mossarella og hvítlaukssultu**

500 gr nautafille
3 dl rauðvín
svartur pipar grófmalaður
hvítur pipar grófmalaður
rósapipar kraminn

Snyrtið kjötið og leggið í rauðvínið í 24 tíma. Þerrið það og veltið upp úr piparblöndunni. Pakkið inn í plast og geymið í kæli í að minnsta kosti 5 sólarhringa. Skerið í þunnar sneiðar.

3 tómatar vel þroskaðir
3 Mossarellakúlur
Ólífuolía
Basil
Gróft salt

Skerið tómatana og ostinn í sneiðar og raðið upp í turn. Saxið basil og stráið yfir ásamt salti og látið olíu drjúpa yfir.

6 hvítlauksrif
1 dl ólífuolía
2 dl púðursykur
1/2 dl Balsamik edik.

Ristið hvítlaukinn í olíunni í litlum potti. Setjið í matvinnsluvél ásamt sykri og edikinu og maukið vel.

**Kryddjurtahjúpað lambafille með kartöflu „tapenade“, steiktum sveppum og humarsósu**

6 x 180 g lambafille vel snyrt
1 dl rjómi
1 tsk. dijon sinnep
1 stk. eggjarauða

Pískið saman og veltið kjötinu upp úr leginum.

**Kryddhjúpurinn**

1 bolli hvít brauðmylsna
1 hvítlauksrif
börkur af 1/2 sítrónu
1 dl söxuð steinselja
1 dl basil
1 msk. ferskt timian
1 tsk. salt
Pipar

Setjið allt í matvinnsluvél í sirka 5 mínútur. Hellið í bakka, veltið kjötinu upp úr og þrýstið vel utanum kjötið. Setjið í 180° heitan ofn í 13 mínútur og hvílið í fimm mínútur áður en kjötið er borið fram.

**Kartöflur**

4 stórar bökunarkartöflur
1 dl svartar steinlausar ólífur
1 dl sólþurrkaðir tómatar
1 msk. kapers
1/2 dl ólífuolía
salt og pipar

Bakið kartöflurnar heilar í ofni. Ólífur, tómatar og kapers er maukað í blandara. Þegar kartöflurnar eru bakaðar eru þær skornar í tvennt og skafið innan úr og blandað saman við ólífumaukið.

**Steiktir sveppir**

Blandaðir sveppir eins og kantarellur, shitaki og kóngasveppur eru hreinsaðir vel og steiktir í pönnu með smjöri og hvítlauk.

**Sósan**

4 bollar humarsoð
2 bollar rjómi
2 msk. smjör
1 dl brandí

Sjóðið soðið og rjómann niður um 2/3 með brandíinu. Þeytið köldu smjörinu út í og kryddið með salti og pipar.



Kryddjurtahjúpað lambafille með kartöflu „tapenade“, steiktum sveppum og humarsósu.

# Fagmenn í fóðurleit

**ÚT AÐ BORÐA MEÐ LIONEL**

## *Reykjavík Pizza Company*

LAUGAVEGI 81



Bjuggust við betri þjónustu.

Á því herrans ári hundsins 4704 útskrifuðust Sigurður Eggertsson og Þorbjörn Sigurbjörnsson úr Háskóla Íslands og hlutu réttindi til þess að bera titilinn fagmaður. Fagmennirnir réðust strax í sitt fyrsta verkefni; að gera úttekt á fóðri því sem boðið er upp á í hádeginu á Laugaveginum. Fóðurleitin hefst efst á Laugaveginum og eru staðirnir teknir í réttri röð alla leið niður að Bankastræti.

**BORÐAÐ:** 16" Íslendingur.

Gæði fæðis: Upplifunin af pitsunni var að hún hafi verið gerð í flýti. Lúkkar vel en vantar tötsið. Ekki laust við hráleika í botni bökunnar. Pitsur eru eins og kynlíf, slæmt kynlíf er þó kynlíf. Þessi pitsa var eins og slappt kynlíf, gott til að byrja með en lognast svo út af.

**VERÐ:** Rétt rúmlega 2000 kall. Eðlilegt? maður spyr sig.

**STEMNING:** Skemmtileg miðbæjarstemning þar sem gott útsýni er af efri hæðinni yfir ráfandi róna og jakkafataklædda plebba. Fyrir þá sem ekki þekkja muninn á róna og plebba, þá eru rónar ekki allir eins klæddir. Kósí staður, vellíðan, réttlæti.

**ÞJÓNUSTA:** Ekkert spes. Staðurinn er heillandi að utan sem innan og því bjuggumst við óneitanlega við betri þjónustu. Hér sannast hið fornkveðna að bókina skal ekki dæma af kápunni einni.

**DOLLAN:** Skínandi góð. Hátt til lofts svo fnykur stígur hratt upp. Nægt fótarými, niðurfall á gólfi (öryggisatriði). Kúkalyktareyðir á veggjum og pappírsþurrkur í stað handblásara enda nær handblásari aldrei að þurrka lúkurnar.

**ANNAÐ:** Það stakk í augun að sjá 3 pitsur kenndar við bakara (rólegi-, reiði- og eldbakarinn), 5 pitsur kenndar við bændur (kalkúna-, grænmetis-, kartöflu-, kjúklinga- og svínabóndinn) en enga kennda við kennara, hvað þá fagmenn. Þetta er atriði sem vissulega svíður og má túlka sem einelti, þar sem starfsstéttir eru skildar útundan vegna yfirgangs annarra. *Fagmenn þakka fóðrið*

**KENNARAEINKUNN:**
EKKI UPP Á MARGA FISKA. 18 FISKAR AF 37.





- með ekta ítölskum mascarpone

Kleppsvegi 152 Mán. - fös. 7 - 18. Lau. - sun. 7 - 16.
Smáralind Mán. - fös. 11 - 19. Lau. 11 -18. Sun. 12 -18.


# Jólasíld með hátíðlegu eftirbragði

***Jólasíldin frá Ora í ár kemur á markað á næstu dögum. Hún er meðal annars bragðbætt með negul, einiberjum og rósapipar.***

Ora hefur komið fram með nýja útgáfu af síld fyrir hver jól síðan 2003. Hún er sérverkuð og marineruð og ný uppskrift búin til á hverju hausti. Tilgangurinn er sá að vekja eftirvæntingu og skapa hefð í kringum jólasíldina eins og tíðkast víða í nágrannalöndum okkar. Þannig er þetta einnig í ár. Fyrra föstudag var haldin heilmikil veisla í húsakynnum Ora við Vesturvör í Kópavogi til að halda upp á að lögnin er tilbúin. Þar gæddu menn og konur sér á rúgbrauði og síld í miklu magni og varð gott af enda hvort tveggja bráðhollt.




Jólasíld Ora 2006 er í glerkrukku með gylltum miða og á eftir að taka sig vel út á veisluborðum landsmanna.

Svo notuð séu orð Magnúsar Magnússonar, markaðsstjóra Ora og kynnisins á hátíðinni, þá er jólasíldin í ár bragðbætt og skreytt með negul, einiberjum, dill, rósapipar, sinnepsfræjum og lárviðarlaufi. Útkoman er miðlungssæt maríneruð síld með hátíðlegu eftirbragði af kryddjurtum og lárviðarlaufi.


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




# Heitustu réttirnir eru kaldir réttir!




Tandoori- og Terryaki kjúklingur með grænmeti




Kjúklingur, grænmeti og Sushi




Blandað Sushi




Sesamnúðlur með kjúkling og grænmeti




Laxa-nigiri sushi




Lax, grænmeti og Sushi




Laxa Sushi




Wrap með kjúkling og grænmeti

Ljúffengur, ferskur og hollur matur frá matreiðslumeisturum Nings

NINGS
–og kroppurinn blómstrar!

VEITINGAHÚS NINGS
SUÐURLANDSBRAUT 6,
HLÍÐASMÁRA 12 OG VIÐ GULLINBRÚ
WOK BAR NINGS
SMÁRALIND OG HAGKAUP KRINGLUNNI

WOK BAR



Morten Skinstad Haakenstad er besti sjávarréttkokkur Noregs og  kokkar á VOX resturant

# Besti sjávarréttakokkur Noregs á Nordica

***Morten Skinestad Haakestad, matreiðslumaður á VOX restaurant Nordica, hefur verið búsettur á Íslandi um nokkurt skeið. Hann ætlaði aðeins að skreppa heim í helgarfrí til Noregs þegar hann fékk skyndilega boð um að taka þátt í matreiðslukeppni í Noregi sömu helgi. Hann galdraði fram glæsilegan humarrétt á mettíma og kom aftur til Íslands hampandi titlinum besti sjávarréttakokkur Noregs.***

Morten hefur alltaf fundist Ísland vera spennandi og heyrt mikið um land og þjóð. Hann segir að Íslendingar séu mjög þekktir í hinum alþjóðlega matreiðsluheimi fyrir frumleika og góða frammistöðu. „Mig langaði að fara út í heim til að öðlast meiri reynslu í mínu fagi," segir Morten og heldur áfram: „Ég hafði mikið heyrt af VOX restaurant enda er það þekktur veitingastaður meðal fagmanna."

Morten hafði aðeins verið á VOX resturant í stuttan tíma þegar hann fékk tækifæri til að taka þátt í keppninni besti sjávarréttarkokkur Noregs, sem fór fram í Björgvin í Noregi fyrir nokkru. Morten fékk að launum ferð á hið heimsþekkta matreiðslumót Bocuse d´or í Lyon í Frakklandi og hlakkar mikið til ferðarinnar. Morten er sérstaklega hrifinn af sjávarréttum og því viðeigandi að koma til Íslands til að upplifa íslenska fiskinn. Fámenni þjóðarinnar kom honum þó mest á óvart. „Það er hreint út sagt ótrúlegt hvað íslenskt matreiðslufólk gerir stórkostlega hluti, þar sem þið eruð svo fá," segir Morten brosandi. Íslenska hráefnið er ofarlega í huga Mortens sem hann segir vera mjög gott að vinna með. „Fiskurinn er einstaklega ferskur á Íslandi og það er frábært að fá tækifæri að vinna með slíkt gæða hráefni." Hann hrósar mjög yfirmatreiðslumanninum Sigurði Gíslasyni og öðrum starfsmönnum og segist eiga eftir að sakna Íslands. „Það hefur verið tekið einstaklega vel á móti mér og ég þrífst mjög vel á Íslandi," segir Morten. Hann skilur þónokkuð í málinu en er ekki farinn að slá um sig á íslensku enn. „Eldhúsið á sitt eigið tungumál og það er nánast hægt að fara í hvaða eldhús sem er í heiminum og elda án þess að kunna tungumál landsins," segir þessi hæfileikaríki listakokkur hlæjandi. Morten er á VOX resturant fram að áramótum, en útilokar ekki að koma aftur til Íslands síðar.

Verðlaunarétturinn er sjávarrétta smáréttur sem Morten galdraði fram á mettíma.

Vanillusteiktur humar með blómkáli, geitaostkrem, tómatsorbée, steinseljufroðu, steinselju olíu, rúgbrauð „crisp".

VOX restaurant er nútímalegur staður þar sem andrúmsloftið er þægilegt og afslappað. Sigurður Gíslason yfirmatreiðslumaður segir staðinn leggja metnað sinn í að vinna í anda hins nýja norræna eldhúss. „Megináherslan er lögð á norrænar matreiðsluhefðir og notkun árstíðabundins hráefnis úr okkar nánasta umhverfi," segir Sigurður og bætir við: „Við viljum hafa sem fæsta milliliði og leggjum mikla áherslu á að þekkja uppruna hráefnisins,"

**VANILLU STEIKTUR HUMAR**
8 humrar
1 vanillu stöng
100 g smjör
salt
pipar

Hreinsið humarinn og fjarlægið þarma.
Brúnið smjörið á pönnu með vanillunni til það er hnetubrúnt.
Steikið humarinn í smjörinu í ca. 1 mínútu á hverri hlið og látið hann síðan hvíla í ca. 2 mínútur á heitum disk. Kryddið með salt og pipar.

**FREYÐANDI STEINSELJUSÓSA**
1 búnt steinselja
3 dl vatn
1 hvitlauks rif

Setjið hvítlauk í vatn og látið suðu koma upp. Bætið síðan steinseljunni í vatnið í 3 mínútur. Takið síðan steinseljuna upp og kælið í ísvatni. Leggið stilkina af steinseljunni í soðna vatnið og látið það kólna í stofuhita þangað til það er u.þ.b. 40 gráður. Takið stilkina úr vatninu og hellið soðinu í matvinnsluvél með soðnu blöðunum og blandið saman. Kryddið með salti og pipar eftir smekk.

**BLÓMKÁLSVENDIR**
200 g blómkál
salt pipar
smjör til steikingar

Skerið blómkálið í litla bita og steikið í smjöri þangað til það er meyrt.

**STEINSELJUOLÍA**
200 g steinselja
1 hvítlauksrif
Börkur af hálfri sítrónu
2 dl maísolía
Blandið öllu saman í matvinnsluvél.
Hellið öllu yfir í lítinn pott og fáið upp suðu. Síið í gegnum fínt sigti.








Hótel Nordica fram að áramótum.



## *Humarfylltur lax frá Sigurði Gíslasyni yfirmatreiðslumeistara á VOX restaurant*

Humarinn er kryddaður með sítrusberki og örlítilli Haustsól (íslenskt kryddvín), þá er hann léttsteiktur í pönnu í ca. 1 mínútu. Laxaflökin eru beinhreinsuð og roðflett, skorið skarð í flakið og humarinn settur í miðjuna, mynduð er rúlla sem er svo vafin upp í plastfilmu. Rúllan er elduð við 60°C í ca. 25 mín. eða að kjarnhita 40°C. Svo er rúllan tekin úr plastinu og krydduð með íslensku söl, þurrkuðum sítrusberki, söxuðu dill og salt og pipar.

Gefin er með þessu Haustsólar smjörsósa, til að búa hana til eru 3-4 skarlottulaukar hitaðir í potti með olíu þar til þeir eru glærir, 3 dl af Haustsól hellt yfir og látið krauma í 10 mín, þá er laukurinn sigtaður frá og kalt smjör í kubbum pískað saman við sólina þar til þykk eins og sósa. Eftir það má sósan alls ekki sjóða, brögðuð til með salti, pipar og nokkrum dropum af víninu. Meðlætið er nýupptekið kartöflusmælki, blanda af soðnu lífrænt ræktuðu íslensku grænmeti og grænertur.



Pálmi Jónsson aðstoðaryfirmatreiðslumaður, Morten Skinstad Haakenstad frá Noregi og Sigurður Gíslason yfirmatreiðslumaður Vox restaurant Nordica.

**RÚGBRAUÐ „CRISP"**
2 sneiðar rúgbrauð
salt
pipar
smjör
smjör til steikingar

Skerið rúgbrauðssneiðarnar í litla teninga og ristið í smjöri á pönnu. Þurrkið í ofni í 10 mínútur við 150 gráður. Leggið á þurrt handklæði og kryddið með salti, pipar og sykri.

**BLÓMKÁL OG GEITAOST KREM**
300 g blómkál
3 dl g mjólk
100 g mjúkur geitaostur
hýði og safi úr einni sítrónu
salt
pipar

sjóðið blómkálið í mjólk þangað til það verður mjúkt. Takið blómkálið upp úr og látið í matvinnsluvél með geitaostinum þangað til það er orðið maukað. Bætið við eftir smekk fínrifnu sítrónuhýði, sítrónusafa, salti og pipar.

**TÓMATAÍSKRAP**
10 plómutómata
1\2 tsk salt
2 stilkar basilikum
100 g sykur
25 g glúkósi
1 dl vatn
safi úr einni sítrónu
Fjarlægið kjarnann og skerið örlítið op efst á hvern tómat. Snöggsjóðið þá í 15 sekúndur áður en þeir eru settir í ísvatn.
Flysjið tómatana og setjið í matvinnsluvél með saltinu. Sjóðið sykur, glúkósa, vatn og basilikum. Látið það standa í stofuhita í ca. 2 tíma. Takið basilikum upp úr og hellið sykurblöndunni út í tómatana og setjið út í sítrónusafa eftir smekk. Frystið í ísvél eða í frysti þar sem er reglulega hrært í ískrapinu.

segir Sigurður Gíslason, yfirmatreiðslumaður á VOX restaurant. Veitingastaðurinn er í sambandi við bændur sem rækta lífrænt grænmeti sem kemur beint í hendurnar á matreiðslumönnum VOX án milliliða eins og annað hráefni. „Fiskurinn kemur líka til okkar nánast beint úr bátnum og við leggjum okkur fram við að fá nýjan fisk á hverjum degi," segir Sigurður og bætir við: „Við skiptum síðan út fiskréttum á matseðlinum miðað við hvaða fisk sjómenn eru að veiða hverju sinni." Sigurður segir sama eigi við um kjötmeti. „Við reynum eftir fremsta megni að þekkja uppruna kjötsins og vera í sambandi við bændur og veiðimenn og leggjum við okkur líka fram um að matreiða úr sem flestum hlutum skepnunnar," segir Sigurður. VOX tekur reglulega á móti gestakokkum, gjarna frá Norðurlöndunum, sem framreiða íslenska rétti á sína vísu. Sigurður segir VOX hafa gaman af því að taka íslenska þjóðlega rétti og gera með sínum brag og nefnir til dæmis íslensku kjötsúpuna sem hann hefur fært í nýstárlegan búning. Mikill metnaður er lagður í vínlista á VOX og er vínþekking þjóna með því betra sem þekkist í Evrópu. „Vínþjónninn á VOX restaurant, Elísabet Alba Valdimarsdóttir, er nú á leiðinni til Kaupmannahafnar um þessar mundir til að keppa fyrir hönd Íslands í Norðurlandakeppni vínþjóna, sem er ein sú virtasta í heiminum.

*rh@frettabladid.is*


Tékkaðu á honum
– þú verður ekki fyrir vonbrigðum




Hinn heimsþekkti
Budweiser Budvar
er seldur til 52 landa
víðs vegar um heiminn.
Vinsældir hans eru
ekki síst að þakka
þeirri staðreynd
að hann er bruggaður
á einum stað og eingöngu
úr bestu fáanlegu hráefnum.
Hann er alltaf, alls staðar
jafn góður.

Budweiser Budvar
LÉTTÖL
UPPÁHALDSBJÓR MARGRA KYNSLÓÐA

**Regnhlíf** kemur að góðum notum ef droparnir taka upp á því að falla á gesti og gangandi í miðborginni.



Ný bók
Rósaleppaprjón í nýju ljósi
Handprjónasambandið
Skólavörðustíg 19 • 552 1890
www.handknit.is



10% afsláttur
af öllum vörum um helgina
marimekko®
Laugaveg 56 • Sími 551 7600

MESTA HANSKAÚRVAL LANDSINS
NÝ SENDING AF HÖNSKUM



VERÐ FRÁ KR. 2.200.-
Tösku- og hanskabúðin
Stærsta töskuverslun landsins
Skólavörðustíg 7, Rvk,
Sími 551 5814

Afmælistilboð!



25% afsláttur
3-11. nóvember
2 ára og fjölbreyttari með hverri árstíð!
Bútasaumsefni, prjónagarn og fatnaður.
Vertu velkomin!
Diza
Laugavegur 44 • S: 561-4000 • www.diza.is




Gerða Kristín Lárusdóttir og Hrafnhildur Þórarinsdóttir hafa skapað heimilislegt og ævintýralegt andrúmsloft hjá Frú Fiðrildi, Laugavegi 39. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ævintýraheimur Frú Fiðrildi

***Í lok sumars opnaði verslunin Frú Fiðrildi á Laugavegi 39 eftir flutning og gagngerar breytingar. Rómantíkin svífur yfir vötnum og það er sem ævintýri líkast að koma í heimsókn til Frú Fiðrildi.***

Vinkonurnar Hrafnhildur Þórarinsdóttir og Gerða Kristín Lárusdóttir höfðu lengi dreymt um að opna verslun saman. Þegar Frú Fiðrildi vantaði nýja eigendur fyrir tilviljun síðasta sumar, voru þær ekki lengi að hugsa sig um.

Það er eins og að koma inn í annan heim að fara inn í Frú Fiðrildi og jafnvel eins og að ferðast aftur í tímann. Þar er heimilislegt yfirbragð og ævintýralegt úrval af einstaklega fallegum dönskum vörum til gjafa og heimilis ásamt dönsku barnafatalínunni Silke og Suus. Frú Fiðrildi býður upp á Lisbeth Dahl-vörurnar sem margir Íslendingar kannast við frá Danmörku, en einnig merki eins og Housedoctor og Madam Stoltz. „Við vildum hafa heimilislegt yfirbragð í bland við rómantíska fortíðarþrá,“ segir Hrafnhildur brosandi. Búðin hefur gengið vonum framar og segja þær vinkonur hana hafa fengið góðar viðtökur frá erlendu ferðafólki í sumar. „Það kom kona frá New York sem rekur þar verslun og vildi endilega fá Frú Fiðrildi þangað,“ segir Hrafnhildur sem var að vonum ánægð með viðtökur en býst ekki við útrás Fiðrildisins fyrst um sinn. „Fólki sem kemur inn segist líða vel og verða glatt og það finnst okkur náttúrulega alveg frábært,“ segir Gerða Kristín. Jólavörurnar eru á næsta leiti og þær Gerða Kristín og Hrafnhildur hlakka til að bjóða gestum Frú Fiðrildi upp á kaffi í jólaösinni. Verslunin er opin virka daga frá kl. 11.00-18.00, á laugardögum frá kl.11.00-16.00 og á löngum laugardegi þann 4. nóvember frá kl. 11.00-17.00.



Búðin hefur gengið vonum framar og kom kona frá New York sem vildi fá verslunina þangað.



Alltaf er gaman að kíkja á Safn á Laugaveginum.

# List á laugardegi

***Langa laugardaga er hægt að nýta til ýmissa góðra hluta.***

Margir nota langa laugardaga til að kíkja í verslanir, enda eru opnunartímar lengri. Aftur á móti er hægt að gera sér margt annað til dundurs, eins og að kíkja á listasafn eða í Kolaportið. Heilmikið er af listagalleríum og söfnum í bænum, eins og hið dásamlega Safn á Laugavegi 37 þar sem hægt er að gleyma sér tímunum saman. Einnig stendur i8 listagallerí við Klapparstíg og Nýlistasafnið er á Laugavegi 26.

Kaffihúsin eru ófá við Laugaveginn og í nágrenni við hann þar sem hægt er að tylla sér niður eftir langan dag og fá sér heitt kakó. Kaffihúsið á Listasafni Reykjavíkur er sérstaklega skemmtilegur staður þar sem útsýni er gott yfir höfnina og hafið.

# Hundar arka Laugaveginn

***Hundaræktunarfélag Íslands stendur fyrir árlegri hundagöngu niður Laugaveginn á morgun á löngum laugardegi.***

Á morgun fer fram hundaganga á vegum Hundaræktunarfélags Íslands. Þetta er árleg ganga sem farin er niður Laugaveginn en sú fyrsta var farin fyrir um fimmtán árum síðan.

Tilgangur göngunnar er að vekja athygli á hundum og hundahaldi í borg. Hundagangan er eins og gefur að skilja mikið sjónarspil þar sem hundruð hunda og eigendur þeirra rölta saman niður Laugaveginn. Hægt verður að bera augum allar tegundir hunda. Lögregluhundar munu leiða gönguna en auk þeirra munu hundar og eigendur sem starfa sem sjálfboðaliðar í heimsóknaþjónustu fyrir Rauða Kross Íslands vera í forystusveit. Skólahljómsveit Kópavogs slær taktinn fyrir gönguna sem enda mun í Hljómskálagarði. Þar sýnir Íþróttadeild félagsins hundafimi ásamt fleiri uppákomum.

Gangan hefst á Hlemmi klukkan 13.

*- jóa*



Hundarnir verða allsráðandi á löngum laugardegi á morgun í árlegri hundagöngu Hundaræktunarfélags Íslands.



Hér eru gullsmiðirnir fimm samankomnir, frá vinstri: Josephine Bergsøe, Marianne Dulong, Bodil Binner, Jane Kønig og Marlene Juul-Jørgensen. MYND/PIECES THE GALLERIE

# Gullsmíði í hæsta gæðaflokki

***Á B5 í Bankastræti 5 stendur nú yfir þriggja daga sölusýning á verkum nokkurra af fremstu gullsmiðum Danmerkur.***

Hópurinn gengur undir nafninu Pieces The Gallerie og samanstendur af fimm gullsmiðum, sem hafa hver um sig vakið töluverða athygli innan jafnt sem utan Danmerkur fyrir skartgripasmíði, sem þykir vera á heimsmælikvarða.

Það er til dæmis ekki óalgengt að ljósmyndir náist af Hollywood-stjörnum á borð við Meryl Streep og Sinéad O´Connor, eiginkonu leikarans Jeremy Irons, með skartgripi eftir þá.

Í samtali við Fréttablaðið sagði upplýsingafulltrúi hópsins, Annelise Ryberg, að Pieces the Gallerie væri raunverulega aðeins til að nafninu til. Um væri að ræða heimasíðu með sama nafni, www.piecesthegallerie.com, sem var stofnuð til að vekja frekari athygli á skartgripasmíði gullsmiðanna, sem væru hver með sjálfstæðan rekstur.

Verkin sjálf eru lifandi sönnun á einstakri verkkunnáttu listamannanna fimm, sem hafa hver sinn einstaka stíl. Bodil Binner hefur einfaldleikann að leiðarljósi við hönnun sinna skartgripa, sem eru einkum gerðir úr demöntum og gulli.

Skartgripum Marianne Dulong mætti lýsa sem klassískum, hráum og íburðarmiklum. Hún notar aðeins hágæðahráefni í smíðina: gull og perlur, demanta og aðra fallega steina, sem eru listilega vel blandaðir saman með einstakri útkomu.

Josephine Bergsøe hefur vakið töluverða eftirtekt síðan hún útskrifaðist árið 1989, ekki síst fyrir að hafa hannað skartgripi fyrir kvikmyndirnar House of the Spirits og Open Hearts. Hún segir hönnun sína undir áhrifum af náttúrunni, í öllum sínum ólíku blæbrigðum.

Skartgripir Marlene Juhl-Jørgensen hafa birst á síðum tísku- og glanstímarita á borð við Vogue, Hello og Harper´s Bazaar. Hún hefur verið óhrædd við að fara nýstárlegar leiðir í hönnun sinni og þykir hafa fært tækni sem notuð er við gullsmíði fram til nútímans.

Jane Kønig hefur sérhæft sig í hönnun skartgripa og fylgihluta sem hafa töluvert verið notaðir á tískusýningum. Hún hefur hlotið mörg verðlaun og viðurkenningar á farsælum ferli, með annars hönnunarverðlaun Kaupmannahafnar, enda þykja skartgripir hennar vera með eindæmum fallegir.

Sýning á skartgripum gullsmiðanna stendur aðeins yfir í þrjá daga á B5 eins og áður sagði, eða fram á sunnudag. Það er því um að gera og kíkja á sýninguna enda ekki á hverjum degi sem okkur gefst kostur á að bera slíka listasmíði augum. roald@frettabladid.is



Marlene Juhl-Jørgensen notar mikið 22 karata gull, með demöntum skornum út á gamla mátann.

Bodil Binner leitar í skandinavíska naumhyggju og forðast glingur eftir fremsta megni. MYND/PIECES THE GALLERIE

Skartgripir Josephine Bergsøe þykja bera merki um skemmtileg tilraunastarfsemi.

Jane Kønig hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir skartgripi sína.

Skartgripir Marianne Dulong eru gerðir úr hágæðahráefni og blandaðir saman með einstökum hætti.

SAGA minnkapelsar
loðfóðraðar kápur og úlpur
- Ný sending
BOUTIQUE BELLA
Skólavörðustíg 5 • 551 5215



HUGO BOSS • BLACKY DRESS • JEAN PAUL • PBO • KAPALUA • OUI • DAMO • BRAX
STÍLL
Laugavegi 58 • Sími 551 4884 • stillverslun.is

allt atvinna
Alla sunnudaga

Full búð af nýjum vörum!
Athugið langur laugardagur á morgun opið frá 11-16.
Stærðir: 36-42
Stærðir: 41-45



Svartir spariskór með bandi um ökkla: 13.960,-
Svartir spariskór með skarti á tá: 15.960,-
Gylltir spariskór: 15.370,-
Svartir reimaðir: 16.450,-
Brúnir uppháir: 17.150,-
Gull í Grjóti
Skólavörðustíg 4 - 101 Rvk
s.551-5050 - www.gulligrjoti.is

# tilboð o.fl.

allt

**99%** Hagkaup eru með topptilboðið þessa helgina og þótt lengra væri leitað. Selur íslenskar kartöflur í lausu á eina krónu kílóið sem áður var á 149.


SKAUTA HÖLLIN REYKJAVÍK

**Allir á skauta**

Skautaholl.is

Opið frá kl. 13 00 allar helgar



4th floor hotel

4thfloorhotel

Laugarvegur 101 • 4thfloorhotel.is

**Vetrartilboð 1. nóvember - 1. maí**

1 manns herbergi kr. 5.900

2ja manna herbergi kr. 7.900

Hópar 10+ kr. 5.000 á mann

Helgarferð kr. 14.000, 2 nætur í hjónaherbergi

**Útvegum miða á leiksýningar og jólahlaðborð**

4th floor hotel
Laugavegur 101
Reykjavík
Sími 511 3030
Fax 511 3033
4thfloorhotel.is



Í gamla daga gerði fólk góðu kaupin erlendis.
Í dag kemur það til okkar.




Allt á einum stað!

Austurhrauni 3 | Garðabæ (móti IKEA)
Sími: 555-2866. www.bmagnusson.is
Opið 10-18. Laugardaga 11-14.

BM



allt

auglýsingasími

550 5880


Þín verslun

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Saltkjöt blandað vacumpakkað | 727 | 909 | 727 | 20 |
| Saltkjöt ódýrt vacumpakkað | 309 | 387 | 309 | 20 |
| Pólskar pylsur | 709 | 889 | 709 | 20 |
| Sveitapaté í dós | 368 | 460 | 368 | 20 |
| Búrfell nautahakk | 929 | 1.158 | 929 | 20 |
| BKI kaffi 500 g Classic | 399 | 419 | 798 | 5 |
| BKI Café Late 216 g | 259 | 349 | 1.199 | 25 |
| Maxwell house kaffi 500 g | 419 | 474 | 838 | 10 |
| Swiss miss í dós 737 g | 399 | 579 | 541 | 30 |
| Swiss miss m/marshmellos 737 g | 399 | 479 | 541 | 15 |
| Doritos 200 g | 179 | 259 | 895 | 30 |
| Myllu orkubrauð 500 g | 189 | 279 | 378 | 30 |
| Feta í kryddolíu 250 g | 339 | 349 | 1.356 | 5 |
| Feta m. ólífum 250 g | 339 | 349 | 1.356 | 5 |

Tilboðin gilda til 8. nóv.

netto

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Goða pylsur | 229 | 460 | 229 | 50 |
| Goða lifrapylsa soðin | 461 | 768 | 461 | 40 |
| Goða blóðmör soðinn | 374 | 624 | 374 | 40 |
| Goða lambahryggur | 1.092 | 1.365 | 1.092 | 20 |
| Borgarnes lambalæri frosið | 896 | 1.299 | 896 | 30 |
| Ísfugl kjúlli BBQ leggir | 299 | 499 | 299 | 40 |
| McCain pizza Deluxe risingcrust | 299 | 599 | 299 | 50 |
| McCain pizza Pepperoni risingcrust | 299 | 599 | 299 | 50 |
| McCain pizza Formaggi risingcrust | 299 | 599 | 299 | 50 |
| Myllu skúffukaka m/lakkrís og karamellu | 199 | 299 | 199 | 35 |

Tilboðin gilda til 5. nóv.

BÓNUS

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Bónus brauð 1 kg | 69 | 129 | 69 | 45 |
| Bónus ís 2 l | 159 | 279 | 80 | 45 |
| Bónus Floridana safi 1 l | 98 | 157 | 98 | 40 |
| Bónus kleinuhringir 6 stk. | 98 | 159 | 16 | 45 |
| Gæða orkukubbur 600 g | 98 | 179 | 163 | 45 |
| Gæða kleinur 10 stk. | 98 | 179 | 10 | 45 |
| Emmess ávaxtastangir 10 | 159 | 289 | 16 | 45 |
| Gæðagrís brauðskinka | 669 | 1.199 | 699 | 45 |
| Sveitabjúgu kofareykt | 195 | 299 | 195 | 35 |
| Ali pork roast helgarsteik | 899 | 1.349 | 899 | 35 |

Tilboðin gilda til 5. nóv.

KRÓNAN

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Helgarsteik Caj P | 1.394 | 1.858 | 1.394 | 25 |
| Hangikjöt úrb. læri Hóla | 1.399 | 1.999 | 1.399 | 30 |
| Hangiframpartur úrb. Hóla | 1.189 | 1.699 | 1.189 | 30 |
| Lambafillet m/fitu gourmet | 2.598 | 3.759 | 2.598 | 30 |
| Kjúklingalæri/leggir magnkaup | 389 | 649 | 389 | 40 |
| Frosin svið í poka | 368 | 619 | 368 | 40 |
| Ýsuflök roðlaus frá Fjörfiski | 489 | 699 | 489 | 30 |
| Lambahryggur í sneiðum frosinn | 1.159 | 1.449 | 1.159 | 20 |
| Goða skinka 216 g | 265 | 379 | 1.227 | 30 |
| Goða malakoff 1 kg | 797 | 1.139 | 797 | 30 |

Tilboðin gilda til 5. nóv.

FK FJARÐARKAUP *ekki bara verð!*

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Nauta innra læri | 2.198 | 2.998 | 2.198 | 25 |
| Idol ís 1 l | 198 | 398 | 198 | 50 |
| Kjúklingabringur frá Matfugli | 1.996 | 2.679 | 1.996 | 25 |
| Hamborgarar 4/stk 80 g m/brauði | 398 | 498 | 99 | 20 |
| SS skinka pk 230 g | 335 | 460 | 1.456 | 25 |
| Fyrirtaks pizza frosin 300 g | 238 | 499 | 793 | 50 |
| Euro mix grænmetis blanda 2.5 kg | 698 | 954 | 279 | 25 |
| Berjablanda frosin 2.5 kg | 898 | 1.198 | 359 | 25 |
| Reykt laxaflök frá Eðalfiski | 1.749 | 2.499 | 1.749 | 30 |
| Graflax heil flök frá Eðalfiski | 1.768 | 2.524 | 1.768 | 30 |

Tilboðin gilda til 4. nóv.

HAGKAUP *Skemmtilegast að versla*

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Bananar lífrænt ræktaðir | 198 | 299 | 198 | 35 |
| Nauta gúllas | 1.498 | 1.998 | 1.498 | 25 |
| Nauta snitsel | 1.498 | 1.998 | 1.498 | 25 |
| Nauta piparsteik | 1.873 | 2.499 | 1.873 | 25 |
| Hamborgarar 4 stk m/brauði | 298 | 498 | 298 | 40 |
| Nautahakk | 899 | 1.298 | 899 | 30 |
| Nautalundir | 2.998 | 3.998 | 2.998 | 25 |
| Óðals bayonneskinka | 953 | 1.589 | 953 | 40 |
| Íslenskar kartöflur í lausu | 1 | 149 | 1 | 99 |

Tilboðin gilda til 5. nóv.

NÓATÚN

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ungnautafille Mexicana | 2.698 | 3.398 | 2.698 | 20 |
| Lamba Rib-Eye Dubai | 2.698 | 3.398 | 2.698 | 20 |
| Lambalæri Rio Grande | 1.498 | 1.998 | 1.498 | 25 |
| Kindagúllas | 898 | 1.698 | 898 | 45 |
| Kindalundir | 1.898 | 2.698 | 1.898 | 30 |
| Kindasnitsel | 998 | 1.798 | 998 | 45 |
| Ungnautahamborgarar 90 g | 98 | 149 | 1.088 | 35 |
| Ungnautahamborgarar 120 g | 139 | 198 | 1.158 | 30 |
| Saltfiskréttur m/sólþurrk. tómötum | 998 | 1.498 | 998 | 35 |
| Nóatúns kartöflur 3 teg. 2 kg | 239 | 299 | 120 | 20 |

Tilboðin gilda til 5. nóv.


**Heildsölu lagersala**

2.-6. nóvember 2006

50-90% afsláttur!!

Fyrstur kemur, fyrstur fær!
Komið tímanlega því takmarkað magn er til af öllum vörum

| | Listaverð | Útsöluverð frá |
|---|---|---|
| Útivistarjakki | 29.990 | 11.900 |
| Barnaúlpur | 8.900 | 3.900 |
| Skíðabuxur | 15.900 | 7.900 |
| Flíspeysa | 12.990 | 5.900 |
| HiTec Golfskór | 12.990 | 5.900 |
| Fótboltaskór | 13.990 | 5.900 |

Einnig mikið úrval af:
Skíðafatnaði, Útivistarfatnaði, Golffatnaði, Íþróttafatnaði, Brettafatnaði, Barna-, unglinga- og fullorðinsstærðir

Opnunartími
Fimmtud. 14-20
Föstud. 14-20
Laugard. 10-18
Sunnud. 11-17
Mánud. 14-20

Við rýmum til á lagernum fyrir nýjum vörum.
Við seljum því eldri lager og sýnishorn á ótrúlegu verði!

ZO-ON Iceland
Nýbýlavegur 18
(gengið inn Dalbrekku megin)

www.zo-on.com

ZO•ON ICELAND



allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga





*Vorum að fá nýja sendingu af flísum.*

*Rýmingarsala vegna breytinga.*
*Verð frá 500 kr. fermetrinn.*

HÚSHEIMAR

Lækjargötu 34c • 220 Hafnarfirði • S:553 4488

**BREYTINGAR HJÁ JEFF WHO** • Hljómborðsleikarinn hættur [2]



# SIRKUS

3. NÓVEMBER 2006

**EINKAVIÐTAL! BORAT SPURÐUR SPJÖRUNUM ÚR [6]**



**Baltasar Kormákur**

SNÝR AFTUR Á HVÍTA TJALDIÐ Í NÝJUM SMYGLARAÞRILLER ÓSKARS JÓNASSONAR OG ARNALDAR INDRIÐASONAR.

# Góðhjartaður glæpamaður



BRÍET SUNNA

## Leitar að hinum rétta



TOBY OG DILANA Í HÖLLINNI

## Húsbandið mætir með Magna



FJÖLMIÐLAFEÐGAR FRÁ FLATEYRI

## Óþolandi í fjölskylduboðum




## Piss, piss og pelamó Púðursykur og rjómi

Hvað er málið með þessa listamenn? spurðu margir sig að í vikunni. Húsmæður í Vesturbænum urðu grænar í framan eftir snilldar tilþrif Baldvins Þórs Bergssonar í kvöldfréttum RÚV. Nemendur á fyrsta ári í Listaháskólanum höfðu nefnilega pissað á stelpu. Þetta minnti mig á leikfimitímana í Verzló. Þá var aðal grínið að pissa á einhvern sem var að þvo á sér hárið, svona rétt áður en maður sló í typpið á honum. Það var fyndið.



Listaháskólanemar tóku þetta hins vegar aðeins lengra. Klipptu víst hárið af stúlkunni, því næst fékk vagínan smá snyrtingu og loks var kveikt á hinni gullnu sturtu. Ég viðurkenni alveg að þetta er öðruvísi. Hef aldrei séð neitt svona í leikhúsi. En auðvitað vill enginn láta pissa á sig. Eða hvað? Varla hefur stúlkunni verið þröngvað undir bununa. Býst við að atriðið hafi verið fyrirfram ákveðið og jafnvel æft.

Alltaf hafa verið til listamenn sem reyna að hneyksla fólk. Þótt ég viti ekkert um það þá held ég að þetta sé einhver viss tegund af list. Nokkurs konar hneykslunarlist. Hver man ekki eftir Agli Sæbjörnssyni sem var rúnkandi sér upp um alla veggi og súlur á Kjarvalsstöðum. Smekklegt? Nei. Fyndið? Já.

Næsta víst er að mörgum þykir þetta of langt gengið. En það er einmitt það skemmtilega við listina. Það á ekkert öllum að líka við hana. Listamenn eru aumingjar sem nenna ekki að vinna. Já sumir. En aðrir eru óborganlega fyndnir og frumlegir. Við eigum fullt af sniðugum listamönnum. Snorri Ásmundsson hlýtur að tróna þar á toppnum. Að ógleymdum Rassa Prump. Hversu fyndið er eiginlega að kalla sig Rassi Prump?

Dæmið ekki listamenn þótt þið fílið ekki gjörninginn. Ég býð spenntur eftir næsta tíma í Listaháskólanum. Vona meira að segja að einhver bjóði mér á svona sýningu. Ekki af því að ég sé einhver sérlegur áhugamaður um rakstur og þvaglát. Heldur vegna þess að mér finnst gaman að sjá eitthvað öðruvísi. Já og meðan ég man. Curver frumsýnir nektarverkið „Án titils“ í höfuðstað Norðurlands um helgina.

*Breki Logason*




BREYTINGAR Í VÆNDUM HJÁ JEFF WHO

# Hljómborðsleikarinn hættur

„Já, það er rétt, Tobbi hljómborðsleikari er að hætta,“ segir Elís Pétursson, bassaleikari í Jeff Who? Þrálátur orðrómur um fyrirhugaðar mannabreytingar í þessari vinsælu hljómsveit hefur gengið ljósum logum um miðborgina undanfarna daga. Sirkus sló því á þráðinn og aflaði frekari upplýsinga um málið.
„Við munum taka okkur pásu í kjölfarið og ráða ráðum okkar,“ bæti Elli við og segir enga ákvörðun hafa verið tekna um hvort eða hver fylli í skarðið sem Tobbi skildi eftir. Gríðarlegt álag hefur verið á sveitinni síðustu mánuði enda var lagið Barfly langvinsælasta lag síðasta sumars. Annars er það að frétta af Jeff Who? að sveitin hefur stofnað áhugamannafélagið World Famous Group ásamt hljómsveitunum Kimono, Ske, Skátum og Ælu frá Keflavík. „Við fengum styrk frá Landsbankanum til að koma upp æfingarhúsnæði og stúdíói við Kleppsveg, í húsnæði sem áður hýsti bónstöð,“ útskýrir Elli. „Þar munum við vinna að okkar næstu plötu en við erum þegar búnir að semja nokkur lög á hana,“ bætir hann við. Hann segist afar þakklátur Landsbankanum fyrir þann góða styrk sem bankinn veitti enda hafi félagarnir verið orðnir ansi vonlausir eftir dræmar undirtektir annarra stórfyrirtækja.

## Bjarni Ben mælir með...

### Tónlist

Ég ætla að mæla með geisladisk sem ég fékk að gjöf frá Halldóri Halldórssyni, bæjarstjóra á Ísafirði, fyrir skemmstu. Það er diskur með Villa Valla, rakara frá Flateyri, sem hefur spilað fyrir dansi og djass í meira en sex áratugi. Á disknum Villi Valli sem kom út árið 2000 eru teknar ballöður og djass. Þetta er ég búinn að spila mikið í bílnum undanfarið.



### Bók

Ég mæli með Flugdrekahlauparanum eftir Khaled Hosseini. Tók þessa bók með mér á ferðalag í sumar eftir að hafa séð lofsamleg ummæli um hana. Hún kom mér skemmtilega á óvart. Frábærlega skrifuð skáldsaga sem gerist að mestu í Afganistan. Skilur mikið eftir sig.





### Kvikmyndir

Hef lítið verið í kvikmyndahúsunum undanfarið en get þó hiklaust mælt með myndinni Börn sem er sú sem ég síðast sá. Ég hef verið að kaupa mér alls konar DVD þátta- og bíómyndaseríur að undanförnu. The Office er stórkostleg sería. Líka gaman af Yes, minister en ég hef liklega mest horft á Trials of life náttúrulífsseríuna með David Attenborough. Hún er hreint út sagt stórkostleg. Mæli með þessu öllu saman og fyrir þá sem eru að leita sér að góðri grínmynd er endalaust hægt að horfa á Pink Panther með Peter Sellers. Enn ein serían sem ekki klikkar.






AFMÆLISTÓNLEIKAR Í LAUGARDALSHÖLLINNI

## Rockstar vinirnir spila hjá Magna

„Húsbandið kemur eins og það leggur sig sem er náttúrlega besta hljómsveit í heimi. Ástralakvikindið Toby, Dilana og svo Storm úbergella munu öll mæta,“ segir Magni sem sjálfur heldur tónleikana í Laugardalshöllinni. Hann á afmæli 1. desember og ætlar að halda afmælið í höllinni hinn 30. nóvember. „Húsbandið spilar bara þetta Rockstar-prógramm og við skiptumst á að syngja með hvert öðru. Annars verður þetta bara almennt partí og frábær afmælisveisla,“ segir Magni en margir muna eftir afmæli Bubba Morthens sem fram fór í Laugardalshöllinni. Miðasala hefst á þriðjudaginn á midi.is og í verslunum Skífunnar. Svo það er um að gera að drífa sig strax í hádeginu á þriðjudaginn.



**Afmælisveisla** þarf verður heljarinnar veisla hjá Magna í höllinni 30. nóvember.

**SIRKUS**

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar **Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm. **Ritstjórn** Andri Ólafsson, andri@minnsirkus.is, Breki Logason, breki@minnsirkus.is, Dröfn Ösp Snorradóttir, drofn@minnsirkus.is, Heimir Hermannsson, heimir@minnsirkus.is, Helga Ólafsdóttir, helga@minnsirkus.is **Yfirmaðursirkusmiðla** Árni Þór Vigfússon arni@minnsirkus.is **Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000 **Sölustjóri** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is




# Tala meira. Borga minna.

**0,00** kr./mín.
Hringt í SKO GSM síma.

**14,90** kr./mín.
Hringt í aðra GSM og heimasíma.

SMS **4,90** kr.
í alla GSM síma á Íslandi.

**www.sko.is**

SKO býður jafngóða GSM þjónustu og hin símafyrirtækin, innanlands og erlendis. Eini munurinn er lægra verð! Það kostar EKKERT að færa GSM símanúmerið til SKO. Þú skráir þig í þjónustuna á www.sko.is.

SKO
ÓDÝRA SÍMAFÉLAGIÐ

## Ég var að heyra ...



Að **Sigurbjörg** nokkur sem gjarnan er kenndi við Pípóla sé komin með kærasta. Er það sjálfur **Agnar Burgess** blaðamaður á Blaðinu og bróðir **Kristjáns Guy.** Voru þau hönd í hönd á kosningaskrifstofu **Guðmundar Steingríms** í vikunni / Að X-ið 977 standi fyrir rosalegri skyrglímu á Pravda um helgina. Um alvöru karlakvöld er að ræða þar sem undirfatasýning og skyrkámugir rassar koma við sögu ásamt **Geir Ólafssyni** / Að knattspyrnumaðurinn **Davíð Þór Viðarsson** sé á leiðinni frá FH. Mörg lið vilja fá Davíð en sparkspekingar telja líklegt að hann sé á leiðinni í Þrótt Reykjavík / Að hið árlega Senuparti fari fram í Listasafninu seint í þessum mánuði. Verður svokallað Bondþema og rauður dregill. Hafa jafnvel heyrst raddir um að sjálfur Bond muni mæta og fá sér Martini / Að **Theódór Júlíusson** sem lék ómennið **Elliða í Mýrinni** sé harður stuðningsmaður **Guðmundar Steingrímssonar** í prófkjöri Samfylkingarinnar / Að brjálað diskókvöld sé á Klúbbnum við Gullinbrú annað kvöld. Mun sjálfur **Love Guru** þeyta skífum á staðnum þar sem verður þessi „Old Hollywood Style“ stemning. Diskóbúningur fleytir fólki frítt inn. / Að **Lýður Árnason** læknir á Flateyri hafi gert hina stórkostlegu auglýsingu með **Reyni Traustasyni** á hestinum á Laugaveginum / Að séra **Vigfús** væri með sína árlegu styrktartónleika í Grafarvogskirkju. Allir stærstu söngvarar landsins koma og syngja til styrktar Barna- og unglingageðdeild LSH / Að **Siffi** útvarpsmaður á Kiss fm sé hættur með fyrrum Idolbombunni **Tinnu Marínu** / Að **Brynjar Már** sé á leiðinni til Flórída í tvær vikur. Fm 957 verður bara sett á Snooze á meðan.







## Þetta heyrðist í vikunni ...



„Ég er bara manneskja eins og þú og ég.“
**Bubbi Morthens í þættinum Tekinn hjá Auðuni Blöndal.**



„Hann er að vinna í sínum málum.“
**Addi Fannar í Skítamóral um Einar Ágúst félaga sinn við Fréttablaðið.**



„Úr því að nemendum Listaháskólans er svona mikið mál, þá mega þeir mín vegna reyna það verklega á eigin skinni hvernig tilfinning það er að vera hlandskál eða bekken.“
**Sigmar Guðmundsson á bloggsíðu sinni sigmarg. blogspot.com.**

**BALTASAR KORMÁKUR FER MEÐ AÐALHLUTVERKIÐ Í NÝRRI MYND ÓSKARS JÓNASSONAR OG ARNALDAR INDRIÐASONAR**



**Baltasar Kormákur**
Leikur aðalhlutverkið í nýrri mynd Óskars Jónassonar.

Sirkusmynd: Hörður

# Orðinn leiður á að leika vondu strákana

**Baltasar Kormákur er orðinn einn aðal leikstjóri og handritshöfundur þjóðarinnar. Hann hefur ekki leikið aðalhlutverk í bíómynd í mörg ár en ætlar að skella sér aftur á hvíta tjaldið. Vinnuheiti myndarinnar er SAS og er hún í leikstjórn Óskars Jónassonar. Arnaldur Indriðason skrifar handritið með Óskari en Baltasar lýsir myndinni sem „smyglarathriller“. Baltasar sagði okkur á Sirkus frá myndinni, Mýrinni og hinu áfengislausa lífi.**

„Ég hef fengið mikið af handritum í hendurnar undanfarið og það hefur ekkert freistað mín fyrr en ég las þetta. Ég ákvað því bara að skella mér á hvíta tjaldið aftur,“ segir Baltasar Kormákur um tildrög þess að hann tók að sér hlutverkið.
„Óskar bað mig að lesa þetta og ég hélt það væri bara til þess að gefa góð ráð. Það var ótrúlega gaman að lesa þetta og ég sagði honum það. Þá bað hann mig um að leika aðalhlutverkið og ég greip það fegins hendi.“

Eins og áður segir skrifar Arnaldur Indriðason handritið með Óskari en hann skrifaði Mýrina eins og flestir vita. Karakterinn sem Baltasar leikur heitir Kristófer og er vel meinandi maður að sögn Balta. „Hann hefur reyndar svolítið „dúbíus“ fortíð og er að reyna að ná sér út úr því lífi. Hann er góður drengur en svolítið öfugu megin við lögin,“ segir Baltasar en það var einmitt þessi góði drengur sem vakti áhugann á hlutverkinu. „Þetta er næs gæji enda er ég orðinn leiður á að leika þessa dökku vondu stráka. Ég fæ aldrei að leika smaladrenginn,“ segir Baltasar og hlær.

Hann segir það ekki hafa verið á dagskránni að fara aftur að leika enda nóg að gera í öðru. „Ég hef margoft verið beðinn að koma á svið en hef bara ekki getað það út af þessum ferðalögum sem eru í kringum þessar bíómyndir sem ég hef verið að gera.“
Stefnt er á að tökur hefjist næsta vor og býst Baltasar við því að myndin komi í kringum jólin á næsta ári. „Þetta er flott cast sem hann er reyndar ennþá að vinna í. Svona blanda af fersku fólki og þeim sem reyndari eru, svolítið eins og ég gerði í Mýrinni.“

Og talandi um Mýrina sem strax eftir tíu daga var orðin ein af stærstu íslensku bíómynd sögunnar. „Það hlýtur að vera eitthvað við Mýrina. Hún hefur fengið frábærar viðtökur og dóma. Ég er alltaf að hitta fólk í bænum sem er að þakka mér fyrir sem er alveg frábært. Ég held að það sé þessi íslenski tónn sem er í myndinni sem nær til fólks. Svo er líka húmor í henni sem fólk bjóst kannski ekki við.“

**„FÓLK VILL LÍKA SJÁ EITTHVAÐ KRASSANDI, EKKI BARA EITTHVAÐ FÓLK Í BLOKKARÍBÚÐ AÐ TALA SAMAN.“**

Kvikmyndin Hafið sem Baltasar gerði einnig er ein af þessum stærstu íslensku myndum. Í henni er líka þessi íslenski tónn sem hann talar um.

**Vill fólk sjá svoleiðis myndir?**
„Já ég held að fólk vilji tengja sig við efnið og það er allavega mjög vænleg leið. Fólk vill líka sjá eitthvað krassandi, ekki bara eitthvað fólk í blokkaríbúð að tala saman. Við erum svo ólík og búum ekki í þessu borgarasamfélagi sem Danir búa til dæmis í og viljum hafa Íslendingasögurnar aðeins í þessu.“

Myndin hefur ekki einungis fengið góðar viðtökur hér á landi því það litla sem hefur verið sýnt af henni erlendis lofar góðu. „Maður veit ekki hvar þetta endar, en hingað til hefur þetta verið mjög jákvætt.“

**Ætlarðu að gera aðra mynd eftir bók Arnaldar?**
„Hann á réttinn og við erum ekkert farnir að ræða það ennþá.“

**Þú vilt það?**
„Jájá ég hef áhuga á að gera meira þegar rétti tíminn kemur. Þetta eru fallegar sögur og flottir karakterar sem ganga upp fyrir fólki.“

Baltasar og Lilja kona hans eru flutt í Skagafjörðinn eins og flestir vita. Þar keyptu þau fyrrum Óðalssetur fjölskyldu Lilju og þeim líður vel í sveitinni. Börnin þeirra ganga til dæmis í skóla þar og þau eru með einhverja hesta. „Þar er fínt að vera en svo fer maður bara út um allan heim. Ég er til dæmis að fara til Litháen í næstu viku á kvikmyndahátíð. Síðan fer ég bara í Skagafjörðinn og slappa af. Það er til dæmis mjög gott að skrifa þar og ég skrifaði handritið að Mýrinni og klippti hana til dæmis þar.“

Baltasar er greinilega nett ofvirkur því hann virðist aldrei stoppa. Hann segir nóg á teikniborðinu þangað til tökur á kvikmynd Óskars fara í gang. „Ég er að fara með Pétur Gaut til Bretlands núna í byrjun árs. Okkur var boðið í Barbican Center og ætlum að leika þetta á ensku þar. Svo er ég með fullt af hugmyndum sem ég er að bræða með mér, það er erfitt að velja og ég á við nett lúxus problem að stríða.“

**Og svo ertu bara edrú og sáttur?**
„Jájá. Ég er bara drukkinn af lífinu,“ segir Baltasar rétt áður en hann dettur inn á einhvern mikilvægan fund í miðbæ Reykjavíkur.










# NÝTTU VETRARFRÍIÐ VEL!

## Það er nóg um að vera um alla borg





Á morgun, fimmtudag og föstudag verður vetrarfrí í nánast öllum grunnskólum í Reykjavík, en það er engin ástæða til að örvænta! **;-)**

Það er t.d. alveg upplagt að skella sér á **skauta** eða **í sund** og skreppa síðan á **bókasafn** og ná sér í eitthvað skemmtilegt að lesa.

Svo bíða undraheimar **Fjölskyldu- og húsdýragarðsins** og **söfn borgarinnar** sem eru jafn fjölbreytileg og þau eru mörg!

**Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn** verður opinn frá 10–17 og frítt í boði Eymundsson

**Lesum saman – Full hús af bókum fyrir alla fjölskylduna**
Á fimmtudaginn verður bókaspjall fyrir 10 til 12 ára krakka og á föstudaginn geta 7 til 10 ára krakkar málað með Kristínu Arngrímsdóttur í Borgarbókasafninu, Grófarhúsi milli kl. 13 og 15.
Þeir sem búa nálægt Sólheimasafni geta farið þangað og séð leikritið Landið Vifra sem Möguleikhúsið sýnir fyrir alla fjölskylduna á fimmtudaginn kl. 18.

### HVERNIG VÆRI AÐ:

Fara á söfn?
Ganga um í Heiðmörk?
Hjóla í Elliðaárdalnum?
Fara á línuskauta í Nauthólsvík?
Skoða Grasagarðinn í Laugardal?
Leika sér með fjölskyldunni í sundlaugunum?
Skauta í Skautahöllinni í Laugardal eða í Egilshöll?
Ferðast með strætó?

Skautahöllin í Laugardal og Skautahöllin í Egilshöll verða opnar báða dagana. Í Laugardal verður opið á fimmtudag kl. 10.00–15.00 og 17.00–19.30 og föstudag 10.00–20.00 og í Egilshöll frá kl. 9.00–15.00 á fimmtudaginn og föstudag kl. 9.00–18.00

**Ekki sitja auðum höndum og láta þér leiðast. Drífðu þig út og nýttu tímann vel!**

HINN EINI SANNI BORAT Í MÖGNUÐU EINKAVIÐTALI VIÐ SIRKUS

# Verður tekinn af lífi ef myndin floppar

Ef það er einhver sem hefur hrist aðeins upp í heimsbyggðinni upp á síðkastið er það karakterinn Borat. Í kvöld verður kvikmynd með þessum óborganlega karakter frumsýnd í bíóhúsum landsins. Það er grínistinn Sacha Baron Cohen sem leikur Borat en hann sló fyrst í gegn sem Ali G. Sirkus tékkaði aðeins á Borat svona rétt fyrir frumsýningu.



**Er myndinni BORAT ætlað að vekja fólk til umhugsunar um ólíka menningarheima eða er hún bara snarklikkuð heimildarmynd?**
„Ég veit ekki hvaðan þú færð þá flugu í kollinn að þetta sé „snarklikkuð heimildarmynd“. Hún var opnuð í öllum sjö bíósölum í Kasakstan og varð samstundis metsölumynd. Tók toppsætið af King Kong sem hefur verið vinsælasta myndin í Kasakstan síðan hún kom út árið 1934.“

**Í myndinni þinni ferðu til Bandaríkjanna til þess að læra um bandaríska menningu. Hvað kom þér mest á óvart?**
„Það er margt skrýtið í bandarískri menningu. Það kom mér sérstaklega á óvart að konur í landinu hafa réttindi til þess að stýra ökutækjum. Þetta gæti aldrei gerst í Kasakstan, það yrði allt of hættulegt. Við segjum stundum að leyfa konu að keyra bíl sé eins og að leyfa apa að fljúga flugvél.“

**Af hverju ákvaðst þú að gera þessa mynd?**
„Ráðuneyti upplýsingamála í Kasakstan sýndi mér þann mikla heiður að biðja mig að gera þessa heimildarmynd. Upphaflega var mér ætlað að fara til Evrópu en ég fékk ekki vegabréfsáritun vegna smávægilegs misskilnings sem tengdist kynferðisofbeldi. Það mál hefur nú verið leyst eftir að ég sannaði að hesturinn var orðinn sjö vetra. Tilgangurinn með myndinni er að fræða fólk í Kasakstan og um leið bæta lífsskilyrðin þar. Nútímavæða landið. Það tókst og státar Kasakstan nú af afbragðs heilbrigðiskerfi, ágætis vegakerfi og lægsta atvinnuleysi barna undir ellefu ára í allri Mið-Asíu.“

**Hvers konar fólk vonast þú til að komi og sjái myndina þína?**
„Ég vona að sem flestir komi. Það er eitthvað fyrir alla í myndinni. Rökræður um stjórnmál fyrir hina fullorðnu. Tónlist með Korki Butchek fyrir unglingana og fullt af bröndurum um gyðinga fyrir litlu börnin.“

**Var eitthvað í menningu þíns lands sem kom við kaunin á Kananum?**
„Nei. Bandarísk menning er í raunin ni mjög lík okkar menningu. Kasakstan er orðin mjög nútímavædd þjóð. Sérstaklega eftir að jafnréttislögin voru samþykkt nýlega.Til dæmis var fyrir skömmu opnað heimili fyrir þroskahefta í borginni Almaty. Þar getur „skrýtna fólkið“ búið. Á heimilinu eru rúmlega 330 búr fyrir heimilisfólkið að búa í og sérstakt sýningarsvæði þar sem fólk getur staðið og fylgst með þeim. Það kostar tíu tenge. Fyrir fimmtán tenge getur þú fengið að kasta kartöflum í fólkið. Það er allt í lagi. Þeim er alveg sama.“



**Fréttamaðurinn Borat** Mælir sérstaklega með fjölskylduferðum til Kasakstan.

**„FYRIR FIMMTÁN TENGE GETUR ÞÚ FENGIÐ AÐ KASTA KARTÖFLUM Í FÓLKIÐ. ÞAÐ ER ALLT Í LAGI. ÞEIM ER ALVEG SAMA.“**

**Hvað með bandarískar konur?**
„Ég hef ekki myndað mér neina skoðun á bandarískum konum þar sem ég hef ennþá ekki keypt mér neina.“

**Gulu sundfötin þín hafa vakið mikla athygli. Eru þau jafn óþægileg og þau líta út fyrir að vera?**
„Þau voru einu sinni soldið óþægileg. Það var þegar ég klæddist þeim daginn eftir að hafa borðað 28 ostborgara og endaþarmurinn minn var jafn slappur og munnurinn á þreyttum hundi.“

**Segðu okkur af hverju við ættum að ferðast til Kasakstan?**
„Þetta er yndislegt land og alveg jafn nútímalegt og hvert annað land. Ég mæli sérstaklega með nýrri ferðamannaparadís sem heitir Astana Funworld. Þar er að finna lúxus búr fyrir eiginkonurnar og risahlaðborð af vændiskonum frá Tadjikistan fyrir karlana. Börnin geta á meðan veitt hunda, íkorna og sígauna.“

**Verður þetta eina myndin sem Borat kemur fyrir í?**
„Upplýsingaráðuneyti Kasakstans hefur tjáð mér að verði þessi mynd ekki vinsæl verði það ekki bara endirinn á mínum ferli, heldur á lífi mínu. Ég verð tekinn af lífi.“

BRÍET SUNNA ER ENNÞÁ AÐ LEITA AÐ DRAUMAPRINSINUM

# Ég er ljóshærð og lögleg

„Ég er alveg himinlifandi,“ segir Bríet Sunna Valdemarsdóttir um nýju plötuna sína Bara ef þú kemur með. Platan er að sögn Bríetar hugarfóstur umboðsmannsins Einars Bárðarsonar. „Hann var búinn að finna nokkur lög sem má segja að séu með svona kántrí ívafi. Það eina sem vantaði var bara að finna söngkonu til að flytja lögin. Og ég varð fyrir valinu.“
Bríet Sunna vakti fyrst athygli á sér með frábærri frammistöðu og óviðjafnanlegri útgeislun í Idol keppninni. Hún segist nú finna fyrir pressunni sem fylgi því að standa á eigin fótum í skugga keppninnar. „Ég er ógeðslega stressuð og vona svo heitt að plötunni gangi vel því að ég er ofboðslega ánægð með hana. Maður losnar náttúrulega aldrei alveg undan Idolinu en það er líka allt í lagi. Það var Idolið sem kom mér á framfæri og fyrir það er ég þakklát.“
Bríet hefur undanfarið verið á fullu að koma fram og kynna plötuna sína. „Það hefur verið rosalega gaman. Ég losna samt aldrei við sviðsskrekkinn. Ég skil það ekki. Ég reyni bara að harka þetta af mér og skemmta mér. Stundum slæ ég á létta strengi. Á karlakvöldi nýlega breytti ég til dæmis texta lagsins Ljóshærð og lagleg í ljóshærð og lögleg. Það var svona í tilefni þess að ég er nýorðin átján,“ segir Bríet og hlær.
**Talandi um það. Ertu ennþá einhleyp?**
Já. Laus og liðug.
**Hvernig stendur á því?**
Ég er bara ennþá að leita að hinum rétta.



**Bríet Sunna Valdemarsdóttir** Er nýorðin átján en ekki komin með kærasta.




# 50% minni mettuð fita með sólblómaolíu



FJÖLMIÐLAFEÐGARNIR FRÁ FLATEYRI

# Erum óþolandi í fjölskylduboðum

**Fréttahaukurinn Reynir Traustason og sonur hans Jón Trausti Reynisson eru mennirnir á bak við Ísafold, nýjustu viðbótina á hinum íslenska tímaritamarkaði. Feðgarnir eru engir nýgræðingar í faginu og segja Sirkus frá draumum sínum um nýja tímaritið, brotthvarfinu af Mannlífi og áskoruninni sem felst í því að vinna svona náið saman.**



SIRKUSMYND: HEIÐA

**Hvernig kom þetta blað til?**
Reynir tekur af skarið og svarar fyrir hönd þeirra feðga. „Við vorum náttúrulega á Mannlífi saman. Síðan kemur það upp að Baugur vill stofna tímaritaútgáfu. Ég var hugsi í upphafi en ákvað svo að taka slaginn. Eftir að ég tók þá ákvörðun tók það við að fá þennan mann með mér,“ segir Reynir og nikkar í átt að syni sínum. „Mér fannst það mikilvægt til þess að geta gert gott tímarit að hafa tvær kynslóðir til þess að auka við breidd blaðsins. En þó við þekkjumst vel þá var það enginn vafi að það yrði erfitt að fá hann. Og það var mjög erfitt. Erfiðasta ráðningin af öllum. Því að hann er kröfuharður.“

**Hvað var svona erfitt við þessa ákvörðun Jón Trausti? Var þetta ekki borðleggjandi?**
„Ég var náttúrulega þarna á Fróða með hinum föður mínum, Mikael Torfasyni. Ég var búinn að vinna lengi með honum og þekkti hann ágætlega. Þetta var því spurning um hvort maður ætti að vera áfram á Mannlíf og vera í samkeppni við pabba. Ég neita því ekki að það kitlaði mjög mikið.“

Reynir grípur fram í:
„En það hefði gert okkar stöðu erfiða í jólaboðum og þannig. Verandi í harðri samkeppni. Auk þess sem ég var handviss um að Ísafold myndi sigra. Manni er eins og gefur að skilja ekkert sérlega vel við að berjast við sína nánustu.“

**En af hverju voruð þið ekki bara áfram á Mannlífi?**
„Hugsunarhátturinn í þessu fyrirtæki er allur annar. Það er meiri breidd í pennum. Meiri breidd í efninu. Hugmyndafræðin sem var að ryðja sér til rúms í Fróða heitnum var sú að það gæti hver sem er skrifað. Það átti bara að nota manninn í næsta herbergi og láta hann skrifa og framleiða síðan nógu djöfulli mikið sjálfur. Þannig átti að rusla blaðinu af. Mín hugmyndafræði er að fá nógu fjölbreytta penna. Penna sem hafa aðra sýn en til dæmis ég og Jón Trausti. Breiddin er nauðsynleg. Og það verður ekki sparað í þeim efnum. Þannig búum við til blað sem höfðar til nægilega margra, bæði karla og kvenna.“
Jón Trausti bætir við:



Jón Trausti Reynisson og Reynir Traustason, ritstjórar Ísafoldar á skrifstofu tímaritsins við Laugaveg.

„Það var verið að draga saman hjá Fróða í öllum útgjöldum. Fyrirtækið var nýbúið að ganga í gegnum gjaldþrot. Það er mjög erfitt að framleiða gæðavöru í þannig umhverfi.“

**En Reynir, hafði þetta ekkert með Mikael Torfason að gera?**
„Andstaða mín var ekki við Mikael. Ég kann mjög vel við hann persónulega og fannst gott að vinna með honum á DV. Ég þekki vankanta hans. Hann á til dæmis mjög erfitt með að fóta sig á brúninni. Svo vill hann líka stjórna öllu því sem hann kemur nálægt. Fljótlega eftir að hann kom til Fróða þurfti ég mjög oft að minna á að ég væri ritstjóri Mannlífs. Ég vildi ekki að það væri einhver yfirritstjóri sem væri að segja mér hvað ég ætti að gera og hvernig blaðið mitt ætti að vera. Og það var það sem leiddi til þess að ég fór og ákvað að taka þennan slag.“

**Hvernig byrjuðuð þið í blaðamennsku?**
„Ég var sjómaður, stýrimaður og skipstjóri í mörg ár og bjó á Flateyri. En mér hundleiddist á sjónum. Get ekki hugsað eins og þorskur. Þetta var starf sem mér leiddist en var samt í. Síðan kemur það upp að mér er boðið að vera fréttaritari DV á Vestfjörðum. Það þótti reyndar fáránlegt að ég tæki að mér þetta starf. En eftir að móðir mín sem hafði sinnt þessu starfi fór á taugum eftir að hún tók viðtal við mann sem var næstum því drukknaður gat ég ekki sagt nei. Þetta átti nú ekki að vera hægt því ég var alltaf úti á sjó nokkra vikur í senn. En ég gerði þetta samt. Í þorpinu gerist ekki mikið. En fréttaritarastarfið var lærdómsríkt. Þetta var eins og að vera sendur út í eyðimörk og látinn lifa af. Ég þurfti að finna fréttirnar sjálfur. Fyrsta fréttin sem ég skrifaði var um nýjan veg sem lagður var að Flateyri. Flateyringarnir voru sáttir við þetta. Hrópuðu hallelúja og dýrð sé fréttaritaranum. En síðan kom næsta frétt. Hún var um að leikskólinn í plássinu hefði verið kærður til barnaverndaryfirvalda. Og það var frétt sem fólki fannst að ætti ekkert að skrifa. Þá var Jón Trausti á leikskólanum og móðir hans að vinna þar sem fóstra. Og ég tók viðtal við konuna mína um þessi ósköp.
Ég tók snemma þá afstöðu að ég vildi ekki skrifa fréttir um að það væri búið að kveikja og slökkva á jólatrjám. Ég vildi skrifa fréttir sem höfðu einhverja þýðingu. Og fékk litlar vinsældir í þorpinu fyrir. Ég skrifaði samt það sem mér sýndist. Var engum háður og þurfti ekki að spyrja neinn um leyfi. Á endanum fóru menn bara að taka þessu eins og norðaustanáttinni, að það kæmu reglulega einhverjar skandalfréttir úr plássinu í DV.“

**Þetta þýðir að þú ert blaðamaður í þriðju kynslóð, Jón Trausti?**
„Já. Það er í raun sama sagan með mig og föður minn, skipperinn, nema í smækkaðri mynd. Ég var búinn að vera fimm sumur á sjónum, meðal annars á loðnuveiðum hjá Alla ríka. Þetta var síðan bara eins og gengur og gerist. Í lok eins sumarsins vantaði einhvern á DV og ég leysti af í viku. Náði tveimur forsíðum og stuttu síðar var ég farinn að vinna þar í fullu starfi.“

**Hvert ætlið þið með þetta nýja blað?**
„Til tunglsins,“ svarar Jón Trausti og rifjar upp frétt máli sínu til stuðnings. „Það birtist eitt sinn frétt um að Fréttablaðið væri komið til tunglsins. Þar var átt við að prentað hefði verið svo mikið af blaðinu að það næði alla leið þangað. Ætli við stefnum ekki bara að því.“

> **„ÉG VILDI EKKI AÐ ÞAÐ VÆRI EINHVER YFIRRITSTJÓRI SEM VÆRI AÐ SEGJA MÉR HVAÐ ÉG ÆTTI AÐ GERA OG HVERNIG BLAÐIÐ MITT ÆTTI AÐ VERA.“**

Reynir svarar spurningunni af meiri alvöru. „Við vonum bara að Ísafold sé komið til að vera og það sem komið er lofar góðu en það er mjög varhugavert að sofna á verðinum , verða kærulaus og hugsa að þetta sé komið.“

Þeir lýsa sambandi sínu utan vinnu svipuðu og á skrifstofunni og segjast ekki eiga margt annað sameiginlegt en vinnuna. „Ég er til dæmis ekki boðinn í afmælið hans, nema þá bara í gamalmenna hlutann,“ segir Reynir og þeir hlæja.
„Flest fjölskylduboð fara í fjölmiðlaumræðu,“ segir Jón Trausti og Reynir bætir við. „Við erum eiginlega alveg óþolandi í fjölskylduboðum en nú er verið að vinna í þeim málum.“

Samstarf þeirra hefur gengið vel og grundvallaratriðið í þessari góðu samvinnu er einfalt að mati Reynis. „Við vinnum saman eins og tveir óskyldir einstaklingar þar sem ríkir fullkomið jafnvægi. Okkur hefur komið ágætlega saman alveg frá því hann fékk vit í kollinn. Það var reyndar svolítið sárt þegar hann tók Michael Jackson fram yfir Stuðmenn þegar hann var tíu ára.“

NÝR VEITINGASTAÐUR
Í HJARTA MIÐBÆJARINS

# GEYSIR
## Bistro & Bar



GEYSISHÚSINU
Aðalstræti 2
101 Reykjavík
s: 5174300



Nýr matseðill...
Góðar veitingar...
í fallegu og vinalegu umhverfi...
í einu glæsilegasta húsi miðbæjarins.

# Féttir úr heimi tískunnar!

Abercrombie & Fitch hefur löngum verðið vinsælasta merki Ameríku innan hinnar svokölluðu háskólatísku. Margir ungir Íslendingar gefa mikið fyrir að komast í Abercrombie að versla. Abercrombie hefur aðeins fengist í Ameríku þar til á þessu ári þegar búðin var opnuð í Kanada. Næsta skref er Evrópa og mun fyrsta búðin verða opnuð á næsta ári í London. Semsagt aðeins styttra að nálgast fenginn fyrir Abercrombie-þyrsta Íslendinga og fögnum við því.











## tískumolar
Helgu Ólafsdóttur



## Levis fyrir alla fjölskylduna



Í þessum mánuði opnaði Levis Flagship búð í Paris. Ameríska denim fyrirtækið sem allir þekkja er vel staðsett á tveimur hæðum í hjarta Parísar. Þar er öll línan þeirra seld, kvenna-, karla-, barna- og aukahlutalína.




## H&M fyrir fína og ríka fólkið

Hið vinsæla sænska H&M er með á plönunum að opna tíu búðir með kvenna- og karlalínu. Ekki þykir það saga til næsta bæjar að þeir opni búðir um allan heim, en í þetta sinn verða þeir með algerlega nýja stefnu, vörur sem eru í dýrari kantinum. H&M hefur verið þekkt fyrir að vera með ódýrar vörur þannig að þetta er einhvers konar U-beygja hjá þeim. Það verður gaman að fylgjast með því hvort að fólk vilji kaupa dýr H&M föt!!!

## Diesel og Victoria Secret

Orðin heimskingi og fífl eru góð og gild hugtök sem eiga sér langa sögu. Rekja má merkingu þessara orða óralangt aftur í tímann, í gegnum viskubókmenntir kristni og gyðingdóms, sem og í spekiritum Austurlanda, og þó víðar væri leitað. Hér áður og fyrr, einkum í hinum helleníska heimi, var talið að bústaður hugsunarinnar væri í hjartanu, og tilfinningarnar væru í maganum, og skynfærin í höfðinu. Eftir að raunhyggjumenn upplýsingarinnar uppgötvuðu heilann og undur hans, flissa menn nú yfir þessum skilningi fornmanna og líta svo á að aðsetur hugsana sé í heilanum, og jafnvel tilfinninganna einnig. Ég held þó að raunvísindamenn hafi nú uppskrúfast í anatómíunni og um hvimleiðan misskilning sé hjá þeim að ræða. Ástæðan fyrir þessum misskilningi raunhyggjumanna tel ég vera þá, að hér áður fyrr hugsuðu menn með hjartanu, en ekki með rassinum eins og nú tíðkast. David Hume, heimspekingur, sagði eitt sinn að skynsemin væri ambátt ástríðanna, og finnst mér það gáfulegt. Því skynsemi okkar og dómgreind hefur meira með tilfinningaástand okkar að gera en abstrakt rökvísi. Reyndar er ekkert til að mínu viti sem heitir skynsemi eða rökvísi sem óháð er tilfinningum og ástríðum.

Orðin fífl og heimskingi fólu þá merkingu í sér að viðkomandi hafði ekki dómgreind til að breyta rétt og siðlega gagnvart sjálfum sér og náunga sínum. Þetta vísaði til gæða hjartans og hæfileika einstaklingsins til samkenndar með öðrum. Þeir sem ekki höfðu þessi gæði voru kallaðir fífl og heimskingjar.

Nú er ég ekki maður sem vill hvetja fólk til að ala á reiði eða gremju, en er það ekki heilbrigðara að taka upp notkun á þessum hugtökum í stað þess að sverta orðstír þeirra sem raunverulega sjúkir eru með því að hengja á þá breyskleika sem annars myndu flokkast sem heimska eða flónska.

Geðlæknar hafa krotað hjá sér handbók þar sem allar hugsanlegar geðgreiningar er að finna og heitir DSM IV. Ég veit ekki hver lausnin við sjúkdómavæðingunni er, en ég varpa þeirri vangaveltu fram, í gríni og alvöru, hvort mál væri að setja í næstu útgáfu, DSM V, hugtökin fífl og heimskingi. Að minnsta kosti þykir mér það heilbrigðara og eðlilegra en að láta þessa sjúkdómavæðingu rísa til höfuðs á fólki, þannig að orðstír sjúkra skaðist, og úr verði einhvers konar heilbrigðisfasismi, þar sem hinir réttlátu, farsælu og góðu eru heilbrigðir, og hinir vondu og vesælu eru sjúkir.

*Höfundur er guðfræðingur og áfengisráðgjafi.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Allt um allt sem skiptir máli í Reykjavík
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Nýtt frá VIKING
Guaranteed waterproof footwear
Thermo extreme

Staðreyndir um Viking thermo:
• 40% léttari en samsvarandi stígvél úr PVC og gúmmí
• Heldur mýkt og sveigjanleika í kulda
• Polyuretan er mjög slitsterkt efni
• Polyuretan er vistvænt efni
• Má þvo við 30°C




Stígvél loðfóðruð
svört, blá, rauð
st. 22-35
5.899 kr
Get out!



Gildir á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**CHARLES BRONSON HEFÐI ORÐIÐ 85 ÁRA Í DAG**

*„Áhorfendur vilja sjá vondu kallana fá það sem þeir eiga skilið.“*

*Hasarmyndahetjan og harðjaxlinn Charles Bronson fæddist þennan dag árið 1920. Hann lést fyrir þremur árum.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 3. NÓVEMBER 1964

## Stórsigur Lyndons B. Johnson

Á þessum degi fyrir 42 árum var Lyndon Baines Johnson kjörinn forseti Bandaríkjanna. Bar hann sigurorð af repúblikanum Barry Goldwater með miklum meirihluta atkvæða. Var hann þar með 36. maðurinn til að gegna embætti Bandaríkjaforseta. Demókratinn Johnson vann í 44 ríkjum en Goldwater náði aðeins sex ríkjum. Var þetta stærsti meirihlutasigur í sögu Bandaríkjanna, enn stærri en þegar Franklin D. Roosevelt vann stórsigur árið 1936.

Johnson hafði tekið við forsetaembættinu árið áður eftir að forsetinn, John F. Kennedy, var myrtur í Dallas.

Johnson þakkaði stuðningsmönnum sínum, eiginkonunni og Kennedy er hann fagnaði sigrinum. Hét hann því að halda áfram félagslegum umbótum í landinu. Goldwater kenndi aftur á móti ósætti innan Repúblikanaflokksins um tapið.



**LYNDON B. JOHNSON** Johnson tók við sem forseti Bandaríkjanna skömmu eftir morðið á Kennedy.

**MERKISATBURÐIR**

- **1507** Leonardo da Vinci er fenginn til að mála mynd af Lisu Gherardini, útkoman var hin fræga Móna Lísa.
- **1660** Kötlugos hefst.
- **1796** John Adams er kosinn annar forseti Bandaríkjanna.
- **1839** Fyrsta ópíumstríðið skellur á milli Kína og Bretlands.
- **1903** Panama lýsir yfir sjálfstæði.
- **1941** Bandaríski sendiherrann John Grew varar við hugsanlegri skyndiárás frá Japan.
- **1957** Sovétmenn skjóta Spútnik II á loft með hundinn Laika innanborðs.
- **2004** George W. Bush er kjörinn forseti Bandaríkjanna í annað sinn.

---



†

**Petronella S. Ársælsdóttir**
Ella frá Fögrubrekku,

sem lést á Landspítala Fossvogi 30.10. 2006, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 7.11. kl. 13.

**Börn hinnar látnu**
**Laufey, Birna Kristín, Kristján og Ásta Gunna Kristjánsbörn.**

---



†

*Ástkær sambýlismaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

**Matthías Ingibergsson**
skipstjóri frá Sandfelli, Vestmannaeyjum,
til heimilis að Strandvegi 43a,
Vestmannaeyjum,

andaðist á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut þriðjudaginn 31. október. Jarðarförin fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 11. nóvember kl. 14.00.

**Margrét Magnúsdóttir**
**Karen Matthíasdóttir** **Brian Lynn Thomas**
**Jóhann Þórisson** **Þórný Kristmannsdóttir**
**Erlendur Þórisson** **Harpa Kristinsdóttir**
**Magnús Þórisson**
**barnabörn, barnabarnabörn, systur og aðrir aðstandendur.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Aðalheiður Una Sigurbjörnsdóttir**
Hjúkrunarheimilinu Skjóli,

áður til heimilis á Kaplaskjólsvegi 56, lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli þriðjudaginn 31. október sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Gyða Theodórsdóttir**
**Gylfi Theodórsson**
**Hulda Theodórsdóttir**
**Sigurbjörn Theodórsson**
**Theodór Theodórsson**
**Steinar Engilbert Theodórsson**
**tengdabörn, barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**

---




**Legsteinar**
Kynningarafsláttur af völdum tegundum
Fjölbreytt úrval
Hagstæð verð
Stuttur afgreiðslufrestur

**Steinsmiðjan Rein**
Viðarhöfða 1 · 110 RVK.
sími 566 7878 · www.rein.is
REIN


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

---



**KAUPMAÐURINN AGNAR Í VERSLUNINNI RANGÁ** Viðskiptavinum Rangár var boðið upp á kaffi og köku í búðinni á miðvikudag í tilefni af afmælinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**AGNAR ÁRNASON:** FAGNAR 75 ÁRA AFMÆLI VERSLUNARINNAR RANGÁR

# Ein síðasta kaupmannsbúðin og ekki á leiðinni að hætta

Verslunin Rangá í Skipasundi er ein síðasta kaupmannsbúð borgarinnar, en hún hefur verið starfrækt undir sama nafni í 75 ár. Búðina eiga í dag Sigrún Magnúsdóttir og Agnar Árnason, en þau festu kaup á rekstrinum 1971.

„Rangá er kaupmaðurinn á horninu eins og hann á að vera,“ sagði Agnar. „Okkur hefur verið líkt við gömlu kaupfélögin, það er hægt að finna allt hérna. Við seljum allar algengustu matvörur og nýlenduvörur, og svo erum við leikföng og gjafavöru,“ sagði hann, en Agnar segist sjá eftir kaupmannsbúðunum sem hafa verið á miklu undanhaldi undanfarin ár. „Þetta er mun persónulegra en stórmarkaðirnir, maður nær miklu meiri tengslum við viðskiptavinina. Það myndast hér skemmtilegt samfélag, fólk hittist í búðinni og gefur sér tíma til að spjalla og slaka á og njóta þess að hitta kunningjana,“ sagði hann.

Agnar segist hafa stóran hóp fastakúnna, en þar sem fólk flytjist stöðugt á milli hverfa séu alltaf ný og ný andlit að koma í búðina. „Ég þekki marga með nafni, þá sem hafa verslað hér í gegnum tíðina. En ég hef ekki bætt nýju fólki inn í reikningsheftið, það er bara fyrir þá sem hafa verið hér lengi,“ sagði Agnar, en reikningshald er einmitt hluti gamla sjarmans sem margir virðast sækja í í síðustu kaupmannsbúðunum. Agnar er þó bjartsýnn og segist hafa trú á því að kaupmannsbúðum fækki ekki frekar. „Ég er að vona að það sé komið jafnvægi í þetta núna. Mér finnst alveg vera grundvöllur fyrir rekstri svona búða í dag þó það sé langt í land ennþá. Fólki finnst mjög þægilegt að geta hlaupið út í litla búð og keypt það sem því bráðvantar. Það er vakning í því að fólk hafi áhuga á hverfisbúðum,“ sagði hann.

Spurður um hvort hann hafi íhugað að draga sig í hlé þverneitar hann því. „Það er ekkert á döfinni að hætta, þetta er svo gaman. Ég hefði nú ekki hangið í þessu í öll þessi ár ef þetta væri ekki svona skemmtilegt,“ sagði hann og tók undir að margir viðskiptavinanna fyndu fyrir nostalgíu í versluninni. „Fólki þykir vænt um þetta og lætur það óspart í ljós hérna. Það hvetur okkur til að halda áfram. Við megum hreinlega ekki hætta fyrir viðskiptavinunum,“ sagði Agnar.

sunna@frettabladid.is

---



†

*Ástkær, faðir minn, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Jón Gunnar Jónsson**
Skarði, Skarðsströnd,

verður jarðsunginn frá Skarðskirkju á Skarðsströnd laugardaginn 4. nóv. kl. 14.00. Sætaferðir verða frá BSÍ kl. 9.00 ef næg þátttaka fæst s: 437 1333,
Fyrir hönd aðstandenda,

**Kristinn Jónsson** **Þórunn Hilmarsdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær sonur minn, bróðir okkar og mágur,*

**Páll Þórðarson**
Flétturima 11, Reykjavík,

er látinn og verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju kl. 13.00 miðvikudaginn 8. nóv.

**Þórður Pálsson**
**Elín Þórðardóttir** **Reinhold Kristjánsson**
**Steinunn Þórðardóttir** **Hrafn Bachmann**
**Aðalsteinn Þórðarson** **Guðrún Jóhannesdóttir**
**Kjartan Þórðarson** **Helga Einarsdóttir**
**Gunnar Þórðarson** **Hafdís Kjartansdóttir**



TAX FREE dagar
TAX FREE DAGAR
Allar vörur án VSK!
2.199 1.760
Nokkrar noalega ábreiður
Stebbi og Eyfi
2.199 1.760
Magga Stína
syngur Megas
2.199 1.760
Please Don't Hate Me
Lay Low
2.199 1.760
Rudebox
Robbie Williams
2.199 1.760
Still the same
Rod Stewart
2.199 1.760
Í djúpum dal
Regína Ósk
2.299 1.839
Ísöld 2
DVD
4.999 3.999
Desperate
Housewifes 2 DVD
2.299 1.839
Lake House
DVD
3.999 3.199
Family Guy season 5
DVD
5.999 4.799
Sims 2 pets
ps2
Við fellum niður VSK af öllum vörum.
Tónlist, tölvuleikjum og DVD myndum.
30 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR
3.999 3.199
Football manager
2007 PC
Ríkisjóður fær virðisaukaskatt af sölunni en Skífan veitir afslátt sem því nemur.
VSK afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum




## STUÐ MILLI STRÍÐA: Ikea og álfarnir

**TRYGGVI GUNNARSSON** HEFUR ÁHYGGJUR AF ÓSÝNILEGUM NÁGRÖNNUM MANNFÓLKSINS



Nú er risin ný Mekka fyrir Íslendinga í húsgagnaleit. Ég er að sjálfsögðu að tala um nýja Ikea-risann sem smellt var niður í mitt hraunið í Garðabæ.

Ikea er fínt fyrirtæki. Ágætis húsgögn sem flest eru ódýr og svo eru auglýsingarnar þeirra yfirleitt fyndnar. Skemmtileg tilbreyting frá Orkuveitu-fíaskóinu sem sagði okkur hvernig við vildum hafa það.

Nýja húsið er líka frábært. Ef eitthvað kemur upp á, Suðurlandsskjálfti eða flóð í miðbænum, getum við flutt alla sem missa heimili sín til Ikea. Þar fá þeir rúm, salernis- og eldunaraðstöðu, stofu með sófasetti og fullt af heimilisáhöldum. Af nógu er að taka. Ef annað gos á sér stað í Vestmannaeyjum getum við flutt allt heila klabbið inn í verslunina án teljandi vandræða.

Ég hef hins vegar áhyggjur af álfunum. Ég er enginn fræðingur en búa þeir ekki í holtum og hæðum allt í kringum okkur? Við leggjum lykkjur á vegi okkar svo álfasteinar fái að standa óhaggaðir og við fáum fræðinga til að spyrja þá kurteislega hvort við megum færa húsin þeirra svo þeir verði ekki fyrir ónæði af völdum framkvæmda okkar.

Voru álfarnir spurðir hvort þeir væru tilbúnir að víkja fyrir Ikea? Búa þeir kannski þarna enn og hírast í kjallara undir öllum húsgögnunum? Er hugsanlegt að þeir hafi mótmælt með því að hlekkja sig við vinnuvélar og sigla á báti í drullupollinum í grunninum, en þar sem þeir eru ósýnilegir þá sá þá enginn? Getur verið að Ikea sé Kárahnjúkar álfaheims?

Kannski og kannski ekki. Það getur líka vel verið að enginn álfur hafi búið í þessu hraunrassgati nema fáir sem höfðu ekki efni á neinu betra. Nú fá þeir allir vinnu í Ikea við að selja ósýnileg sænsk húsgögn til fínu álfanna úr Elliðaárdalnum sem eru grænir af öfund en fela það bak við hamingjuóskir og skjall.

Hver getur svarað þessu? Hvar er Ólafur Liljurós þegar maður þarf á honum að halda?

# myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**NYLON** Nýjasta plata stúlknasveitarinnar Nylon verður seld hér á landi fyrir jólin.

# Plata Nylon á leið í búðir

Nýjasta plata Nylon verður seld í verslunum Hagkaupa í 5.000 eintökum fyrir jólin. Mun hún væntanlega koma í verslanir 16. nóvember.

„Við getum ekki hugsað okkur plötujól án þess að hafa Nylon í hillunum. Þess vegna sóttum við fast eftir því að fá þessa plötu til landsins,“ sagði Einar Ólafur Speight hjá Hagkaupum.

Útgáfu plötunnar í Bretlandi var frestað fram yfir áramót vegna hvalveiða Íslendinga og harðra viðbragða Breta við þeim.



**EDDIE IZZARD** Breski grínistinn hefur hætt við að leika í hinum vinsælu þáttum 24.

# Hætti við 24

Grínistinn Eddie Izzard hefur hætt við að taka þátt í næstu þáttaröð af bandaríska spennuþættinum 24. Izzard gekk út af tökustað eftir aðeins einn dag en ekki er vitað hvað varð til þess. Í stað hans hefur verið ráðinn breski leikarinn David Hunt. Mun hann taka við hlutverki illmennisins McCarthy.

Izzard, sem hefur m.a. verið með uppistand hér á landi, mun næst leika í sjónvarpsþættinum The Riches ásamt Minnie Driver.



**KYLIE MINOGUE** Líkir krabbameini við að verða fyrir kjarnorkusprengju.

# Kjarnorkusprengja

Nú hefur poppdrottningin ástralska, Kylie Minogue, talað í fyrsta sinn um krabbameinið sem hún þjáðist af á síðasta ári. „Þetta er eins og að verða fyrir kjarnorkusprengingu. Ég held að allir sem hafa orðið fyrir barðinu á þessum sjúkdómi viti hvað ég er að tala um. Það er erfitt að lýsa þessu með öðrum orðum,“ segir Minogue en hún greindist með sjúkdóminn á síðasta ári og lítið hefur heyrst frá henni síðan. Nú er söngfuglinn hins vegar allur að koma til og er að undirbúa nýja plötu sína. „Það er samt ótrúlegt hvað maður fer að meta meira þessa venjulegu hluti eins og að fara í göngutúr og kaupa kaffi. Ég naut þess í botn þegar ég var lasin.“

# Látum ekki ritskoða okkur

Hljómsveitin Baggalútur hefur gefið út lagið Brostu til styrktar barnahjálp Sameinuðu þjóðanna en þetta er gert í tilefni af degi Rauða nefsins sem haldinn verður hátíðlegur víða um heim hinn 1. desember. Tilgangurinn er að fá fólk til að hlæja og skemmta sér en um leið að vekja athygli á góðu málefni.

Baggalútsmaðurinn Guðmundur Pálsson segir að þeir félagar hafi ekki getað skorast undan þegar Unicef á Íslandi kom að máli við þá.

„Við vorum meira en lítið tilbúnir að leggja þessu málefni lið, maður segir ekki nei við svona,“ útskýrir Guðmundur en fjöldi þjóðþekktra einstaklinga leggur þeim lið, þeirra á meðal Unnur Birna Vilhjálmsdóttir og kóngurinn sjálfur, Bubbi Morthens. „Okkur fannst mjög skemmtilegt að vera í sama herbergi og Unnur og Bubbi á sama tíma,“ segir Guðmundur. „Og þau mega eiga það að allir voru stundvísir og allir til í að vera með,“ bætir Guðmundur við. „Svo hlupum við um bæinn með upptökutæki en einhverjir létu þó sjá sig í upptökuverinu,“ bætir Guðmundur við.

Í nógu er að snúast hjá Baggalúti því það styttist í jólaplötu sveitarinnar með öllum aðventulögum flokksins auk fjögurra nýrra. Þá hyggja þeir á endurkomu í útvarpið en fyrsta innslag þeirra verður frumflutt á laugardaginn á Rás 2. Baggalútur er þar á kunnugum slóðum en hljómsveitin fór mikinn á öldum ljósvakans fyrir tveimur árum en hvarf síðan af dagskránni ansi snögglega. „Við vorum eiginlega beðnir um að hætta á vinsamlegu nótunum,“ segir Guðmundur. „Þetta gekk svona misvel ofan í fólk þá en nú eru komnir nýir stjórnendur og nýtt blóð, við látum samt ekkert ritskoða okkur,“ bætir Guðmundur við.



**BREGÐUR SÉR Í HLUTVERK SÖNGKONU** Unnur Birna Vilhjálmsdóttir syngur línuna „Í gegnum tárin“.



**BROSA FYRIR UNICEF** Baggalútur hefur samið lag sem gefið verður út til styrktar barnahjálp Sameinuðu þjóðanna.



**Kl. 17.00**

*Í tilefni af hundrað ára ártíð leikskáldsins Henriks Ibsen er efnt til málþings um Henrik Ibsen. Þátttakendur eru Brynhild Mathisen stundakennari, Gro Tove Sandsmark, sendikennari HÍ í norsku, Kári Halldór Þórsson leikstjóri, Melkorka Tekla Ólafsdóttir leiklistarráðunautur, Róbert Haraldsson, dósent í heimspeki og Trausti Ólafsson leiklistarfræðingur. Fundarstjóri er Per Landrø.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Gnægtarborð Unglistar

Eins víst og lóan kemur á vorin þá hefur Unglist – Listahátíð ungs fólks, fest sig í sessi. Hátíðin hefur verið árviss viðburður á haustdögum í Reykjavík frá árinu 1992 og stendur hún í rúma viku í hvert sinn. Unglist hefur ávallt verið starfrækt í tengslum við Hitt Húsið, menningar- og upplýsingarmiðstöð ungs fólks sem er með starfsemi sína í Pósthússtræti. Dagskráin hefst í dag en að vanda verður boðið upp á ljúfa klassíska tóna, rokkið tekur völdin, dansinn dunar, kjólacult og kápuklassík, gjörningar, drama og annað gott verður lagt á borð fyrir listætur.

Allt er þetta í boði ungs fólks sem hefur af elju og metnað gert gnægtarborð listanna sem veglegast en enginn aðgangseyrir er á viðburði hátíðarinnar. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.hitthusid.is.



**LJÚFUR VETRARBOÐI** Unglist hefst með myndlistarmaraþoni í dag og fjöllistakvöldi í Tjarnarbíói.

**> Ekki missa af ...**

leiksýningunni **Best í heimi** sem **Rauði þráðurinn** sýnir í **Iðnó**. Meinfyndið verk um alvöru mál, samskipti Íslendinga við útlendinga og landlægan misskilning okkar um sérstöðu íslensku þjóðarinnar.

opnun sýningarinnar **Uncertain States of America** í **Listasafni Reykjavíkur** á morgun. Dagskráin hefst með málþingi kl. 16 en sýningin verður opnuð kl. 20.

**kvikmyndasýningu** á vegum MÍR næstkomandi sunnudag. Gömul sovésk kvikmynd, **Tsapajev** frá árinu 1934, verður sýnd í **MÍR-salnum, Hverfisgötu 105** kl. 15.



**ALLT GETUR GERST** Björn Ingi Hilmarsson, Guðmundur Elías Knudsen og Peter Anderson mynda dansleikhúshópinn Watch my Back.

# Danstrúðar spinna

Gættu mín eða Watch My Back er nýr dansleikhúshópur sem samanstendur af þremur karlmönnum og listamönnum LR og Íd. Tríóið skipa þeir Peter Anderson dansari og danshöfundur, Guðmundur Elías Knudsen dansari og Björn Ingi Hilmarsson leikari. Þeir kalla iðju sína dansleikhússport og segja það nýja tegund afþreyingarlistar.

Hópurinn spinnur gamansamar senur með hjálp áhorfenda. Áhorfendur gefa leikurum/dönsurum stikkorð sem þeir spinna út frá. Segir í fréttatilkynningu frá Borgarleikhúsi: „Þetta er viðkvæmt en skemmtilegt „listform“ þar sem allt getur gerst – það er aðeins spurning um hugmyndaflug áhorfenda.“

Leikið verður í kaffileikhússtemningu í forsal Borgarleikhússins þar sem barinn verður opinn, en allur leikur fer fram á ensku. Fjórar sýningar verða hjá hópnum, hin fyrsta í kvöld kl. 20.10. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Borgarleikhússins. - pbb

# Innrásinni að ljúka

Sýningu listahópsins Invasionistas í Kling og Bang-galleríi á Laugavegi lýkur um helgina. Invasionistas er fjölþjóðlegur hópur listamanna sem starfar í New York. Þetta er í fyrsta sinn sem hópurinn heldur sýningu saman. Undanfarin tíu ár hafa þau starfað saman í pörum og smærri hópum að gjörningum, innsetningum og myndbandagerð.

Ætlun þeirra er að kanna merkingu innrásar almennt og hvernig hún endurspeglast í veröldinni, í íslensku sögunni og í blindgötustjórnmálum heimalands síns. Á mjög djúp-yfirborðskenndan hátt mun hópurinn kynna viðhorf sín á ástinni og lífinu.

Sýningin var opnuð í tengslum við grasrótarhátíðina Sequences en hópurinn kom sér fyrir í galleríinu og hefur starfað þar eins og nokkurskonar sértrúarsamtök þar sem hver og einn kynnir sín einstöku máttaröfl í gegnum gjörninga, tónlist, herkvaðningu, málamiðlanir, sérleiðangra og trúboð, og óhætt að innrásin hafi hrist upp í íslensku samfélagi.

Sýningin er opin milli kl. 14-18 og stendur fram á sunnudag.



**FJÖLÞJÓÐLEGUR LISTAHÓPUR LÝKUR INNRÁS SINNI UM HELGINA** Invasionistas hafa sett mark sitt á bæjarlífið undanfarið.

# Ástarsól Óskars



Komin er út þriðja sólóplata Óskars Péturssonar, Ástarsól, en fyrri plötur Óskars hafa báðar náð metsölu. Á plötunni flytur Óskar lög Gunnars Þórðarsonar sem ávallt hefur verið í miklum metum hjá Óskari og hann hefur borið mikla virðingu fyrir sem lagahöfundi. Óskar syngur fjórtán lög Gunnars og þar af níu ný lög. Meðal eldri laga á plötunni eru: Ástarsæla, Vetrarsól, Bláu augun þín, Hafið og Reykjavík.

Meðal textahöfunda á nýju plötunni eru: Davíð Oddsson, Friðrik Erlingsson, Karl Mann, Halldór Gunnarsson, Kristján Hreinsson, Einar Már Guðmundsson og Gísli Rúnar Jónsson. Óskar syngur dúett í tveimur lögum með Jóhanni Friðgeiri Valdimarssyni og Regínu Ósk.

Gunnar Þórðarson stjórnaði upptökum á plötunni auk þess að útsetja lögin.

# Forskot á flóðið árlega

**Nú er annatími hjá útgefendum sem þeysast milli bæjarhluta með handrit og útprent. Orðin og sögurnar dælast úr prentvélum yfir í plastvélar og rata loks í hillur verslana þar sem lesendur bíða spenntir eftir jólabókunum.**



**ANNATÍMI ÚTGEFANDANS** Fjórar bækur eru væntanlegar frá forlaginu Bjarti á morgun. Guðrún Vilmundardóttir útgefandi var nýkomin með eintak af einni þeirra í hendur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ekki er ráð nema í tíma sé tekið að koma bókunum út því að sögn Guðrúnar Vilmundardóttur, útgefanda hjá forlaginu Bjarti, eru óþolinmóðir lesendur farnir að hringja og reka á eftir sumum þeirra. Í síðustu viku komu út þrjár ljóðabækur hjá forlaginu sem og dágott úrval af spennandi barnabókum og þýðingum en á morgun bætast við fjórar íslenskar skáldsögur. Guðrún útskýrir að sögur þær séu allar eftir kunnuglega höfunda sem hafi gefið út hjá forlaginu áður en nú rói þeir á ný mið.

**Ólánspiltur í eltingarleik**

Fyrst ber þar að nefna höfundinn Jökul Valsson sem stimplaði sig inn í bókmenntalandslagið með hrollvekjunni Börnin í Húmdölum fyrir tveimur árum. „Jökull gefur út söguna Skuldadagar sem er spennusaga en þó ekki reyfari,“ segir Guðrún. Þar segir af ólánsdreng sem sífellt ætlar sér að redda málunum fyrir helgina en týnir eiturlyfjum sem hann hyggst selja. „Úr verður mikill eltingarleikur því raunverulegir eigendur góssins eru alls ekki lukkulegt lið. Þetta er bæði fyndin og þrususpennandi bók,“ segir Guðrún.

**Raunverulegar hremmingar**

Lánið eltir heldur ekki aðalpersónu bókar Eiríks Guðmundssonar sem einnig gefur út sína aðra bók hjá Bjarti. „Þetta er fyrsta skáldsagan hans en hann gaf út bók í svörtu línunni okkar fyrir tveimur árum,“ útskýrir Guðrún og áréttar að sagan sé nokkuð „Eiríks-leg“ og rödd söguhöfundarins kunnugleg í völdum köflum hennar. „Sagan sú fjallar um mann sem á í vanda með að greina milli skáldskapar og veruleika. Hann verður fyrir þeirri stórkostlegu tragedíu að missa póstkort út um gluggann. Þá lendir allt í handaskolum eins og þeir vita sem lent hafa í sambærilegum hremmingum.“




**SKÁLDSAGAN LAUGARDAGUR** Saga Ians McEwan er meðal þýðinganna sem koma út hjá Bjarti. Þýðandi hennar er Árni Óskarsson.

**Steinn spæjari og Muggur**

Rithöfundurinn Steinar Bragi er iðinn við kolann, nú kemur út hans sjötta bók hjá Bjarti en á árinu gaf hann einnig út bók í seríu Nýhil forlagsins, Norrænar bókmenntir. „Þetta er fjórða skáldsagan hans en í henni eru bæði gamalkunnug efnistök sem aðdáendur hans þekkja og alveg nýr tónn því bókin, Hið stórfenglega leyndarmál heimsins, er spæjarasaga. Aðalpersónur bókarinnar eru hinn mikli leynispæjari Steinn Steinarr og aðstoðarmaður hans Muggur Maístjarna en söguviðið er stórfenglegt skemmtiferðaskip sem heitir Heimurinn,“ útskýrir Guðrún og tekur undir að sagan gæti flokkast sem táknsaga og að höfundurinn sé lítt að linast með árunum.

**Gaddavír og girðingar**

Fjórða bókin er saga Sigurjóns Magnússonar, Gaddavír, en höfundur hennar hefur meðal annars sent frá sér bækurnar Góða nótt, Silja og Hér hlustar aldrei neinn. „Þetta er knöpp saga og meitluð,“ segir útgefandinn og bætir því við að Sigurjón sé mjög áleitinn höfundur. Í bókinni segir frá óhugguglegum atburðum á bóndabæ sem fortíðin hvílir á eins og skuggi en misgerðir hennar eru afhjúpaðar smám saman. „Sagan er fallega sögð og rakin aftur í tímann. Maður situr alveg stjarfur yfir þessari bók – þar er ólga undir hverju orði.“

**Hliðarbúgreinar**

Bjartur fer ekki aðeins mikinn á bókmenntavellinum heldur hefur forlagið líka fært sig upp á skaftið því á dögunum kom út fyrsti hljómdiskurinn á vegum þess. Diskurinn Magga Stína syngur Megas ber nafn sitt með rentu en útgáfutónleikar Möggu Stínu verða í Salnum annað kvöld eins og til að króna þennan margfalda útgáfudag. „Dótturfyrirtækið Bjartur Records Limited gefur diskinn út en til þess var stofnað sérstaklega vegna þess að þarna er gæðaefni á ferð,“ segir Guðrún sposk en bætir við að óvíst sé um frekari tónlistarútgáfu. „Það verður þó tekið til vandlegrar skoðunar.“

kristrun@frettabladid.is

# Stórfengleg helgi í Þjóðleikhúsinu!

## 3., 4. og 5. nóvember




**Bráðfyndið verk um verstu sönkonu allra tíma!**

Sýning laugardag og sunnudag, uppselt.
Næsta sýning laugardaginn 11. nóv.




**Brúðusýning fyrir fullorðna!**

Sýning laugardag og sunnudag, uppselt.
Næsta sýning sunnudaginn 12. nóv.

## KÚLAN

**Nýtt svið opnað á laugardag!**




**Patrekur 1,5**
**Ögrandi verk um ást og fordóma!**

Sýning laugardag, uppselt.
Næsta sýning föstudaginn. 10. nóv.




**Gríman - sýning ársins 2006!**

Sýning í kvöld, örfá sæti laus.
Næsta sýning fimmtudaginn 9. nóv. uppselt.




**Fjölskyldusýning byggð á bókum Guðrúnar Helgadóttur**

Sýning sunnudag, uppselt.
Næsta sýning laugardaginn 11. nóv.




**Leikhúsupplifun með söng og dansi!**

Sýning laugardag og sunnudag, uppselt.
Aukasýning á laugardag.

Miðasala í síma 551 1200
og á **www.leikhusid.is**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

# Tilnefningar

EDDA 2006

## SJÓNVARPSÞÁTTUR ÁRSINS

**Fyrstu skrefin**
Framleiðandi: FS production / Hlynur Sigurðsson
Stjórnandi: Haukur Hauksson
Handrit: Haukur Hauksson, Guðrún Gunnarsdóttir og Hlynur Sigurðsson

**Græna herbergið**
Framleiðandi: Ríkisútvarpið Sjónvarp - Stjórnandi: Egill Eðvarðsson

**Innlit/útlit**
Framleiðandi: Skjáreinn
Stjórnandi: Hjördís Ýr Johnsson

**Kompás**
Framleiðandi: NFS / Stöð 2 - Stjórnandi: Marteinn Þórsson - Ritstjóri: Jóhannes Kr Kristjánsson

**Sjálfstætt fólk**
Framleiðandi: Sagafilm - Stjórnendur: Steingrímur Jón Þórðarson og Jón Ársæll Þórðarson

## HEIMILDAMYND ÁRSINS

**Act Normal**
Framleiðandi: Poppoli / Ólafur Jóhannesson, Ragnar Santos, Helgi Sverrisson - Leikstjóri: Ólafur Jóhannesson

**Ekkert mál**
Framleiðandi: Goðsögn - Leikstjóri: Steingrímur Jón Þórðarson - Handrit: Hjalti Árnason og Steingrímur Jón Þórðarson

**Skuggabörn**
Framleiðandi: Í einni sæng - Leikstjórn: Lýður Árnason og Jóakim Reynisson - Handrit: Þórhallur Gunnarsson og Lýður Árnason

## SKEMMTIÞÁTTUR ÁRSINS

**Jón Ólafs**
Framleiðandi: Ríkisútvarpið Sjónvarp - Stjórnandi: Jón Egill Bergþórsson - Umsjón: Jón Ólafsson

**KF Nörd**
Framleiðandi: Sagafilm / Anna Katrín Guðmundsdóttir - Stjórn og handrit: Bjarni Haukur Þórsson

**Strákarnir**
Framleiðandi: Sagafilm - Stjórnandi: Kristófer Dignus - Handrit: Strákarnir og Kristófer Dignus

## LEIKIÐ SJÓNVARPSEFNI ÁRSINS

**Allir litir hafsins eru kaldir**
Framleiðandi: Ax / Ólafur Rögnvaldsson - Leikstjóri: Anna Rögnvaldsdóttir - Handrit: Anna Rögnvaldsdóttir

**Sigtið**
Framleiðandi: Sigtið - Leikstjóri: Ragnar Hansson - Handrit: Friðrik Friðriksson, Gunnar Hansson, Halldór Gylfason og Ragnar Hansson

**Stelpurnar**
Framleiðandi: Sagafilm / Magnús Viðar Sigurðsson, Kristinn Þórðarson og Harpa Elísa Þórsdóttir - Leikstjóri: Ragnar Bragason
Handrit: Sigurjón Kjartansson og fleiri

## KVIKMYND ÁRSINS

**Blóðbönd**
Framleiðandi: Pegasus / Snorri Þórisson - Leikstjóri: Árni Ólafur Ásgeirsson - Handrit: Árni Ólafur Ásgeirsson, Jón Atli Jónasson og Denijal Hasanovic

**Börn**
Framleiðandi: Vesturport - Leikstjóri: Ragnar Bragason - Handrit: Ragnar Bragason, Gísli Örn Garðarsson, Nína Dögg Filippusdóttir, Ólafur Darri Ólafsson og leikhópurinn

**Mýrin**
Framleiðandi: Sögn / Agnes Johansen, Lilja Pálmadóttir og Baltasar Kormákur
Leikstjóri: Baltasar Kormákur - Handrit: Baltasar Kormákur

Athugið! Netkosningin er hafin á www.visir.is

## STUTTMYND ÁRSINS

**Anna og skapsveiflurnar**
Framleiðandi: Caoz / Hilmar Sigurðsson og Arnar Þórisson - Leikstjóri: Gunnar Karlsson - Handrit: Sjón

**Góðir gestir**
Framleiðandi: No 9 Production / Ísold Uggadóttir, Fura Ösp Jóhannesdóttir og Stephanie Perdomo
Leikstjóri: Ísold Uggadóttir - Handrit: Ísold Uggadóttir

**Midnight**
Framleiðandi, leikstjóri og handritsdöfundur: Eyrún Eyjólfsdóttir

## ÚTLIT MYNDAR

**Gunnar Karlsson** fyrir Anna og skapsveiflurnar

**Karl Júlíusson** fyrir leikmynd í A Little Trip to Heaven

**Óttar Guðnason** fyrir kvikmyndatöku í A Little Trip to Heaven

## HLJÓÐ & TÓNLIST

**Kjartan Kjartansson** fyrir hljóð í Allir litir hafsins eru kaldir

**Mugison** fyrir tónlist í Mýrinni og A Little Trip to Heaven

**Pétur Þór Benediktsson** fyrir tónlist í Börnum

## LEIKSTJÓRI ÁRSINS

**Árni Ólafur Ásgeirsson** fyrir Blóðbönd

**Baltasar Kormákur** fyrir Mýrina

**Ragnar Bragason** fyrir Börn

## HANDRIT ÁRSINS

Anna og skapsveiflurnar eftir **Sjón**

Blóðbönd eftir **Árna Ólaf Ásgeirsson, Denijal Hasanovic og Jón Atla Jónasson**

Börn eftir **Ragnar Bragason, Gísla Örn Garðarsson, Nínu Dögg Filippusdóttur og Ólaf Darra Ólafsson**

## LEIKARI ÁRSINS

**Gísli Örn Garðarsson** fyrir Börn

**Hilmar Jónsson** fyrir Blóðbönd

**Ingvar E. Sigurðsson** fyrir Mýrina

**Nína Dögg Filippusdóttir** fyrir Börn

**Ólafur Darri Ólafsson** fyrir Börn

## LEIKARI ÁRSINS Í AUKAHLUTVERKI

**Atli Rafn Sigurðsson** fyrir Mýrina

**Halldór Gylfason** fyrir Stundina okkar

**Laufey Elíasdóttir** fyrir Blóðbönd

**Margrét Helga Jóhannsdóttir** fyrir Börn

**Ólafía Hrönn Jónsdóttir** fyrir Alla liti hafsins

SJÓNVARPIÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
sagaevents

# Ný lög og sálmar

Tónlistardagar Dómkirkjunnar í Reykjavík eru árleg tónlistarveisla sem haldin er í kringum vígsluafmæli kirkjunnar síðustu helgina í október og fram í miðjan nóvember. Tónlistardagarnir eru nú haldnir í 25. skipti en í ár eru liðin 210 ár frá því að Dómkirkjan var vígð.

Í kvöld verða all sérstakir tónleikar í kirkjunni. Dómkórinn leitaði til þeirra tónskálda sem árum saman hafa samið verk fyrir kórinn og búsett eru hér á landi, en kórinn hefur ekki síður leitað til erlendra tónskálda. Erindið var þetta árið að fá til flutnings sálma eða stutt kórlög. Mörg falleg lög bárust og verða þau flutt í kvöld á tónleikum í Dómkirkjunni og hefjast tónleikarnir kl. 20.

Tónskáldin sem eiga ný verk á þessum tónleikum eru: Þorkell Sigurbjörnsson, Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson, Jónas Tómasson, Jón Ásgeirsson, Mist Þorkelsdóttir, Tryggvi M. Baldursson og Jórunn Viðar. Auk þess verða flutt eldri verk eftir Jón Nordal, Jón Þórarinsson, Harald Sveinbjörnsson og Hjálmar H. Ragnarsson. Auk Dómkórsins eru flytjendur stjórnandi kórsins, Marteinn H. Friðriksson, sem leikur á orgel, og Sesselja Kristjánsdóttir messósópran.



**SESSELJA KRISTJÁNSDÓTTIR MESSÓSÓPRAN** Syngur einsöng með Dómkórnum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á morgun kl. 17 verða síðan tónleikar á kirkjulofti Dómkirkjunnar en þetta mun vera í fyrsta skipti sem opinberir tónleikar fara fram þar. Yfirskrift þeirra er „Okkur til gleði og guði til dýrðar“. Sungin verða gömul íslensk lög og leikið á langspil **- pbb**

## NÝJAR BÆKUR

Eitur fyrir byrjendur er önnur skáldsaga Eiríks Arnar Norðdahl en hann hefur áður gefið út skáldsöguna Hugsjónadruslan og fjölda ljóðabóka og þýðinga. Í bókinni segir af Halldóri og Herdísi sem búa saman en hafa ekki kysst svo vitað sé. Þegar Herdís færir inn á heimilið varhugaverða pottaplöntu og kynjafræðinemann Högna tapar Halldór hæfileikanum til að fara úr húsi en fær því meiri áhuga á byrlun eiturs. Eitur fyrir byrjendur er skáldsaga sem fjallar á næman hátt um samlíf ungs fólks. Forlagið Nýhil gefur út.



Tíunda skáldsaga Arnalds Indriðasonar, Konungsbók, er komin út. Bókin gerist að mestu í Kaupmannahöfn árið 1955 og tengist leyndarmáli sem snertir helsta dýrgrip Íslands, Konungsbók Eddukvæða. Valdemar, ungur íslenskufræðingur, heldur til náms í Danmörku og finnur þar fyrir landa sinn, gamlan prófessor, sem er heillum horfinn enda býr hann yfir skelfilegu leyndarmáli sem tengist ævafornri höfuðgersemi íslensku þjóðarinnar – Konungsbók Eddukvæða. Leyndarmálið leiðir prófessorinn og lærisvein hans í mikla háskaför um þvera Evrópu þar sem mannslíf eru léttvæg fundin. Þetta er mögnuð og spennandi saga um hverju má fórna – og hverju verður að fórna – fyrir dýrustu gersemar kynslóðanna. Útgefandi er Vaka Helgafell.




Skáldævisaga byggð á lífi Bubba Morthens, Ballaðan um Bubba Morthens, eftir Jón Atla Jónasson kemur út hjá forlaginu JPV í dag. Á ferðinni er saga þjóðþekkts manns sem er hvorki „hér né þar heldur er bara með gítar og rödd við endann á lungum sem dragast saman og tútna út á víxl af reyk og slori og væntingum og vonum og draumum.“ Jón Atli Jónasson hefur gefið út skáldsögu, smásögur og skrifað kvikmyndahandrit. Hann er ekki síður þekktur fyrir leikrit sín en hann var valinn leikskáld ársins árið 2004 fyrir leikrit sitt, Brim.




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

31 1 2 **3** 4 5 6

### Föstudagur

#### OPNANIR

☐ 17.00 Sýning á verkum myndlistarmannsins **Georgs Guðna** verður opnuð í **gallerii Turpentine** í **Ingólfsstræti**.

☐ Myndlistarmaðurinn **Curver Thoroddsen** frumsýnir nektarverkið **Án titils** í galleri **BOX** á Akureyri. Sýningin stendur aðeins í þrjá daga.

#### MÁLÞING

☐ 14.00 Málþing verður haldið á vegum R**annsóknaseturs í fötlunarfræðum** við félagsvísindadeild **Háskóla Íslands** í **Norræna húsinu**. Þar verða kynntar nýjar rannsóknir sem fjalla um líf og reynslu fatlaðra barna og ungmenna. Aðalfyrirlesari er **Dr. Kirstin Stalker** dósent við University of Strathclyde í Skotlandi.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

AUSTURBÆR

danny and the deep blue sea

“pönkuð ástarsaga”

**Sýningar**
fös 3. nóv kl. 20:00 uppselt
fös 3. nóv kl. 22:00 uppselt
lau 4. nóv kl. 20:00 örfá sæti laus
lau 4. nóv kl. 22:00
**Aðeins þessar sýningar**
**Miðaverð kr. 2000**
**Sýningin fer fram á ensku**

**Hafið bláa**
Sun 12. nóv kl. 13:30
Sun 19. nóv kl. 13:30
síðasta sýning fyrir jól
Fékk áhorfendaverðlaun grímunar 2006

**Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

**STÓRA SVIÐIÐ kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG** eftir Peter Quilter
4. sýn. lau. 4/11 **örfá sæti laus,** 5. sýn. sun. 5/11 **örfá sæti laus**, 6. sýn. lau. 11/11 **örfá sæti laus**, 7. sýn. sun. 12/11 **örfá sæti laus**, 8. sýn. lau. 18/11 **örfá sæti laus**, sun. 19/11 **örfá sæti laus**, lau. 25/11 **örfá sæti laus**, sun. 26/11.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 5/11 **kl. 14:00** uppselt, lau. 11/11 **kl. 14:00** uppselt, sun. 12/11 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 18/11 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 19/11 kl. 14:00 uppselt, fös. 29/12 **kl. 20:00**, lau. 30/12 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 7/1 **kl. 14:00.**

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Í kvöld fös. 3/11 **örfá sæti laus**, fim. 9/11 uppselt, fös. 10/11 **örfá sæti laus**, fim 16/11, fös. 17.11 **örfá sæti laus**, fim. 23/11, fös. 24/11.

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ aðalbyggingu Lindargötumegin, kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Lau. 4/11 uppselt, fös. 10/11 **örfá sæti laus,** lau. 11/11, sun. 19/11.

**KÚLAN Lindargötu 7, kl. 20:00**

**UMBREYTING** – brúðusýning fyrir fullorðna eftir Bernd Ogrodnik.
Lau. 4/11 uppselt, sun. 5/11 **kl. 17:00** uppselt, sun. 12/11 **kl. 17:00**, fös. 17/11 **kl. 20:00.**

**LEIKHÚSLOFTIÐ aðalbyggingu, kl. 11:00 og 12:15**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
Lau. 4/11 **kl. 11:00** uppselt og **kl. 12:15** uppselt, aukasýning **kl. 14:00** uppselt, sun. 5/11 kl. **11:00** uppselt og **kl. 12:15** uppselt, lau. 11/11 **kl. 11:00** uppselt og **kl. 12:15** uppselt, sun. 12/11 **kl. 11:00** uppselt og kl. **12:15** uppselt.

Gjafakort í Þjóðleikhúsið opnar ævintýraheim!
SITJI GUÐS ENGLAR

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**

„FRÁ ÞESSARI STUNDU ERUM VIÐ ÓVINIR.“
AMADEUS

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 5/11 kl. 14 Sun 12/11 kl. 14
Sun 19/11 kl. 14 Sun 26/11 kl. 14

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Í kvöld kl. 20 UPPS. Fim 9/11 kl. 20
Fös 10/11 kl. 20 UPPS. Fim 16/11 kl. 20

**FOOTLOOSE**
Sun 5/11 kl. 20 Lau 11/11 kl. 20 UPPS.
Fös 17/11 kl. 20 Fös 24/11 kl. 20

**BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fim 9/11 kl. 20
Fim 16/11 kl. 20
Fim 23/11 kl. 20 AUKASÝNING
Sun 3/12 kl. 20 AUKASÝNING
Fös 8/12 kl. 20 AUKASÝNING
Aðeins þessar sýningar.

**MANNTAFL**
Í kvöld kl. 20 Fös 10/11 kl. 20
Sun 19/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar

**FJÖLSKYLDUSÝNING Íd**
Lau 11/11 kl. 14 Frumsýning
Lau 18/11 kl. 14 Lau 25/11 kl. 20
Frítt fyrir 12 ára og yngri

**MEIN KAMPF**
Lau 4/11 kl. 20 Sun 5/11 kl. 20
Lau 11/11 kl. 20 Sun 12/11 kl. 20

**SAKAMÁL Á SVIÐ**
Leiklestrar á 3ju hæðinni.
Sun 5/11, 12/11, 19/11, 26/11 kl. 20
Allir velkomnir, ókeypis aðgangur
Sjá nánar á www.borgarleikhus.is

**AMADEUS**
Lau 4/11 kl. 20 3.sýning Rauð kort.
Sun 12/11 kl. 20 4.sýning Græn kort
Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 6.sýning

**DOGMA LEIKARANS**
Sólarferð höf. Guðmundur Steinsson
Lau 4/11 kl. 17 Lau 11/11 kl. 17
Sýnt á 3ju hæðinni Miðaverð 1.000

**WATCH MY BACK**
Í kvöld 3/11, fös 10/11 kl. 20:10
Sun 19/11, sun 26/11 kl. 20:10
Miðaverð 1.000
Sjá nánar á www.borgarleikhus.is

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

Strengjaleikhúsið í samvinnu við íslensku óperuna

SKUGGALEIKUR
Ný íslensk ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur, Sjón og Messíönu Tómasdóttur

Frumsýning 18. nóvember kl. 20 - 2. sýning 25. nóvember kl. 20
3. sýning 2. desember kl. 20
ATH! AÐEINS ÞESSAR ÞRJÁR SÝNINGAR

ARÍUR UM ÁSTINA - HÁDEGISTÓNLEIKAR ÞRIÐJUD. 14. NÓV. KL.12.15
Jónas Guðmundsson, tenór, og Kurt Kopecky, píanó, flytja rússneskar og ítalskar aríur í hádeginu

STRENGJALEIKHÚSIÐ ÍSLENSKA ÓPERAN

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

**GERÐUBERG**
www.gerduberg.is

**Kvæðamannafélagið Iðunn**
Komdu í kvöld kl. 20
og kynntu þér gamla rímnakveðskapinn!
Allir velkomnir og aðgangur ókeypis!

**Ljóðatónleikar Gerðubergs**
**Söngperlur Sigvalda Kaldalóns**
**Í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs**
sunnudagskvöldið 12. nóvember kl. 20
Miðasalan er hafin á www.salurinn.is
Aðgangseyrir: Kr. 3.000, eldri borgarar kr. 2.500

Sýningarnar Reykjavík - Úr launsátri, Flóðhestar og framakonur og Kompósísjónir eru opnar virka daga frá kl. 11 -17 og um helgar frá kl. 13 - 16
Gerðuberg • sími 575 7700

120 1886 2006

Maður, náttúra og mynd

Ingálvur av Reyni
Sámal Joensen-Mikines
Zacharias Heinesen

Í Landsbankanum, Austurstræti, í afgreiðslusal og á 2. hæð, eru sýnd málverk í eigu Færeyjabanka eftir þrjá af helstu listamönnum færeysku þjóðarinnar.

Sýningin er opin á afgreiðslutíma bankans til 30. nóvember.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

Sýnt í Iðnó

| | | |
|---|---|---|
| Lau. Upps. | 4. nóv | Miðasala virka daga |
| Sun. Upps. | 5. nóv | frá kl. 11–16 og 2 |
| Fös. | 10. nóv | tímum fyrir sýningar. |
| Lau. | 11. nóv | Sími 5629700 |
| Lau. | 18. nóv | www.idno.is |
| Sun. | 19. nóv | Sýningar kl. 20 |







MIÐAPANTANIR:
GSM: 694 8900 / midasala@einleikhusid.is

**Fös. 3. nóv. kl.20** - Nokkur sæti laus
**Lau. 4. nóv. kl.20**
**Sun. 5. nóv. kl.20**
**Fös. 10. nóv. kl.20**

*Þetta er ein sú besta, ef ekki besta sýning sem ég hef séð! Eirún Sigurðardóttir myndlistarmaður*

*ATH. hlaðborð fyrir hópa í veislusal hússins*
*Nánari upplýsingar á: einleikhusid.is.*

*Sýnt í Reiðhöll Gusts, Álalind 3, Kópavogi*

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

KRINGLU KRÁIN

Logar
*Frá Vestmanneyjum*
*í kvöld*

*Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum*

Ein elsta og mesta rokkhljómsveit landsins
# Logar
frá Vestmannaeyjum
Eyjastuð...
á Kringlukránni
í kvöld og á morgun laugardag 4. nóvember



Café/Restaurant
KRINGLU KRÁIN
– á góðri stund

# LOTTÓ OPEN 2006
haldin af Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar laugardaginn 4. nóvember
í Íþróttahúsi Hafnarfjarðar Strandgötu

MIÐASALA hefst kl. 9.00
KEPPNI hefst kl. 10.30
MIÐAVERÐ 6–12 ára 700 kr.
FULLORÐNIR 1.200 kr.
5 ÁRA OG YNGRI SVO OG ELDRI BORGARAR frítt
SJÁ TÍMATÖFLU fyrir keppnina á www.dih.is
ALÞJÓÐLEGIR DÓMARAR







Komið og sjáið pör á heimsmælikvarða dansa
...missið ekki af því!!

ALCAN

DÍH Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar
Haukahrauni 1, Hafnarfirði
www.dih.is • dihdans@simnet.is

TAKTU ÞÁTT!




9. VINNUR!
AÐEINS Á PSP

GLÆNÝR GRAND THEFT AUTO!

! AÐALVINNINGUR ER PSP TÖLVA OG GTA!

SENDU SMS BTC VGT Á 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ EINTAK!
VINNINGAR ERU PSP, GTA LEIKIR, AÐRIR TÖLVULEIKIR, DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA!

BT

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.



DAMIEN RICE



HAFDÍS HULD

## Í SPILARANUM

**Hafdís Huld** - Dirty Paper Cup
**Tap Tap** - Lanzafame
**Damien Rice** - 9
**Patrick Watson** - Close to Paradise
**Biggi** - Id

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# *Tónleikar í þrívídd*

Næsta sumar eða haust kemur á hvíta tjaldið tónleikamynd með hljómsveitinni U2 í þrívídd. Verið er að vinna úr rúmlega 700 klukkutímum af efni sem var tekið upp á Vertigo-tónleikaferð sveitarinnar um Suður-Ameríku í febrúar og mars síðastliðnum. Um verður að ræða fyrstu þrívíddarmyndina tekna upp á tónleikum sem verður sýnd í bíó.
Myndin mun notast við sömu Real D-tækni sem kvikmyndahús hafa notað við sýningar á mynd Tims Burton, The Nightmare Before Christmas, sem nýverið kom út í þrívíddarútgáfu.
Leikstjórar myndarinnar eru Mark Pellington og Catherine Owens. Pellington hefur áður leikstýrt myndinni Arlington Road. Hóf hann feril sinn með því að taka upp myndband fyrir U2 við lagið One.



**BONO** Hægt verður að sjá Bono og félagar í U2 í þrívídd á hvíta tjaldinu á næsta ári.




## > Plata vikunnar

**Lay Low – Please Don't Hate Me**

„Lay Low stimplar sig vel inn með vönduðu blús-kántríi sem ætti að falla í kramið hjá flestum. Depurðin í textunum gefur tónlistinni ennþá meiri vigt.“
- FB



## TÓNNINN GEFINN
**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

# *Hver er besta plata ársins?*

Á þessum tíma ársins er yfirleitt farið að skýrast hvaða plötur muni berjast um það að vera valdar bestu plöturnar á árslistum tónlistarspekinga og áhugamanna. Síðasta ár var sem dæmi án efa ár Sufjan Stevens og var það orðið nokkuð ljóst á þessum tíma árs að fáar plötur gætu fellt hann og plötuna Illinois af stallinum sem besta plata ársins. Árið í ár er hins vegar algjörlega án augljósra sigurvegara. Engin ein plata hefur fengið algjört einróma lof gagnrýnenda, að minnsta kosti ekki þannig að áberandi þyki. Árið hefur verið frekar jafnt, kannski rétt yfir meðallagi og varla það.
Þær plötur sem hafa fengið bestu dómana eru meðal annars nýjustu skífur gömlu jálkanna Bobs Dylan, Toms Zé, Pauls Simon, Donalds Fagen og Alis Farka Toure. Bandaríkjamenn eru einnig afar hrifnir af „amerísku“ hljómsveitinni The Hold Steady á meðan Bretarnir heillast helst af hinni ofurofmetnu sveit Arctic Monkeys. Guillemots, Lily Allen, Hot Chip og Scott Walker gætu einnig blandað sér í baráttuna um bestu bresku plötu ársins. Ekki má heldur gleyma öðrum listamönnum sem hafa sent frá sér frambærilegar plötur á árinu, á borð við The Rapture, Annuals, The Strokes, Bonnie „Prince“ Billy, TV on the Radio og fleiri sem eru auðvitað alltof margir til þess að fara að telja upp hér. Nokkrar plötur eru þó enn óútgefnar og gætu blandað sér í baráttuna. Má þar til dæmis nefna Swan Lake, Jóönnu Newsom og ... And You Will Know Us By the Trail of Dead.
Hér á landi hafa plötur Skakkamanage, Ghostigital, Eberg, Lay Low, Reykjavík! og Péturs Ben helst slegið í gegn hjá gagnrýnendum. Þó verður að teljast afar líklegt að væntanleg plata Benna Hemm Hemm muni vinda sér í baráttuna. Árið er samt ekki liðið í aldanna skaut þannig að við skulum sjá hvað setur.



**EBERG** Ein af íslensku plötum ársins – enn sem komið er.

Allar nýjustu upplýsingar og fréttir á ensku á vefnum reykjavik.com og í blaðinu Reykjavikmag

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG



**AFTUR SAMAN** Roger Daltrey söngvari og Pete Townshend gítarleikari eru komnir á fullt aftur með hljómsveitina The Who. Hér sjást þeir á tónleikum á T in the Park-hátíðinni í Bretlandi í sumar. Nýlega kom út fyrsta breiðskífa The Who í 24 ár.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Enn hávaði og kraftur

**Það áttu ekki margir von á því að gömlu brýnin í bresku rokksveitinni The Who ættu eftir að gefa út plötu með nýju efni, en nú er hún staðreynd. Endless Wire kemur út tæpum aldarfjórðungi á eftir síðustu hljóðversplötu þeirra, It's Hard. Trausti Júlíusson komst að því að nýja platan sver sig í ætt við fyrri verk sveitarinnar.**

Hljómsveitin The Who er hiklaust eitt af stóru nöfnunum í rokksögunni. Hún sló í gegn um miðjan sjöunda áratuginn með rokkslögurum á borð við I Can't Explain, Anyway Anyhow Anywhere og My Generation. Hún gerði Tommy, fyrstu rokkóperuna sem náði einhverjum vinsældum, árið 1969. Hún var þekkt fyrir brjálaða tónleika sem enduðu jafnvel á því að hljómsveitarmeðlimir mölvuðu gítara og veltu um koll trommusettinu og hátalarastæðum. Hún setti hávaðamet á tónleikum árið 1976 sem stóð í fjölda ára. Og fáar sveitir hafa rústað fleiri hótelherbergi. Síðustu tvo áratugi hefur hljómsveitin hins vegar lítið starfað og eingöngu komið saman til tónleikahalds. Eftir að bassaleikarinn John Entwistle dó fyrir fjórum árum voru flestir búnir að afskrifa sveitina endanlega. En aldeilis ekki. The Who hefur spilað mikið á árinu 2006 og fyrsta stúdíóplatan í 24 ár, Endless Wire, er nýkomin í verslanir.

**Og þá voru eftir tveir**
The Who var á blómaskeiði sínu skipuð fjórum meðlimum; Roger Daltrey söngvara, Pete Townshend, gítarleikara og aðallagasmið sveitarinnar, John Entwistle bassaleikara og Keith Moon trommuleikara. Keith var magnaður trommuleikari og alræmdur sukkari og ólátabelgur. Það var hann sem keyrði Rolls Royce út í sundlaugina á Holiday Inn-hóteli 1967 (verður seint toppað). Hann dó af ofneyslu lyfja árið 1978. John Entwistle bassaleikari dó svo eins og áður er getið árið 2002 af hjartaáfalli sem mátti rekja til kókaínneyslu. Og þá voru eftir tveir. Roger og Pete.

**Paul Weller og Oasis-menn hrifnir**
Það eru liðin 44 ár frá því Pete og Roger spiluðu fyrst saman í hljómsveit, en samband þeirra er enn sterkt. „Hjónaband mitt og konunnar hélt ekki, en hjónaband okkar Petes lifir enn,“ sagði Roger nýlega í viðtali þegar hann var spurður hvernig þeir færu að því að vera enn saman eftir öll þessi ár. The Who er nú að klára mikla heimstónleikaferð. Með Pete og Roger á því ferðalagi spila m.a. Simon bróðir Petes á gítar og Zak Starkey, sonur Ringo Starr, spilar á trommur. Tónleikarnir hafa fengið mjög góða dóma. Það er enn hávaði og kraftur í bandinu og yngri rokkarar eins og Paul Weller, meðlimir Oasis og The Fratellis hafa lýst yfir ánægju sinni með frammistöðuna.

**Tvískipt plata**
Eitt af því sem The Who er þekkt fyrir eru rokkóperurnar. Fyrstu mini-óperuna, A Quick One While He's Away, samdi Pete Townshend 1966, en þekktastar eru Tommy og Quadrophenia. Nýja Who-platan Endless Wire er tvískipt. Fyrri hlutinn eru níu glæný lög, en seinni hlutinn er tíu laga mini-rokkóperan Wire & Glass í heild sinni.
Tónlistin er mjög í anda fyrri verka sveitarinnar. Þetta eru kröftug rafmagnsgítarstykki í bland við rólegri kassagítarkafla. Gítartrikkin hans Petes eru á sínum stað og líka söngstíllinn hans Rogers. Ekki mikil nýsköpun kannski en þessi lög virka vel og heildarsvipurinn er fínn. Flestir tónlistarmiðlar hafa tekið plötunni vel. David Fricke hjá Rolling Stone gefur henni t.d. 4/5. Í næstu viku kemur nýtt tónleikasafn frá hljómsveitinni á DVD.
Það heitir Who's Better, Who's Best ...

## Saga The Who

**1962** John Entwistle, Pete Townshend og Roger Daltrey starfa saman í hljómsveitinni The Detours.

**1964** The Detours breytist í The Who. Keith Moon gengur í bandið.

**1965** My Generation.

**1969** Rokkóperan Tommy.

**1970** Live at Leeds. Oft kölluð besta tónleikaplata rokksögunnar.

**1973** Quadrophenia.

**1978** Keith Moon deyr af of stórum skammti af læknadópi.

**1982** It's Hard og kveðjutónleikar.

**1985** Endurvakin fyrir Live Aid.



**2002** John Entwistle deyr af völdum hjartaáfalls.

**2003** Pete Townshend hreinsaður af ákæru um vörslu barnakláms.

**2006** Tónleikaferð. Endless Wire.

## NÝJAR PLÖTUR

**MAGGA STÍNA**
**Magga Stína syngur Megas**



„Velheppnuð plata sem festir Möggu Stínu í sessi sem frábæran túlkanda á lögum og textum Megasar.“ TJ

**BELA**
**Hole and Corner**
„Þægileg og áreynslulaus plata sem ætti að geta náð til fjöldans þótt hér sé hvorki nýstárlegt né framúrskarandi efni á ferð.“ SHA

**JAMES MORRISON**
**Undiscovered**
„James Morrison er með nafn til að drepa fyrir, rödd sem ætti ekki að geta farið í taugarnar á neinum og lög sem er auðvelt að raula með. Platínuplatan er handan við hornið.“ BÖS

**BUBBI**
**06.06.06**
„06.06.06 er fínn afmælispakki sem ætti að falla í kramið hjá Bubbaaðdáendum. DVD-útgáfan nær enn betur að fanga þá hátíðarstemningu sem ríkti á tónleikunum.“ TJ

**HILDUR VALA**
**Lalala**
„Lalala kemur fáum á óvart og lögin lifa sennilega fram yfir jól, ekki mikið lengur en það og fyrir vikið er Lalala því bara ágætis dægurfluga.“ FGG

**THE KILLERS**
**Sam's Town**
„Önnur plata The Killers er gerð með silkihönskum. Hljómur sem á ekki að geta gengið fram af nokkrum manni og nægilega grípandi á köflum til að hafa aðdáendur sátta.“ BÖS

**THE STRANGLERS**
**Suite XVI**
„Íslandsvinirnir í Stranglers eru ekki líklegir til að afla sér margra nýrra aðdáenda með Suite XVI. Óspennandi plata sem á ekki erindi nema við tryggustu aðdáendurna.“ TJ

# Grímur bæjarstjóri ræður sér kanslara í Reykjavík

**Grímur Atlason ætlar ekki að hætta tónleikahaldi þótt hann sé orðinn bæjarstjóri í Bolungarvík. Hann hefur ráðið sér mann til að sjá um Reykjavíkurdeild fyrirtækis síns.**



**ORRI JÓNSSON** Kynntist Grími í ellefu ára bekk og fannst eðlilegt að rétta honum hjálparhönd.

Orri Jónsson, annar helmingur Slowblow, hefur tekið um stjórnartaumana í fyrirtæki Gríms Atlasonar, Austur-Þýskalandi. Tónlistarunnendum leist ekki á blikuna þegar Grímur settist í bæjarstjórastólinn í Bolungarvík, en nú er ljóst að tónleikahald mun ekki leggjast af í fjarveru Gríms.

„Ég er nú ekki að taka við þessu, ég er bara svona „meðplottari“,“ sagði Orri í samtali við Fréttablaðið. „Við Grímur erum gamlir vinir. Þegar hann hefur sett upp tónleika hér og ég verið á landinu hef ég hjálpað til hvort sem er. Hann var ekki alveg tilbúinn að sleppa hendinni af tónleikabransanum þegar hann flutti vestur, svo hann plataði mig til að vera Reykjavíkurdeildin,“ sagði hann. „Austur-Þýskaland er enn þá hans fyrirtæki, þó það ætti nú að kalla það Vestur-Þýskaland. Ætli ég sé ekki orðinn kanslari,“ sagði Orri, en hann sá meðal annars um tónleika Jonathans Richman í október. „Á döfinni hjá okkur er Sufjan Stevens sautjánda og átjánda nóvember. Svo stendur til að Joanna Newsom komi aftur,“ sagði Orri.



**BÆJARSTJÓRI BOLUNGARVÍKUR** Grímur segir Orra geta fengið Austur-Þýskaland á 40 milljónir.

Aðspurður sagðist Grímur ekki ætla að draga sig alfarið út úr tónleikahaldi. „Ég sinni ákveðnum þáttum og hef viss sambönd, en við höfum ekki gert neitt skipurit enn þá.“ Hann segir það hafa legið beint við að Orri hlypi undir bagga með honum. „Það þarf að halda þessu áfram fyrst Sena hefur keypt annan hvern tónleikahaldara til sín. Annars má Orri fá Austur-Þýskaland á 40 milljónir, er það ekki gangverðið?“ sagði Grímur.

sunna@frettabladid.is

## > Lög vikunnar



**Sprengjuhöllin** – Tímarnir okkar. Hresst lag og frábær texti.

**The Decemberists** – O Valencia! Límist við heilann eftir nokkur skipti.

**Justin Timberlake** – My Love. Poppkóngurinn með enn einn smellinn.



**Beck** – Strange Apparition. Hér er Beck í essinu sínu, eitt af bestu lögum nýju plötunnar.



**Christina Aguilera** – Hurt. Platan er kannski engin snilld en þetta lag virkar.



**R.E.M.** Michael Stipe og félagar í R.E.M. eru tilnefndir í Frægðarhöll rokksins.

# Níu tilnefndir

Hljómsveitirnar R.E.M., Van Halen, The Stooges og söngkonan Patti Smith eru á meðal þeirra níu nafna sem eru tilnefnd í Frægðarhöll rokksins.

Alls 500 tónlistarsérfræðingar munu velja fimm nöfn úr hópi hinna tilnefndu sem verða innvígð í höllina við hátíðlega athöfn í New York hinn 12. mars. Bæði The Stooges og Patti Smith héldu tónleika hér á landi fyrr á árinu.

Reglur kveða á um að einungis þær hljómsveitir sem gáfu út sína fyrstu smáskífu eða plötu fyrir 25 árum eigi rétt á inngöngu í Frægðarhöllina.



fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

**REYKJAVÍKURNÆTUR** HARPA PÉTURSDÓTTIR SEGIR FÓLKI AÐ RÍFA UTAN AF SÉR BLÖÐRUPLASTIÐ

# *Tryggðu þig fyrir ástarsorg*

Undanfarna daga hefur hlaðist inn hjá mér póstur frá tryggingafélagi með upplýsingum um viðbótartryggingar, tryggingar fyrir því að tryggingarnar dugi ekki til og ég veit ekki hvað og hvað. Erum við virkilega orðin svona dauðhrædd við allt og alla að við erum farin að tryggja allt sem er mögulega hægt að tryggja?

Upp frá þessu fór ég aðeins að velta þessu frekar fyrir mér. Það er ekki svo, að nútíminn geri þessar auknu kröfur til tryggingа heldur er þetta hugarfarsbreyting hjá okkur sjálfum sem ræður ferðinni. Þvílík og önnur eins ofverndunargeðbilun! Fyrir tæpum tuttugu árum, eða þegar ég var í sex ára bekk, tók ég þristinn heim úr skólanum og var ein heima fram að kvöldmat. Ég þykist nokkuð viss um að foreldrar mínir væru litnir hornauga af samfélaginu í dag fyrir hrottalega og glæfralega meðferð á barni. Eina afleiðingin af þessu fyrir mig var sú að ég lærði að treysta á sjálfa mig en ekki bara mömmu og pabba.

Þessar vangaveltur leiddu mig svo út í frekari pælingar um það hvort þetta eigi líka við um okkur í persónulegu málunum. Og viti menn, ég er ansi hrædd um að svo sé. Staðreyndin er allavega sú að mjög mörg okkar erum orðin skelfingu lostin við þá eina tilhugsun að vera berskjölduð gagnvart heiminum og pökkum okkur inn í blöðruplast í endalausri tilraun til að vernda okkur gegn ógnum umheimsins. Ekki aðeins er fólk hætt að þora í samband af hræðslu við mögulegar afleiðingar heldur er það farið að setja sér strangar reglur til að lifa eftir svo það lendi aldrei í erfiðum aðstæðum. Staðreyndin er sú að ef þú setur aldrei meira en litlutá ofan í laugina geturðu ekki gert þér vonir um að verða nokkurn tímann syndur!



Maður hefur það á tilfinningunni að gömlu góðu ástarævintýrin og ást við fyrstu sýn séu goðsagnir einar. Í dag, þegar glittir í þess konar ævintýr, þarf fólk að setjast niður, gera SVÓT-greiningu, spá um framtíðarmöguleika sambandsins og leggja svo málið í nefnd. Þetta er auðvitað pínu klikkað!

Ég held að trygging fyrir ástarsorg myndi seljast eins og heitar lummur í dag. Það gæti þó aldrei breytt því að það er sárt að lenda í ástarsorg. Maður fær aldrei neitt gefins, það þarf víst að vinna fyrir því líka. Það sem ætti þó að drífa okkur áfram er að það er miklu betra að verða ástfanginn og lenda svo í ástarsorg en að hafa hvorugt reynt!



**ALLT BRJÁLAÐ** Heather Mills og Paul McCartney eru komin í hár saman og beita öllum brögðum til að fá sínu framgengt. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Vill fá spólurnar

Mál Heather Mills og Sir Paul McCartney heldur áfram að komast á forsíður slúðurblaðanna en eins og flestum ætti að vera kunnugt um er í uppsiglingu einhver bitrasti hjónaskilnaður síðari ára. Nú eru það upptökur Lindu heitinnar McCartneys sem eru mál málanna en á þeim er hún sögð ljóstra upp leyndarmálum hjónabandsins sem enginn vissi af. Heather Mills er sögð vilja tryggja það að Paul kaupi þær ekki dýrum dómum og sjá svo til þess að þeim verði eytt eða láti þær hverfa.

Sérfræðingar í Bretlandi telja að Mills ætli sér að nota upptökurnar til að styrkja málstað sinn; að Paul McCartney hafi beitt eiginkonu sína sálugu ofbeldi og verið fauti í hjónabandi. Paul hafi síðan haldið þeirri hegðun áfram þegar hann giftist Mills.

Peter Cox, gamall vinur Lindu, er með spólurnar í sinni vörslu en hann og Paul elduðu grátt silfur á sínum tíma og hefur Cox haft horn í síðu bítilsins frá því að hann kynntist honum fyrst. Samkvæmt heimildarmanni breska götublaðsins Daily Mirror er Heather sögð leita allra leiða til að fá spólurnar eða afrit af þeim enda styðji þær við málið hjá henni. „Heather trúir því að upptökurnar hennar um hjónabandið eigi eftir að koma heimsbyggðinni í opna skjöldu," er haft eftir heimildarmanni í Daily Mirror.






# Óskarsbölvun hjónabandsins

**Ekki er tekið út með sældinni að halda fjölskyldulífinu gangandi í kvikmyndaborginni Hollywood. Enn erfiðara virðist vera fyrir leikkonur að halda hjónabandinu réttum megin við línuna eftir að þeim hefur hlotnast æðstu verðlaun kvikmyndaakademíunnar, Óskarinn.**



**ÁSTIN ENTIST EKKI** Hjónaband Hilary Swank og Chad Lowe þoldi ekki þá miklu athygli sem fylgdi Óskarsverðlaunum leikkonunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Svo virðist sem einhver bölvun hafi verið lögð á hjónaband þeirra leikkvenna sem hljóta styttuna góðu því á undanförnum tíu árum hafa sex leikkonur ákveðið að skilja að skiptum við eiginmenn sína. Einhverjum kann það að koma þannig fyrir sjónir að leikararnir sem þær eru giftar þoli illa þá athygli sem spúsur þeirra fá og ákveði því að skipta um kvonfang til að ná athyglinni aftur.

Mörgum brá í brún þegar tilkynnt var að Reese Witherspoon og Ryan Philippe ætluðu að skilja eftir að leikkonan komst á snoðir um framhjáhald mannsins síns á tökustað í Ástralíu. Aldrei þessu vant gæti skilnaðurinn orðið henni dýrkeyptur því hjónakornin fyrrverandi skrifuðu ekki undir neinn kaupmála en Witherspoon er hæstlaunaða leikkona Hollywood og komast laun Philippe ekki í hálfkvisti við þær upphæðir sem Óskarsverðlaunaleikkonan fær fyrir hverja mynd.

Helen Hunt reið fyrst á vaðið en hún fékk Óskar frænda fyrir hlutverk sitt í As Good as it Gets árið 1998. Hunt giftist manni sínum Hank Azaria ári seinna en hjónabandið entist ekki árið, þau skildu árið 2000, aðeins tveimur árum eftir að styttan góða fékk sinn stað á hillu fyrir ofan arineldinn.

Bölvunin var hins vegar lögð á verðlaunin árið 1999 þegar Gwyneth Paltrow grét úr sér augun eftir að hafa verið útnefnd sem besta leikkonan í aðalhlutverki í kvikmyndinni Shakespeare in Love. Viti menn, hún þakkaði að sjálfsögðu unnusta sínum Ben Affleck fyrir stuðninginn en þau kynntust við gerð myndarinnar. Skömmu síðar hættu þau saman enda var þá ferill Affleck á hraðri niðurleið og hann þurfti að koma sér í umræðuna á ný með nýrri konu. Tveimur árum síðar mætti Julia Roberts með Benjamin Bratt í Kodak-höllina, hirti gripinn fyrir Erin Brockovich og hálfu ári síðar var ævintýrið úti. Ekki tók betra við að ári þegar Halle Berry var kysst blautum kossi af Adrian Brody en hún fékk þá Óskarinn fyrir Monster´s Ball. Berry hafði lengi stutt við bakið á manni sínum Eric Bennet sem var yfirlýstur kynlífsfíkill en honum virtist ganga illa að venja sig af fíkninni og þau skildu þremur árum síðar, bölvunin virtist hins vegar vera í rénun.

Hún blossaði þó aftur upp í fyrra þegar leikkonan Hilary Swank hlaut Óskarinn fyrir leik sinn í kvikmyndinni Million Dollar Baby eftir Clint Eastwood. Eitthvað hafði greinilega gengið á hjá henni og eiginmanninum Chad Lowe því þau tilkynntu nýlega að hjónabandinu væri lokið. Reese Witherspoon hefur því núna sannað tilveru Óskarsbölvunarinnar, að engin leikkona skyldi ganga gift upp sviðið í Kodak-höllinni þegar tilkynnt verður um hver sé sú besta í bransanum.



**VILDI FREKAR TÖKUMANN** Julia Roberts fékk Óskarinn fyrir hlutverk sitt í Erin Brockovich og sleit samvistum við Benjamin Bratt aðeins hálfu ári eftir stóru stundina í Kodak-höllinni.



**KOMST UPP UM FRAMHJÁHALDIÐ** Reese Witherspoon komst í tölvupóstinn hjá manni sínum og uppgötvaði sér til mikillar skelfingar að hann væri ástfanginn af annarri konu.



**EKKI EINS GOTT OG ÞAÐ LÍTUR ÚT FYRIR AÐ VERA** Helent Hunt og Hank Azaria skildu skömmu eftir að leikkonan fagnaði sigri fyrir leik sinn í As Good as it Gets.



**KYNLÍFSFÍKNIN BANABITINN** Halle Berry gat ekki lengur þolað framhjáhald og kynlífsfíkn eiginmannsins Erics Bennet og skildi við hann þremur árum eftir að styttan góða kom í hús. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**Í KASTLJÓSI FJÖLMIÐLANNA** Samband Gwyneth Paltrow og Ben Affleck vakti mikla athygli en þau kynntust við gerð myndarinnar Shakespeare in Love, sambandið stóðst hins vegar ekki Óskarsbölvunina.



**Í GÓÐU SKAPI** Rebekka Ostenfeld og Hjalti Freyr mættu með góða skapið á útgáfutónleikana.



**HULDA OG FRIÐRIK ÓMAR** Hulda Sigfúsdóttir og söngvarinn Friðrik Ómar létu sig ekki vanta í Borgarleikhúsið.



**FJÖGUR SAMAN** Baldur, Katrín, Hrafnhildur og Gísli fylgdust með Regínu í Borgarleikhúsinu.

# Fögnuðu plötu Regínu Óskar

Söngkonan Regína Ósk hélt vel heppnaða útgáfutónleika á nýja sviði Borgarleikhússins á miðvikudagskvöld. Var hún þar að kynna sína nýjustu plötu, Í Djúpum dal, þar sem hún naut m.a. aðstoðar Barða Jóhannssonar.

Margt var um manninn á tónleikunum og virtust gestirnir kunna vel að meta frammistöðu Regínu Óskar.

Platan hennar hefur farið mjög vel af stað í sölu og kom sterk inn í sjötta sæti Tónlistans sína fyrstu viku á lista. Lagið Allt í himnalagi hefur jafnframt verið mikið spilað í útvarpi.



**SKYLDMENNI Á TÓNLEIKUM** Frá vinstri: Hildur Sigurbjartsdóttir amma Regínu, Hildur, systir Regínu, Ásrún Lilja, frænka hennar, og Ólöf Lilja, móðursystir söngkonunnar.



**NEMANDI REGÍNU** Karen Ósk, sem er í söngskóla hjá Regínu, mætti með fagran blómvönd á tónleikana. María, amma Karenar, og Guðný, mamma hennar, standa við hlið hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


CITROËN



Berlingo Van 1,4 75 hö. 5 gíra*
Tilboð dagsins án vsk. 1.168.700 kr.
Fjármögnunarleiga: 20% útborgun, 60 mán.
Mánaðargreiðsla án vsk. 17.571 kr.
Rekstrarleiga 39 mán og 75.000 km. akstur.
Mánaðargreiðsla án vsk. 22.480 kr.

# Betri kjör á fjármögnun

Við erum sjálfselsk hjá Citroën. Þær tilfinningar sem fylgja því að hafa tekist að gera enn betur í dag en í gær gefur okkur þann drifkraft fyrirtækjaþjónusta Citroën stendur fyrir. Í það minnsta finnst okkur það.

**Enn meira fyrir enn minna**

Hagstæðari samningar við framleiðanda; enn betri kjör, enn betri þjónusta og sérútbúnir atvinnubílar fyrir íslensk fyrirtæki styrkir okkur í því að samvinna við aðra og stöðug hugmyndaleit borgar sig alltaf. Komdu í dag.

Samvinna við SP-Fjármögnun borgar sig. Nú getum við boðið betri kjör í þeirra nafni. Komdu endilega til okkar í Brimborg, Bildshöfða 8 og skoðaðu hvað við getum boðið þér. Kynntu þér kosti og hagkvæmni samvinnu við okkur.

Citroën Berlingo

**Dæmi um tilboð sem við gátum ekki boðið í gær**

- Betri kjör á fjármögnun frá SP-Fjármögnun
- Hundrað þúsund krónur í beinan afslátt
- Fimmtán þúsund fleiri kílómetrar veljir þú rekstrarleigu
- Mun betri kjör á fjármögnunarleigu
- Mun betri kjör á rekstrarleigu
- Aðeins tuttugu prósent útborgun veljir þú fjármögnunarleigu
- Betri þjónustu í dag en í gær

SP-FJÁRMÖGNUN HF.

*SP-Fjármögnun býður í enn betri fjármögnun á Citroën Berlingo*

**Dæmi um staðalbúnað í Citroën:**

- Meiri burðargeta: 800 kg
- Hliðarhurðir beggja vegna með lokunarvörn
- 180 gráðu opnun á afturhurðum
- Topplúga fyrir lengri hluti
- Hiti í sætum
- Geislaspilari með útvarpi og fjarstýringu við stýri
- Rafdrifnar rúður
- Fjarstýrð samlæsing
- Fellanlegt framsæti farþega með borði og geymsluhólfi



Berlingo Van 2,0 HDi 90 hö. 5 gíra*
Tilboð dagsins án vsk.1.317.300 kr.
Fjármögnunarleiga: 20% útborgun, 60 mán.
Mánaðargreiðsla án vsk. 19.877 kr.
Rekstrarleiga 39 mán og 75.000 km. akstur.
Mánaðargreiðsla án vsk. 25.219 kr.

**Þetta tilboð gildir meðan birgðir endast.**

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is

# Enn meira fyrir enn minna



Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is**

* Öll verð í auglýsingunni eru án virðisaukaskatts. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Fjármögnunarleiga er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 60 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 75.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



Regatta™ GREAT OUTDOORS

**Glæsilegt úrval af útivistar- og skíðafatnaði á dömur og herra**

**-50% tilboð á nýjum barnavörum**

**Opið virka daga 10 – 18 og laugard. 11 - 16**

ÚTIVIST&SPORT

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Akureyri Strandgata 3 S. 464-4450.
Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322. Aðrir sölustaðir: Ísafjörður Hafnarbúðin S. 456-3245.
Reyðarfjörður Molinn S. 474-1400. Höfn H. Hafnarbraut 34 S. 478-2216







**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| BORAT | kl. 4, 6, 8, 10 og 12 B.I. 12 ÁRA |
| FEARLESS | kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20 |
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 8 og 10.20 |
| DRAUGAHÚSIÐ ÍSL TAL | kl. 4 og 6 B.I. 7 ÁRA |
| GRETTIR 2 ÍSL TAL | kl. 12 og 1.40 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| FEARLESS | kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 6, 8.30 og 10.30 B.I. 12 ÁRA |
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 8 og 10.20 |
| DRAUGAHÚSIÐ ÍSL TAL | kl. 6 B.I. 7 ÁRA |
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 8 og 10.20 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 6 |

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| BORAT | kl. 6, 8,10 og 12 B.I. 12 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

BÍÓ.IS – allt á einum stað


## FRÉTTIR AF FÓLKI



Katie Holmes og Brooke Shields eru nú orðnar bestu vinkonur, þó ólíklegt megi þykja eftir stríðið sem geisaði milli Shields og Tom Cruise eftir ummæli hans um fæðingarþunglyndi Shields. Eftir að Tom baðst afsökunar í ágúst síðastliðnum hafa leikkonurnar tvær smollið saman, en Shields fæddi seinna barn sitt á sama degi og Suri litla Cruise kom í heiminn. Shield sagði um vináttuna að maður gæti aldrei vitað hvort lífið leiddi fólk saman.

# Keppt í skyrglímu

Fyrsta Íslandsmótið í skyrglímu fer fram á skemmtistaðnum Pravda á laugardag. Sigurvegarinn í kvennaflokki fær í sinn hlut tvær nætur með morgunverði á Hótel Venus, tíu tíma ljósakort, út að borða fyrir tvo, tíu þúsund króna inneign fyrir skóm og klippingu. Íslandsmeistarinn í karlaflokki fær nýjustu plötu Hildar Völu, Lalala. Með þessum mismun segjast aðstandendur vilja jafna áralangan ójöfnuð kynjanna er snýr að launum og verðlaunafé. Bjóða þeir Geir Þorsteinssyni, framkvæmdastjóra KSÍ, og Eggerti Magnússyni, formanni KSÍ, að taka þátt í karlaflokknum.

Hljómsveitin Brain Police mun troða upp auk þess sem boðið verður upp á tískusýningu. Hægt er að skrá sig í Íslandsmótið í skyrglímu á skyrglima@xid977.is.



**BRAIN POLICE** Rokksveitin Brain Police treður upp á Íslandsmótinu í skyrglímu.



**BÖRN** Kvikmyndin Börn er tilnefnd til átta Edduverðlauna.

# Börn hlutskörpust

Kvikmyndin Börn hlaut alls átta tilnefningar til Eddu-verðlaunanna, sem verða afhent við hátíðlega athöfn þann 19. nóvember á hótel Nordica.

Var hún m.a. tilnefnd sem besta myndin og fyrir frammistöðu þeirra Gísla Arnar Garðarssonar, Nínu Daggar Filippusdóttur og Ólafs Darra Ólafssonar í aðalhlutverkum. Einnig var Ragnar Bragason tilnefndur sem besti leikstjórinn.

Aðrar myndir sem voru tilnefndar í flokknum kvikmynd ársins voru Mýrin og Blóðbönd. Fékk Mýrin alls fimm tilnefningar en Blóðbönd fjórar.

Í flokknum sjónvarpsþáttur ársins voru fimm þættir tilnefndir: Fyrstu skrefin, Græna herbergið, Innlit/Útlit, Kompás og Sjálfstætt fólk og í flokknum leikið sjónvarpsefni: Allir litir hafsins eru kaldir, Sigtið og Stelpurnar og í flokknum skemmtiþáttur ársins voru tilnefndir þáttur Jóns Ólafsonar, KF Nörd og Strákarnir.


Xit
hárstofa
Sími 564 6444
Hlíðasmára 9
OPIÐ
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14

10%
vaxtaauki!



spron
www.spron.is


# Brjálæðislega fyndinn Borat

**[KVIKMYNDIR]**

UMFJÖLLUN

Sjónvarpsmaðurinn Borat Sagdiyev frá Kasakstan er hugarfóstur breska leikarans Sacha Baron Cohen sem er einna þekktastur sem fyrirbærið Ali G. Borat átti góða spretti í sjónvarpsþáttum Ali G þar sem hann kom að grandvaralausum viðmælendum sínum úr óvæntum áttum og sló þá út af laginu með kjánalegum spurningum sem hann bar fram af barnslegri einlægni útlendings í framandi landi.

Þessi viðtalstækni sem er einnig eitt höfuðeinkenni Ali G skilar sér oft í því að viðmælendurnir missa andlitið, afhjúpa sig og segja miklu meira um sjálfa sig en þeir ætla sér þegar þeir reyna að bregðast við spurningum sem eru gersamlega út úr kú samanborið við staðlaða nálgun sjónvarpsspyrla á viðmælendur sína.

Borat sló í gegn í þáttum Ali G og fær nú að njóta sín í heilli bíómynd sem hann stendur fullkomlega undir. Fígúran var iðulega drepfyndin í sjónvarpinu en hér nær Baron Cohen nýjum hæðum og Borat hefur aldrei verið betri en nú þegar hann ferðast um Bandaríkin með tökuvélina til þess að gera fræðsluþátt um heimsveldið.

Borat er rétt kominn til Bandaríkjanna þegar hann sér Pamelu Anderson í sjónvarpinu og fellir strax hug til hennar. Vinnuferðin verður því að leit Borats að ástinni en hann leggur allt undir til þess að ná fundum sílíkongyðjunnar þar sem hann hefur ákveðið að biðja hennar, eða öllu heldur slá eign sinni á hana, eins og þeir gera í Kasakstan.

Á ferð sinni tekur Borat Bandaríkjamenn tali og reynir að komast nær kjarna þjóðarsálarinnar og þó allt lendi í handaskolum hjá honum og viðmælendur hafi takmarka þolinmæði gagnvart honum þá tekst honum ætlunarverkið með ansi vel.

Borat er gersneiddur alltri pólitískri rétthugsun í nálgun sinni á viðfangsefnum og viðmælendum og myndin er sniðin til þess að hneyksla og stuða. Það er að segja þá sem eru blindaðir af heilagri vandlætingu hvað allt það varðar sem er skoplegt í lífinu.

Kasakstan, konur og gyðingar eru í röðum þeirra sem Borat fer niðrandi orðum um en það er þó varla hægt að tala um allt þetta fólk sem fórnarlömb. Tilgangurinn helgar meðalið og það eru fyrst og fremst Bandaríkjamenn sem fá að kenna á beittu háðinu en sumir viðmælenda Borats hljóta að hafa íhugað það alvarlega að láta sig hverfa af yfirborði jarðar eftir að hafa afhjúpað fordóma sína og heimsku í samtölum við hann.



SACHA BARON COHEN

ALI G - BORAT

Viðbrögð viðmælenda Borats, fíflagangurinn í honum og persónan í sjálfu sér gera Borat að einni fyndnustu gamanmynd síðari ára. Hvert geggjaða atriðið rekur annað í gegnum alla myndina sem er svo fyndin að maður nánast ælir af hlátri þegar mest gengur á. Þá er þessi mynd gædd þeirri náttúru að mann langar til þess að sjá hana umsvifalaust aftur þar sem maður man innan við helminginn af því sem fyrir augu bar þar sem heilastarfsemin hreinlega lamast í verstu hláturrokunum.

**Þórarinn Þórarinsson**



**KATE WINSLET** Hótaði breskum fjölmiðlum að taka fram hnífinn ef þeir myndu ásaka hana um að vera lélega móður.

# Hótar blaðamönnum

Breska leikkonan Kate Winslet hefur hótað bresku slúðurblöðum því, ef þeir segja hana vera lélega móður aftur, að taka fram hnífinn eins og hún orðar það.

Skömmu eftir skilnað Winslet og Jims Threapleton árið 2000, héldu fjölmiðlar því fram að hún væri léleg móðir þar sem hún skildi stelpuna sína eftir hjá Threapleton eftir skilnaðinn. „Þið megið segja hvað sem er vont um mig en þegar þið ásakið mig um að vera léleg móðir þá verð ég meira reið en sár,“ segir Winslet við breska fjölmiðla þegar hún sendi þeim tóninn.







| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| MÝRIN | kl. 5 - 7 - 9 - 10:30 | B.i. 12 | THE QUEEN | kl. 5:50 | B.i. 12 |
| THE LAST KISS | kl. 5:30 - 8 - 11:10 | B.i.12 | AN INCONVENIENT TRUTH | kl. engin sýn | Leyfð |
| THE DEPARTED | kl. 6 - 9 | B.i. 16 | BÖRN | kl. 8 | B.i.12 |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 10:30 | B.i. 12 | | | |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE DEPARTED | kl. 5:45 - 7 - 8:45 - 10:10 - 10:30 | B.i. 16 | THE GUARDIAN | kl. 8 | B.i. 12 |
| THE DEPARTED VIP | kl. 5:45 - 8:45 | | JACKASS NUMBER TWO | kl. 4 - 8 | B.i. 12 |
| THE LAST KISS | kl. 3:30 - 5:45 - 8 - 10:30 | B.i.12 | ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 4 | Leyfð |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 4 - 6 | Leyfð | | | |
| BARNYARD M/- Ensku tal | kl. 6 - 10:10 | Leyfð | | | |

Munið afsláttinn

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| BORAT | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | B.i. 12 | |
| THE DEPARTED | kl. 8 - 10:45 | B.i. 16 | DIGITAL |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 4 | Leyfð | |
| THE GUARDIAN | kl. 10 | B.i. 12 | |
| MATERIAL GIRLS | kl. 4 - 6 - 8 | Leyfð | |
| BEERFEST | kl. 6 | B.i. 12 | |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BORAT | kl. 6 - 8 - 10 | B.i. 12 |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| THE DEPARTED | kl. 10:10 | B.i. 16 |
| MÝRIN | kl. 8 | B.i. 12 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| THE DEPARTED | kl. 8 - 10:40 | B.i. 16 |
| MATERIAL GIRLS | kl. 6 | Leyfð |
| THE GUARDIAN | kl. 8 | B.i. 12 |
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 10:30 | B.i. 12 |

www.sambioin.is (575 8900


## FRÉTTIR AF FÓLKI

Nú beinast allra augu í Hollywood að Ryan Phillippe og Reese Witherspoon, sem tilkynntu nýverið að þau hygðust slíta samvistum. Reese er nú sögð hafa ráðið skilnaðarlögfræðinginn Robert Kaufman, sem hefur meðal



annars aðstoðað Jennifer Aniston og Lisu Marie Presley. Hún mun væntanlega þurfa á kröftum Kaufmans að halda, því fréttir herma að parið hafi ekki gert með sér kaupmála fyrir brúðkaupið. Skilnaðurinn gæti því farið illa með Reese, en hún þénar um 20 milljónir dollara fyrir hverja mynd sína, á meðan Ryan Phillippe tekur aðeins um 2,5 milljónir fyrir störf sín. Enn hefur þó ekki komið til átaka, og er parið sagt reyna að gera upp málin í góðu vegna barnanna, Övu og Deacon.

Alec Baldwin krefst þess nú að rödd hans verði fjarlægð úr væntanlegri heimildamynd um pólitískan feril Arnolds Schwarzenegger. Leikarinn setti lögfræðinga sína í málið eftir að hann komst að því að rödd hans yrði klippt saman



við myndir af samkomum nasista í Þýskalandi. Alec segir Schwarzenegger eiga það skilið að komið sé fram við hann af virðingu, og finnst nasistamyndirnar vera að ganga yfir strikið.





www.arcticcat.com.

www.bl.is

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • www.bl.is • Sími: 575 1200

## > Birgir lék vel í gær og Heiðar bætti sig

Birgir Leifur Hafþórsson, kylfingur úr GKG, og Heiðar Davíð Bragason, kylfingur úr Kili, eru þessa dagana að taka þátt í öðru stigi úrtökumótsins fyrir Evrópumótaröðina í golfi. Eftir tvo keppnisdaga er Birgir Leifur á samtals fjórum höggum undir pari vallarins. Birgir Leifur lék vel í gær þegar hann lék á tveimur höggum undir pari, fékk tvo fugla og paraði sextán holur. Heiðar Davíð byrjaði illa og lék fyrsta daginn á fjórum höggum yfir pari. Heiðar Davíð lék þó mun betur í gær og bætti sig um þrjú högg, lék á einu höggi yfir pari og er því samtals á tveimur höggum yfir pari. Mótið fer fram á Spáni en þeir félagar eru þó ekki að keppa á sömu völlum.



sport

sport@frétta

LOGI GUNNARSSON: FÓR Á KOSTUM MEÐ LIÐI SÍNU Á MIÐVIKUDAGSKVÖLDIÐ OG SKORAÐI SEXTÁN STIG Í FRAMLENGINGU

# *Man ekkert eftir að hafa skorað þessi stig*

Óhætt er að segja að Logi Gunnarsson hafi farið á kostum þegar lið hans ToPo sigraði Espoon Honka í framlengdum leik, 95-86, í finnsku deildinni á miðvikudagskvöldið. Logi skoraði 37 stig í leiknum sem er það mesta sem leikmaður hefur skorað í einum leik í finnsku deildinni í vetur, en Logi átti sjálfur gamla metið þegar hann skoraði 36 stig fyrr á tímabilinu. Ekki nóg með það heldur skoraði Logi 16 af þessum 37 stigum í framlengingunni, sem fór 18-9 fyrir ToPo. Logi skoraði sem sagt öll stig ToPo nema tvö í framlengingunni.

„Þetta var nú meiri leikurinn. Honka er eitt frægasta finnska liðið og er mjög sterkt lið og Honka er frá bæ sem er bara í tíu mínútna keyrslu frá Helsinki. Þannig að það var svona Keflavík-Njarðvík stemning í þessum leik, nágrannaslagur. Við lentum undir, 14-0, þannig að útlitið var ekki gott. Við náðum svo að rífa okkur upp og leikurinn fór í framlengingu þar sem við unnum,“ sagði Logi en eins og áður sagði skoraði hann 16 af 18 stigum ToPo í framlengingunni. Það skal tekið fram að framlenging í körfubolta er einungis fimm mínútur.



„Ég trúði varla að ég hefði skorað svona mikið í framlengingunni þegar ég las það. Ég þurfti að skoða það á tölfræðisíðu á netinu, ég man ekkert eftir þessum stigum. Það eru svo mikil læti í kringum mann í þessum leikjum og ég þarf að sjá þetta á myndbandi aftur,“ sagði Logi sem átti vart orð til að lýsa skemmtanagildi leiksins.

Margir Íslendingar eru búsettir í Helsinki, en þaðan er ToPo liðið, og íslenska sendiráðið ákvað að bjóða Íslendingum á leik með ToPo á dögunum. „Formaður Íslendingafélagsins hérna tjáði mér að það hefði verið gefið frí í íslenskum skóla hér í Helsinki þegar sá leikur var, svo krakkarnir kæmust á leikinn. Sendiherra Íslands var heiðursgestur á þessum leik, en reyndar var þetta ekki góður leikur. Við töpuðum og ég átti sennilega minn slakasta leik,“ sagði Logi.



**ARNAR SIGURÐSSON** Spilar vel með félaga sínum í tvíliðaleik þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Arnar og félagi hans:

## Komnir í fjögurra liða úrslit

**TENNIS Tennisspilarinn Arnar Sigurðsson keppir þessa dagana á móti í Mexíkó, bæði í einliða- og tvíliðaleik. Í 32 manna úrslitum í einliðaleik mætti Arnar Ítalanum Marco Pedrini og tapaði í tveimur settum, 6-4 og 6-2.**

**Arnar leikur með félaga sínum Birni Monroe frá Bahamaeyjum í tvíliðaleik á mótinu. Þeir félagar unnu Michael Johnson frá Bandaríkjunum og Sven Swinnen frá Svíþjóð í 16 liða úrslitum og í 8 liða úrslitum unnu þeir félagar austurrískt par.**

**Arnar og Monroe eru því komnir í 4 liða úrslit og mæta þar tveimur heimamönnum sem fyrir mótið voru álitnir vera næstbesta par mótsins í tvíliðaleik.**

- dsd

Eggert Magnússon:

## Hættir ef kaupin ganga eftir

**FÓTBOLTI** Eggert Magnússon mun hætta sem formaður KSÍ og í framkvæmdanefnd UEFA ef áform hans um að kaupa meirihluta hlutabréfa í West Ham ganga eftir. Þetta staðfesti talsmaður hans í enskum fjölmiðlum í gær.

Sömu miðlar herma þó að íranski auðjöfurinn Kia Joorabchian sé nær því að festa kaup á klúbbnum.

- esá

# Hætti sökum ótta við þjálfarann

**Faðir níu ára stúlku, sem æfði fimleika hjá Björk, segir dóttur sína hafa hætt að æfa fimleika þar sem hún var hrædd við þjálfarann. Hann segir þjálfarann hafa beitt dóttur sína andlegu ofbeldi. Þjálfarinn sem um ræðir heitir Cezar Crist Stoica og er frá Rúmeníu og er ekki sá sami og var sakaður um harðræði í vikunni.**

**FIMLEIKAR** Þórir Gunnarsson, faðir níu ára stúlku sem æfði hjá fimleikafélaginu Björk, segir rúmenska þjálfarann Cezar Crist Stoica hafa beitt dóttur sína andlegu ofbeldi sem hafi leitt til þess að hún hætti að æfa fimleika fyrir rétt rúmum tveimur vikum. Stúlkan var þá búin að æfa í þrjú ár hjá félaginu og hafði gaman af.

Faðirinn segir að Stoica hafi ekki beitt dóttur sína líkamlegu ofbeldi, líkt og kollegi hans hjá fimleikafélaginu Björk, Dzmitry Varonin, er sakaður um. Þórir segist hafa kvartað formlega yfir þjálfunaðferðum Stoica við yfirþjálfara félagsins, Hörpu Óskarsdóttur, án árangurs.

### Ekki von á slíkri hörku

„Síðastliðið vor var ákveðið að skipta upp hópi dóttur minnar og stelpurnar sem voru taldar skara fram úr voru settar í þjálfun hjá Cezar. Dóttir mín var í þeim hópi og hún hafði verið mjög ánægð í fimleikum fram að þessum tíma. Við gerðum okkur grein fyrir því að æfingarnar yrðu erfiðari, en þeirri hörku sem var beitt var ekki eitthvað sem við áttum von á,“ sagði Þórir við Fréttablaðið en hann er langt frá því að vera hrifinn af þjálfunaraðferðum Rúmenans.

„Cezar flokkar stelpurnar niður. Hampar þessum bestu í hópnum en hinar sem eru síðri fá að finna fyrir því hjá honum og hann hreytir í þær ónotum.

Ef ég tek eitt dæmi þá setur hann þeim fyrir ákveðna æfingu og ef þær eru lengi rakkar hann þær niður. Hann gerir lítið úr þeim og gefur þeim einkunn alveg niður í núll fyrir framan hópinn. Svo grettir hann sig framan í þær og er ógnandi í framkomu sinni við stelpurnar.“



**ANDLEGT OFBELDI Í FIMLEIKUM** Faðir níu ára stúlku hjá fimleikafélaginu Björk segir að dóttir sín hafi verið beitt andlegu ofbeldi af rúmenskum þjálfara hjá félaginu. Myndin er erlend og tengist fréttinni ekki á nokkurn hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Fyrir nokkrum vikum síðan sendi Þórir bréf til Hörpu Óskarsdóttur yfirþjálfara þar sem hann kvartaði yfir þjálfunaraðferðum Stoica. Ástæðan var sú að dóttir hans var farin að kvarta ítrekað yfir því hvernig þjálfarinn kom fram við hana og þá aðallega hvernig hann talaði til hennar.

„Það getur verið að þessar þjálfunaraðferðir virki úti í Rúmeníu en samfélagið hérna samþykkir ekki svona hegðun. Þess vegna sendi ég Hörpu tölvupóst og spurði af hverju þjálfarinn léti svona við dóttur mína, hvort það væri vegna þess að hún væri ekki nógu góð í hópinn. Ef svo væri, af hverju hún væri þá ekki færð í annan hóp.

Næst þegar dóttir mín kemur á æfingu var búið að fara með kvörtunina í Cezar og hann sagði henni hvert innihald bréfsins var en ég hafði ekki sagt henni frá því. „Þú kannski bara skipta um hóp, þú kannski ekki nógu góð“ segir hann við hana meðal annars.

### Dauðhrædd við þjálfarann

Þarna átti sér líka stað ákveðinn trúnaðarbrestur því ég ætlaðist ekki til að Harpa færi með málið í Cezar og hvað þá að hann færi með þetta í barnið. Ég er mjög ósáttur við þennan leka og að hann hafi látið kvörtun mína bitna á barninu. Eftir þessa uppákomu neitaði hún að fara aftur á æfingu,“ sagði Þórir alvarlegur en málið hefur komið illa við dóttur hans.

„Hún er dauðhrædd við Stoica og vill ekki fara í annan hóp af ótta við að rekast á hann.“

Þórir segist hafa rætt við fjóra þjálfara hjá félaginu um Stoica og ein þeirra tjáði honum að haldinn hefði verið sérstakur fundur hjá meistaraflokknum vegna slæmra samskipta þeirra við þjálfarann en stúlkurnar í meistaraflokknum eru einnig hræddar við Rúmenann eftir því sem Þórir segir.

Þórir segir einnig að annar þjálfari hjá félaginu hafi sagt sér að félagið væri í vandræðum með Stoica og Varonin. „Þá sérstaklega Stoica. Það er víst búið að margræða við hann en hann breytir samt ekki um viðhorf eða þjálfunaraðferðir.“

Þórir hefur beðið um fund með Hörpu Óskarsdóttur yfirþjálfara en ekki fengið. Hann vill að dóttir sín verði beðin afsökunar á því hvernig Stoica hafi komið fram við hana.

Kollegi Stoica hjá Björk, Dzmitry Varonin, var á dögunum sakaður um líkamlegt ofbeldi gegn átta ára stúlkum en Þórir segir ekkert slíkt vera uppi á teningnum í þessu tilviki.

**henry@frettabladid.is**






Tveir liðsfélagar Hannesar Þ. Sigurðssonar slógust á æfingu með Bröndby IF:

# Ágætt að það sé skap í mönnum

**FÓTBOLTI** Tveir leikmenn danska stórliðsins Bröndby lentu í slagsmálum á æfingu liðsins á miðvikudaginn. Með liðinu leikur íslenski framherjinn Hannes Þorsteinn Sigurðsson en gengi liðsins á þessu tímabili hefur ekki verið sem skyldi. Liðið er sem stendur í sjöunda sæti dönsku deildarinnar.

Leikmennirnir sem um ræðir eru varnarmennirnir Thomas Rytter og Adam Eckersley en þeir eru báðir byrjunarliðsmenn hjá félaginu.

Fréttablaðið náði tali af Hannesi og spurði hann um málið. „Það voru smá átök á milli leikmanna. Þetta er bara eins og gengur og gerist, það sýður stundum upp úr. Það er þó ágætt að það sé eitthvert skap í mönnum. Það má auðvitað ekki fara út í svona vitleysu, að menn séu að slást, en það voru allir vinir eftir æfinguna.“

Bröndby er einn af stærstu klúbbum Danmerkur og gengi liðsins hingað til hefur því valdið miklum vonbrigðum. „Auðvitað hlýtur það að sitja í mönnum þegar gengi liðsins er svona slæmt en við verðum bara að gera eitthvað í því en ekki að vera með einhver læti inni á vellinum. Blöðin hérna úti leika sér líka svolítið að því að gera meira úr þessu en efni stóðu til. Þegar illa gengur finnst blöðunum gaman að velta upp öllum neikvæðu hlutunum í kringum félagið. Við verðum bara að leyfa þeim að gera það,“ bætti Hannes við.

Hannes missti af æfingunni vegna meiðsla. „Ég tognaði smávegis aftan í læri í síðasta leik. Ætli ég verði ekki frá í tvær eða þrjár vikur en ég reikna ekki með að það verði lengur en það.“



**HANNES Þ. SIGURÐSSON** Missti af æfingunni þegar slagsmálin áttu sér stað, vegna meiðsla. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Það er því ljóst að Hannes missir af stórleik tímabilsins í dönsku deildinni því á sunnudaginn heimsækir Bröndby erkifjendurna í FC Kaupmannahöfn, en þeir síðarnefndu báru sigurorð á Manchester United á miðvikudaginn.

- dsd

ÓMÓTSTÆÐILEGT
ÁSKRIFTARTILBOÐ
**650 KR. Á MÁNUÐI***
Fyrsta tölublaðið frítt og
tappatogari fylgir með!

Áskrift á www.bistro.is
eða í síma: 550 5060




Bístró - sæta blaðið er komið út!
NÝTT TÍMARIT UM MAT OG VÍN!

*Miðað við 12 mánaða áskrift.

FABRIKAN



**ATLI VIÐAR** Gæti verið á förum frá FH. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

Atli Viðar Björnsson:

# Ekki með tilboð frá FH

**FÓTBOLTI** **Atli Viðar Björnsson, leikmaður FH, verður að óbreyttu samningslaus um áramótin er samningur hans við FH rennur út. Ólafur Jóhannsson, þjálfari FH, hefur látið hafa eftir sér að FH hafi gert Atla nýtt tilboð en hann segir það rangt.**

**„Það er ekki rétt, ég hef ekki fengið tilboð og veit ekki hvenær það er á leiðinni. Ég hitti FH-inga fyrir þremur vikum og þá sögðust þeir ætla að svara mér daginn eftir en ég hef ekkert heyrt. Ég hef heyrt af áhuga annarra liða en það er ekkert fast í hendi enn sem komið er,“ sagði Atli.**

**Hann varð fyrir því óláni að slíta krossbönd í hné í sumar en er á góðum batavegi og vonast til að byrja að spila á ný um páskana.** - esá

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

*Meistaradeild Evrópu*

| | |
|---|---|
| GUMMERSBACH-FRAM | 38-29 |

**Mörk G.**: Guðjón Valur Sigurðsson 8, Zrnic 6/3, Narcisse 6, Lützelberger 4, Vucicevic 4, Ilic 3/1, Wiegert 3, Alvanos 2, Róbert Gunnarss. 1, Spatz 1.
**Mörk Fram**: Jóhann Gunnar Einarsson 9/6 (13/6), Andri Haraldsson 5 (9), Stefán Stefánsson 4 (4), Þorri Gunnarsson 4 (7), Hjörtur Hinriksson 2 (3), Einar Ingi Hrafnsson 2 (4), Haraldur Þorvarðarson 1 (4), Sigfús Sigurðsson 1 (4), Sergey Serenko 1 (6), Brjánn Bjarnason (1).
**Varin skot**: Björgvin Gustavsson 20/1 (58/5).

# Hetjuleg barátta ekki nóg

**Fram tapaði í gær fyrir Alfreð Gíslasyni og lærisveinum hans í Gummersbach í meistaradeild Evrópu. Fram lék á köflum glæsilegan handbolta og geta liðsmenn gengið með höfuðið hátt eftir frammistöðuna.**



**ALAVIS** Átti slakan dag í gær og skoraði tvö mörk gegn Fram. FRÉTTABLAÐIÐ

**HANDBOLTI** Fram tapaði í gær sínum fimmta leik í röð í meistaradeild Evrópu er liðið mætti Gummersbach í Þýskalandi. Eins og við var að búast unnu Þjóðverjarnir fremur öruggan sigur, 38-29, en það er ekki tekið af liðsmönnum Fram að þeir börðust eins og ljón og spiluðu á köflum frábæran handbolta.

Framarar byrjuðu á því á fyrstu fimm mínútum leiksins að missa tvo menn út af í tvær mínútur en þrátt fyrir það gáfust þeir ekki upp og héldu í við Þjóðverjana. Þeir bættu heldur í og í stöðunni 6-6 skoruðu Íslandsmeistararnir næstu fjögur mörk leiksins. Þessu hefðu fáir búist við og sér í lagi Alfreð Gíslason, þjálfari Gummersbach, sem hafði til þessa hvílt Róbert Gunnarsson og Guðjón Val Sigurðsson. Þeir komu þó fljótt inn á og eftir það vænkaðist hagur heimamanna.

Daniel Narcisse fékk greinilega smá hnjask í upphafi leiks því Guðjón Valur var settur í stöðu leikstjórnanda. Það gekk brösulega hjá honum til að byrja með en undir lok hálfleiksins var hann búinn að finna taktinn. Hann leiddi sóknarleik Gummersbach áfram og í hálfleik leiddu þeir með fimm mörkum.

Það var vitað að Fram myndi eiga í erfiðleikum með sóknarleik heimamanna en þeir gengu á lagið í eigin sóknarleik, sér í lagi í þessum góða leikkafla. Hornamennirnir Stefán Stefánsson og Þorri Gunnarsson áttu frábæran leik og skoruðu átta mörk úr níu tilraunum. En eftir því sem á leið fór óðagot að einkenna sóknarleik Fram með fyrrgreindum afleiðingum.

Markvarsla Gummersbach var bókstaflega engin til að byrja með og var Alfreð fljótur að skipta Ungverjanum Fazekas út af. En eftir að Christian Ramota fékk að verja nokkur skot frá Fram var hann kominn í gang og reyndist íslensku leikmönnunum erfiður.

Eftir því sem á leið leikinn reyndust skytturnar Narcisse og Vucicevic Björgvini erfiðir. En Björgvin, sem hefur átt frábært tímabil, átti afar góðan leik í gær og varði oft stórglæsilega. Það er deginum ljósara að þátttaka Fram í þessari keppni hefur reynst honum afar vel.

Framarar héldu haus lengst af í fyrri hálfleik og náðu að minnka muninn í þrjú mörk. Þeir fengu tækifæri til að minnka muninn í tvö mörk en töpuðu boltanum klaufalega. Guðjón Valur skoraði strax úr hraðaupphlaupi og bætti svo við tveimur eins á næstu sekúndum að því er virtist. Fjórða hraðaupphlaupsmarkið kom svo í kjölfarið og munurinn orðinn sjö mörk, 29-22. Eftir þetta var bara spurning um að láta tímann líða og voru lokatölur 38-29.

Hverju sem líður var frammistaða Fram á þessum gríðarlega sterka útivelli afar góð og þó svo að liðið sé enn stigalaust í riðlinum skal engum dyljast að liðinu hefur tekist að vinna þrekvirki gegn þeim sterku liðum sem það hefur mætt.

**eirikur.asgeirsson@frettabladid.is**

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

| | |
|---|---|
| HAUKAR-KR | 78-120 |

**Stig Hauka**: Roni Leimu 14, Sveinn Sveinsson 12, Kristinn Jónasson 11, Vilhjálmur Steinarsson 11, Sævar Haraldsson 10, Marel Guðlaugsson 3, Sigurður Einarsson 3, Morten Smiedowicz 2, Ottó Þórsson 2, Gunnar Sandholt 1, Lúðvík Bjarnason 1.

**Stig KR**: Tyson Patterson 21, Fannar Ólafsson 18, Jeremiah Sola 15, Brynjar Björnsson 14, Darri Hilmarsson 13, Pálmi Sigurgeirsson 10, Peter Heizer 7, Skarphéðinn Ingason 6, Gunnar Stefánsson 6, Bjarki Oddsson 4, Ellert Arnarson 4, Hafþór Björnsson 2.

| | |
|---|---|
| ÍR-SNÆFELL | 61-74 |

**Stig ÍR**: Eiríkur Önundarson 13, Sveinbjörn Claessen 13, Ólafur Sigurðsson 11, Fannar Freyr Helgason 7, Ómar Örn Sævarsson 6, Steinar Arason 6, LaMar Owen 5.

**Stig Snæfells**: Hlynur Bæringsson 21, Justin Shouse 14, Sigurður Þorvaldsson 13, Magni Hafsteinsson 11, Helgi R. Guðmundsson 10, Jón Ó. Jónsson 5.

| | |
|---|---|
| NJARÐVÍK-GRINDAVÍK | 76-73 |
| ÞÓR ÞORLÁKSHÖFN-KEFLAVÍK | 68-107 |

*UEFA-bikarkeppnin*

**A-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| PARTIZAN BELGRAD-LIVORNO | 1-1 |
| GLASGOW RANGERS-MACCABI HAIFA | 2-0 |

**B-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| TOTTENHAM-CLUB BRUGGE | 3-1 |
| DINAMO BÚKAREST-BESIKTAS | 2-1 |

**C-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| GRASHOPPERS-AZ ALKMAAR | 2-5 |

Grétar Rafn Steinsson lék allan leikinn fyrir AZ og Jóhannes Karl Guðjónsson kom inn á sem varamaður á 90. mínútu.

| | |
|---|---|
| BRAGA-LIBEREC | 3-0 |

**D-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| HEERENVEEN-OB | 0-2 |
| LENS-OSASUNA | 3-1 |

**E-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| NANCY-WISLA KRAKOW | 2-1 |
| BLACKBURN-BASEL | 3-0 |

**F-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| ZULTE WAREGEM-SPARTA PRAG | 3-1 |
| AJAX-AUSTRIA VÍN | 3-0 |

**G-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| HAPOEL TEL AVIV-RAPÍD BÚKAREST | 2-2 |
| MLADA BOLESLAV-PANATHINAIKOS | 0-1 |

**H-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| PALERMO-NEWCASTLE | 0-1 |
| CELTA VIGO-EINTRACHT FRANKFURT | 1-1 |

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



1. verðlaun í Þýskalandi W2241WPS

vilborga@centrum.is

Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél eða þurrkara færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum

Miele

- Íslenskt stjórnborð
- Ný og betri tromla
- Verð frá kr. 114.800

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is



**JUSTIN SHOUSE** Skeiðar upp völlinn í Seljaskóla í gær. Hann og félagar hans í Snæfelli unnu góðan sigur á ÍR. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Fjórir leikir í Iceland Express-deild karla:

# Bárður lagður af gömlu lærisveinunum

**KÖRFUBOLTI** Hrakfarir ÍR-inga í Iceland Express-deildinni halda áfram en í gær biðu þeir lægri hlut á heimavelli sínum í Seljaskóla fyrir Snæfelli, 61-74. Þetta var merkilegur leikur fyrir margra hluta sakir en athyglin beindist helst að Bárði Eyþórssyni, þjálfara ÍR, sem var þarna að mæta sínum gömlu lærisveinum. Á endanum þurfti hann að játa sig sigraðan en lið ÍR hefur farið illa af stað í deildinni og aðeins náð einum sigri í fimm leikjum en Snæfellingar hafa hins vegar unnið alla sína leiki nema einn.

Snæfellingar voru vel studdir af dyggum stuðningsmönnum sínum sem fjölmenntu og yfirgnæfðu heimamenn. Lið Snæfells fór betur af stað en náði ekki að hrista ÍR-inga frá sér í fyrsta leikhluta og fór með fjögurra stiga forskot inn í þann annan. Þar voru Snæfellingar mun sterkari og náðu mest tíu stiga forskoti en staðan var 30-38 í hálfleiknum.

Í þriðja leikhluta náðu ÍR-ingar upp fínum takti, náðu að minnka muninn niður í fimm stig fyrir þann síðasta og voru raunar óheppnir að munurinn var ekki minni. Þegar á hólminn var komið reyndust Snæfellingar hins vegar sterkari og hrósuðu þrettán stiga sigri.

„Þeir voru einfaldlega sterkari og eiga sigurinn skilinn. Við erum aðeins á eftir öðrum liðum en við verðum að halda áfram að laga það. Í þessum leik voru margir ljósir punktar sem hafa ekki sést hjá okkur í öðrum leikjum. Meðan við bætum okkur leik frá leik er ég mjög sáttur,“ sagði Bárður Eyþórsson eftir leikinn en hann er ekkert hræddur þrátt fyrir slæma byrjun ÍR-liðsins. „Það eru bara fimm leikir búnir svo við erum alveg rólegir.“ - egm

# 4 FYRIR 3 - SPARAÐU MEÐ MAGNKAUPUM

## MEGA MASS 2000

6 kg ca 80 skammtar
**Tilboðsverð kr. 7.995.-**
Orkurík próteinblanda sem tryggir mikla orku og skaffar vöðvunum nægilegt byggingarefni til vaxtar. Fljót og góð endurhleðsla eftir æfingar. Ath. þessi blanda er ætluð þeim sem vilja stækka hratt og mikið.
**Magntilboð**
Þú borgar fyrir 3 en færð 4
( 23.985.- / 5.996.- stk. )




ÞÚ BORGAR FYRIR 3 EN FÆRÐ 4

ÞÚ SPARAR KR. 7.995.-

LÆKKAÐ VERÐ!

## L-GLUTAMINE

300 gr. ca. 60 skammtar
**Tilboðsverð kr. 2.660.-**
L-Glutamine styður vöðvavöxt, eykur upptöku próteins og minnkar vöðvaniðurbrot. Styður ónæmiskerfið og eykur úthald. Nauðsynlegt fyrir alla sem æfa af krafti eða eru í mikilli brennslu.
**Magntilboð**
Þú borgar fyrir 3 en færð 4




ÞÚ BORGAR FYRIR 3 EN FÆRÐ 4

ÞÚ SPARAR KR. 2.660.-

LÆKKAÐ VERÐ!

## CREATINE

500 gr. ca. 100 skammtar
**Tilboðsverð kr. 2.265.-**
Ótal rannsóknir hafa sýnt fram á að CREATINE getur aukið vöðvastyrk og stærð, minnkar þreytu og flýtir fyrir endurhleðslu vöðva eftir æfingar. CREATINE er sennilega eitt mest notaða sport-bætiefnið í dag
**Magntilboð**
Þú borgar fyrir 3 en færð 4
( 6.795.- / 1699.- stk )




ÞÚ BORGAR FYRIR 3 EN FÆRÐ 4

ÞÚ SPARAR KR. 2.265.-

LÆKKAÐ VERÐ!

## RED KICK

500 gr. ca. 33 skammtar
**kr. 1.650.-**
Orkuspark fyrir æfingar. Einhver magnaðasti orkudrykkurinn á markaðinum! Inniheldur koffein, guarana og kolvetni.
**Magntilboð** :
Þú kaupir 3 dósir en færð 4
( 4.950 kr. 1.238 stk.)




ÞÚ BORGAR FYRIR 3 EN FÆRÐ 4

ÞÚ SPARAR KR. 1.650.-

allt fyrir kroppinn

**HREYSTI**

Skeifunni 19 - S. 568 1717

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 / Laugardaga frá kl. 11-15

**Handlóð - Jógapakkar - Dýnur - Sippubönd - Ökklaþyngingar - Handgrip - Laus lóð - Fæðubótarefni**

KORTER.IS

## > Jake Gyllenhall



Þessi frábæri leikari sem leikur í myndinni The Day After Tomorrow, sem Stöð 2 Bíó sýnir í dag er einn af efnilegustu ungu leikurunum í Hollywood í dag. Er þekktastur fyrir hlutverk sín í Brokeback Mountain og Donnie Darko. Hann fæddist 19. desember 1980 og verður því 26 ára innan skamms.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON REYNDI AÐ HORFA Á SJÓNVARP Í SVÍÞJÓÐ

# Þegar hótelklám verður valkostur

Þrátt fyrir að vera haldinn sjónvarpsfíkn er ég að gefast upp á stöffinu mínu og þá einmitt efninu frekar en sjónvarpstækjum eða miðlinum sem slíkum. Leit mín að lífsfyllingu með fjarstýringarflakki er að verða æ krampakenndari og örvæntingarfyllri og eins og sakir standa fæ ég kikk út úr The Sopranos og My Name is Earl og þar með er það upptalið.

Ég er ekki með gervihnattasjónvarp, digital, fjölvarp eða hvað þetta heitir allt saman og það hefur hvarflað að mér að ég sé að missa af einhverju og með því að fjölga valmöguleikunum geti ég mögulega fundið lífshamingjuna fyrir framan skjáinn á ný.

Eftir tveggja sólarhringa dvöl á hóteli í Stokkhólmi hef ég komist að því að svo er ekki. Það breytir engu hversu stöðvarnar eru margar einfaldlega vegna þess að leiðindin sem þær bjóða flestar upp á eru áþekk.

Heima flakka ég á milli fjögurra stöðva en í Svíþjóð gat ég skoppað á milli í það minnsta þriggja tuga. Úrvalið var samt meira og minna það sama og heima.

Stöðvaflakkið endaði því iðulega á klámrásinni sem hótelið bauð upp á en þeir sem eru sigldir vita að hótelklám er með því sorglegra sem hægt er að reyna að drepa tímann yfir. Þetta er svo gelt og tilgangslaust að það hreyfir hvorki við taugum né holdi og er því eiginlega skömminni verra en harðkjarnaklámið þó ég ætli ekki að vera að mæla því sérstaklega bót.

Þarna áttaði ég mig þó á því hversu mikill missir það er að Sýn skuli ekki lengur sýna ljósbláu myndirnar sem stöðin bauð á sínum tíma upp á. Þær eru ekta hótelklám og maður gat endalaust furðað sig á því hvernig persónur og leikendur gátu stundað munnmök og önnur hvílubrögð án þess að fara nokkurn tíma úr nærbuxunum.

Það er samt auðvitað eitthvað að sjónvarpsdagskránni, lífinu og síðast en ekki síst manni sjálfum þegar hótelklám verður raunhæfur valkostur og maður saknar léttklámsins á Sýn.



**JENNA JAMESON**
Klámstjarnan klæðir sig seint úr hverri spjör í hótelsjónvarpi.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.00** Entertainment Tonight SIRKUS



▶ **19.45** Gegndrepa SKJAR EINN



▶ **20.05** The Simpsons STÖÐ 2



▶ **20.00** The Day After Tomorrow STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.45** Eyes Wide Shut SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Snillingarnir (8:18)** (Disney's Little Einsteins)
**18.25 Ungar ofurhetjur (2:26)** (Teen Titans I)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Þrumufuglar** (Thunderbirds) Bandarísk ævintýramynd frá 2004 um vinahóp sem á í útistöðum við ill öfl. Leikstjóri er Jonathan Frakes og meðal leikenda eru Brady Corbet, Ben Kingsley, Anthony Edwards, Soren Fulton, Genie Francis og Bill Paxton.
▶**21.45 Haltu mér, slepptu mér** (Eyes Wide Shut) Bandarísk bíómynd frá 1999. Læknir í New York leggst í næturlangar kynlífs- og siðferðispælingar eftir að konan hans viðurkennir að hafa einu sinni næstum haldið fram hjá honum. Leikstjóri er Stanley Kubrick og meðal leikenda eru Tom Cruise og Nicole Kidman. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**0.20 Rembrandt** Dönsk bíómynd frá 2003 byggð á sönnum atburðum. Feðgarnir og smábófarnir Mick og Tom eru fengnir til að stela málverki af safni. Þeir stela óvart rangri mynd, eina Rembrandt-verkinu sem til er í Danmörku og er metið á fúlgur fjár. Leikstjóri er Jannik Johansen og meðal leikenda eru Lars Brygmann, Jakob Cedergren, Nikolaj Coster-Waldau, Nicolas Bro, Sonja Richter, Søren Pilmark og Paprika Steen. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. e.
**2.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:00** The Day After Tomorrow (Ekki á morgun heldur hinn) Leyfð öllum aldurshópum. **08:00** Innocence (Sakleysi) Leyfð öllum aldurshópum. **10:00** Loch Ness Leyfð öllum aldurshópum. **12:00** Young Adam (Adam ungi) Leyfð öllum aldurshópum. **14:00** Innocence (Sakleysi) Leyfð öllum aldurshópum. **16:00** Loch Ness Leyfð öllum aldurshópum. **18:00** Young Adam (Adam ungi) ▶**20:00** The Day After Tomorrow Leyfð öllum aldurshópum. **22:00** Vanity Fair (Vanity Fair) Bönnuð börnum. **00:15** Derailed (Dauðalestin) Stranglega bönnuð börnum. **02:00** Narc (Fíknó) Stranglega bönnuð börnum. **03:45** Vanity Fair (Vanity Fair) Bönnuð börnum.

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið**
**9.00 Bold and the Beautiful**
**9.20 Í fínu formi 2005**
**9.35 Oprah (117:145)**
**10.20 Ísland í bítið (e)**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Neighbours**
**13.05 My Sweet Fat Valentina**
**13.50 My Sweet Fat Valentina**
**14.35 Jamie Oliver - með sínu nefi**
**15.00 Extreme Makeover: Home Edition**
**16.00 Skrímslaspilið**
**16.20 Scooby Doo**
**16.40 Véla Villi**
**16.50 Engie Benjy**
**17.05 Pingu**
**17.10 Yoko Yakamoto Toto**
**17.15 Simpsons**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.05 Neighbours**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður 19.00 Ísland í dag**
▶**20.05 The Simpsons**
**20.30 Freddie**
**20.55 One Fine Day** (Einn góðan veðurdag) Rómantísk gamanmynd með úrvalsleikurum. Aðalhlutverk: George Clooney, Michelle Pfeiffer, Mae Whitman. Leikstjóri: Michael Hoffman. 1996.
**22.40 Balls of Steel**
**23.20 King Arthur** (Arthúr konungur) Sannkölluð stórmynd frá 2004 sem fjallar um viðburðaríka og goðsagnakennda ævi Arthúrs konungs. Aðalhlutverk: Clive Owen, Mads Mikkelsen, Ioan Gruffudd. Leikstjóri: Antoine Fuqua. Stranglega bönnuð börnum.
**1.20 Road House** (Hjálparhellan) Dalton er besti útkastarinn í bransanum. Kvöldin hjá honum einkennast af hasar, brjálaðri tónlist og fallegum konum. Dalton kemur til starfa á klúbbi þar sem gestirnir ganga iðulega of langt. Einn þeirra er Brad Wesley en hann heldur að allt sé falt fyrir peninga. Aðalhlutverk: Patrick Swayze, Kelly Lynch, Ben Gazzara, Sam Elliott. Leikstjóri: Rowdy Herrington. 1989. Stranglega bönnuð börnum.
**3.10 Balls of Steel (7:7)** (Fífldirfska) Ótrúlega fRískir og fjörlegir skemmtiþættir þar sem allt gengur út á fífldirfskuna.
**3.50 Ísland í bítið e**
**5.10 Fréttir og Ísland í dag** Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.
**6.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö (e)**
**8.00 Dr. Phil (e)**
**8.45 Sigtið (e)**
**15.00 The King of Queens (e)** Bandarískir gamanþættir.
**15.30 Queer Eye for the Straight Guy (e)** Fimm samkynhneigðar tískulöggur þefa uppi lúðalega gaura og breyta þeim í flotta fýra.
**16.20 Beverly Hills 90210** Bandarísk unglingasería.
**17.05 Dr. Phil**
**18.00 6 til sjö**
**19.00 Melrose Place** Bandarísk þáttaröð um íbúana í Melrose Place.
▶**19.45 Gegndrepa (e)** Ný, íslensk þáttaröð þar sem 20 einstaklingar berjast til síðasta manns vopnaðir vatnsbyssum og vatnsblöðrum. Sá sem stendur einn eftir vinnur hálfa milljón króna.
**20.10 Trailer Park Boys** Gamanþættir um vinina Ricky og Julian sem hafa oftar en ekki villst út af beinu brautinni í lífinu.
**20.35 Parental Control** Stefnumótaþáttur með skemmtilegri fléttu.
**21.00 The Biggest Loser** Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna.
**21.50 Law & Order: Criminal Intent**
**22.40 Masters of Horror** Hárin munu rísa á föstudagskvöldum í vetur. Masters of Horror er ný þáttaröð þar sem sýndar verða 13 nýjar hrollvekjur frá þekktum leikstjórum. Stranglega bannað börnum.
**23.30 Sigtið (e)**
**0.00 C.S.I: Miami** (e)
**0.55 Conviction (e)** Bandarísk sakamálasería.
**1.40 C.S.I: New York (e)** Bandarísk sakamálasería.
**2.30 Beverly Hills 90210 (e)**
**3.15 Melrose Place (e)**
**4.00 Tvöfaldur Jay Leno (e)**
**5.30 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SIRKUS TV

▶**18.00 Entertainment Tonight (e)**
**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 The Hills (e)**
**20.00 Wildfire** Hin 18 ára Kris Furillo er vandræðaunglingur sem fær annað tækifæri í lífinu. Eftir að hafa verið á vandræðaheimili fyrir unglinga fær hún vinnu á búgarði hjá Ritter fjölskyldunni eftir að hæfileikar hennar með hesta koma fram. Leyfð öllum aldurshópum.
**20.45 8th and Ocean (e)**
**21.15 The Newlyweds (e)**
**21.45 Blowin/ Up (e)**
**22.15 South Park (e)**
**22.45 Chappelle/s Show (e)**
**23.15 Sirkus Rvk (e)**
**23.45 X-Files (e)** (Ráðgátur)
**0.30 Hell´s Kitchen (e)**
**1.15 Entertainment Tonight (e)** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomur sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum. Leyfð öllum aldurshópum.
**1.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SKJÁR SPORT

**07:00 Liðið mitt (e)**
**14:00 Sheff.Utd. - Chelsea (e) frá 28.10**
**16:00 Portsmouth - Reading (e) frá 28.10**
**18:00 Upphitun**
**Knattspyrnustjórar, leikmenn og aðstandendur úrvalsdeildarliðanna spá og spekúlera í leiki helgarinnar.**
**18:30 Liðið mitt (e)**
**Böddi Bergs og gestir.**
**19:30 Arsenal - Everton (e) frá 28.10**
**21:30 Upphitun (e)**
**Knattspyrnustjórar, leikmenn og aðstandendur úrvalsdeildarliðanna spá og spekúlera í leiki helgarinnar.**
**22:00 West Ham - Blackburn (e) frá 29.10**
**00:00 Dagskrárlok**




GOTT FÓLK MCCANN

BJARNI ARASON
13-18 ALLA VIRKA DAGA Á LÉTT BYLGJUNNI
Ljúf og þægileg tónlist á Létt Bylgjunni 96,7.

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 20.30
**FREDDIE**

Nýir gamanþættir með Freddie Prinze jr. í aðalhlutverki. Í þáttunum leikur hann ungan og kvensaman meistarakokk sem lendir í þeirri vandræðalegu stöðu að þurfa að búa með þremur eldri konum; ömmu sinni og frænkum – með spaugilegum afleiðingum. Í þættinum gefur Freddie litlu frænku sinni Zoe rándýran síma. Þegar frænkur hans komast að því verða þær bálvondar og skipa Freddie að kenna litlu frænku að meta lífsins verðmæti með því að vinna sjálfboðavinnu. En Freddie blessaður verður seint talinn fyrirmynd þegar kemur að aðhaldi og auðmýkt.



### VIÐ MÆLUM MEÐ
**THE LIFE OF DAVID GALE**
**Á DR 1 KL. 20.30**

Kevin Spacey og Kate Winslet leika aðalhlutverkin í þessari mögnuðu mynd sem fjallar um mann sem er sakaður um glæp sem hann framdi ekki og bíður dauða síns á dauðadeild fangelsis. Leikstjóri myndarinnar er Alan Parker sem hefur fært okkur gullmola eins og Angel Heart og Evitu. Mynd sem fær mann til að hugsa.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **8.00** Fréttir **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Bréf til Brands
**14.30** Miðdegistónar
**15.00** Fréttir
**15.03** Flakk
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Lög unga fólksins
**19.30** Stórt í smáu
**20.10** Síðdegi skógarpúkanna
**21.05** Út um víðan völl: Frá Leipzig
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**0.00** Fréttir
**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**16.50 Tottenham - Club Brugge** Útsending frá leik Tottenham og Club Brugge í Evrópukeppni félagsliða í knattspyrnu.
**18.30 US PGA í nærmynd**
**18.55 Gillette Sportpakkinn**
**19.25 Spænski boltinn - upphitun** (La Liga Report) Upphitun fyrir alla leikina í spænska boltanum sem fram fara um helgina.
**19.50 HM í Súpercross GP**
**20.45 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**21.15 KF Nörd (10:15)**
**22.00 Heimsmótaröðin í Póker**
**23.30 Pro bull riding** (Reno, NV - Reno Invitational)Pro bull riding er ein vinsælasta íþróttin í Bandaríkjunum um þessar mundir. Menn keppast um að halda sér á nauti eins lengi og þeir geta að hætti kúreka. Þarna eru atvinnumenn á ferðinni sem náð hafa mikilli færni í því að halda sér á baki við vægast sagt erfiðar aðstæður.
**0.25 Íþróttahetjur** Íþróttahetjur eru af öllum stærðum og gerðum. Í þættinum er fjallað um fólk sem æfir og keppir í ólíkum íþróttagreinum en allt er það íþróttahetjur á sinn hátt. Skák, skylmingar og borðtennis eru aðeins nokkrar íþróttagreinar sem koma við sögu. Á meðal viðmælenda eru kúreki og búddamunkur og segir það meira en mörg orð um efnistökin sem eru mjög fjölbreytt.
**1.00 NBA 2005/2006 - Regular Season games** (San Antonio - Cleveland)Bein útsending frá leik San Antonio Spurs og Cleveland Cavaliers í NBA deildinni. Í þessum leik gefur að líta þrjár af skærustu stjörnum deildarinnar. Hjá Cleveland er það LeBrown James og hjá San Antonio eru það þeir Tim Duncan og Tony Parker.

## DR 1

**11.35** Dagens Danmark **12.00** Seniorer - det nye guld? **12.20** Himlen over Danmark **12.50** Lægens bord **13.20** Teenagetesten **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Boogie Listen **16.00** F for Får **16.05** Svampebob Firkant **16.30** AMIGO **17.00** Hunni show **17.15** Peddersen og Findus **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** aHA! **20.00** TV Avisen **20.30** The Life of David Gale **22.35** The Big Hit **0.05** Boogie Listen

## NRK 1

**11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra ¥stfold **14.00** Siste nytt **14.05** Anne fra Bj¢rkely **14.55** Nifse saker **15.00** Siste nytt **15.03** VG-lista Topp 20 **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** VG-lista Topp 20 **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Kalle og Molo **17.20** Gjengen på taket **17.35** Gnottene - musikkvideo **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** På tråden med Synn¢ve **19.55** Nytt på nytt **20.25** F¢rst & sist **21.15** Politiagentene **22.00** Kveldsnytt **22.15** Sopranos **23.05** Hellbillies live fra Rockefeller **0.05** Usett: Hilsen Norge

## SVT 1

**11.05** På spåret **12.20** Söderlund & Bie **12.50** Välkommen på 50-årsfest **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **15.55** Tinas kök **16.25** Pralinen **16.55** Helgmålsringning i allhelgonatid **17.00** Höjdarna **17.30** Tillbaka till Vintergatan **18.00** Fredagsröj **18.30** Rapport **19.00** Doobidoo **20.00** Den som viskar **21.30** Mäklarna **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Ormens väg på hälleberget **0.10** Sändning från SVT24


Merkjavara á silfurfati

MIKIÐ ÚRVAL AF ÍÞRÓTTAVÖRUR FRÁ NIKE, ADIDAS OG PUMA

Vetrarfatnaður. Góðar jólagjafir.

Fótboltavörur: Nike - Adidas - Puma - fótboltaskór - legghlífar - búningar - boltar - mesta úrval landsins

Sundfatnaður: Nike, Adidas, Speedo og Triumph. Sundbolir, bikini, sundskýlur, sundbuxur (boxer), barnasundföt.

Adidas Reebok NIKE Rucanor TICKET TO HEAVEN SPEEDO Runway adidas Northland Puma Catmandoo

50% - 80% lækkun

VERÐDÆMI

| | Okkar verð | Fullt verð |
|---|---|---|
| Íþróttabuxur m/röndum | 1.700 kr. | 3.990 kr. |
| Skíðabuxur | 2.500 kr. | 5.990 kr. |
| Hi-Tec skór, svartir | 2.990 kr. | 6.990 kr. |
| Puma stuttbuxur | 1.300 kr. | 2.790 kr. |
| Adidas fótboltaskór | 2.500 kr. | 4.990 kr. |
| Helly Hansen öndunarúlpur | 7.500 kr. | 19.990 kr. |
| Trepass regnjakkar m/öndun | 1.800 kr. | 4.990 kr. |
| Nike vindjakkar dömu | 2.990 kr. | 7.990 kr. |
| Conway gönguskór | 4.990 kr. | 9.990 kr. |
| Collection bolir stúlkna | 1.200 kr. | 2.790 kr. |
| Adidas körfuboltaskór | 5.000 kr. | 14.990 kr. |
| Sundföt (Nike, Adidas, Arena, Speedo) | | |

Okkar takmark: 50% - 80% lækkun frá fullu verði
Visa/euro
Sendum út á land



Opnunartími: Virka daga 14.00 - 18.00 • Laugardaga/Sunnudaga 10.30 - 18.00 • Upplýsingasími 561 2794

**HRÓSIÐ ...**



*...fær Arnar Eggert Thoroddsen fyrir að beita sér fyrir bættri réttarstöðu samkynhneigðra í Færeyjum.*

# Þurfti að kasta upp í beinni útsendingu

„Það sveif svona líka rosalega á mig í beinni og ég varð að bregða mér frá til að kasta upp,“ segir Guðni Bergsson. Áhorfendur Sýnar hrukku margir hverjir í kút á miðvikudagskvöldið þegar knattspyrnukappinn fyrrverandi hvarf skyndilega úr myndveri sjónvarpsstöðvarinnar. Eftir sátu þeir Heimir Karlsson, Arnar Gunnlaugsson og knattspyrnudómarinn geðþekki Gylfi Orrason sem síðar í þættinum settist í sæti Guðna.



**ARNAR GUNNLAUGS** Náði að halda andlitinu en rauk fram til að líta eftir Guðna.

Undir myndbrotum úr leik AC Milan og Anderlecht í meistardeild Evrópu mátti heyra mikla skruðninga og svo rak einn þáttastjórnandanna upp undrunaróp og þegar myndavélunum var beint aftur inn í myndverið var miðvörðurinn gamli horfinn á braut. Margir héldu að þarna hefði eitthvað alvarlegt komið fyrir en þegar Fréttablaðið hafði samband við Guðna var hann allur að braggast, sagði að ælupest hefði verið að ganga heima fyrir og hún hefði reyndar lagst á hann þarna. „Ljósin og hitinn voru nú ekki beint til bæta úr skák,“ sagði Guðni. „Ég náði þó sem betur fer fram á klósett,“ bætir hann við og viðurkenndi að þarna hefði gamli sprengikrafturinn úr boltanum komið að góðum notum. „Ég er að ná mér, er ekkert slæmur í dag,“ útskýrir Guðni en augljóst var að félögum hans í þættinum stóð ekki á sama. „Það var mjög óþægilegt að finna fyrir þessu í miðjum þætti en mér fannst það aðdáunarvert að sjá hvernig allir brugðust við, náðu að leysa hlutina eins og þetta væri hluti af handritinu,“ útskýrir Guðni.

Heimir Karlsson viðurkennir að honum hafi ekki staðið á sama þegar Guðni rauk svona skyndilega út undir myndbrotunum en ákvað að halda stillingu sinni enda vissi hann að fjölskylda og ættingjar Guðna gátu verið að horfa á. „Við vildum ekki vera að búa til einhverja hræðslu hjá fólkinu hans heima,“ segir Heimir sem gat ekkert hugað að félaga sínum en Arnar brá sér frá og sá að þetta var ekki eins alvarlegt og þetta leit út fyrir að vera. „Ég hafði hugann við Guðna á meðan við fórum yfir leikina en til allra hamingju fór þetta allt vel að lokum.“ -fgg



**GUÐNI OG HEIMIR** Heimir varð að halda stillingu sinni eftir að Guðni rauk skyndilega út í beinni útsendingu til að kasta upp.



**LÁRÉTT**
**2** niður **6** píla **8** hamfletta **9** bein **11** 2000 **12** krá **14** kárna **16** tveir eins **17** fljótfærni **18** for **20** karlkyn **21** faðmlag.

**LÓÐRÉTT**
**1** landamerki **3** tveir eins **4** dagatal **5** lærdómur **7** utan við sig **10** flinkur **13** krot **15** sót **16** rúm ábreiða **19** óreiða.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** ofan, **6** ör, **8** flá, **9** rif, **11** mm, **12** knæpa, **14** grána, **16** ll, **17** ras, **18** aur, **20** kk, **21** knús. **LÓÐRÉTT:** **1** mörk, **3** ff, **4** almanak, **5** nám, **7** ringlun, **10** fær, **13** pár, **15** aska, **16** lak, **19** rú.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

Svör við spurningum á bls. 8

1 Rangá
2 Konungsbók
3 Ólafur Elíasson


**PAKKAFERÐIR VIÐ ALLRA HÆFI**

Golf **Sheraton Real de Faula**
– Valfrjálst Verð frá 59.180 kr.

Sérferð **Einstök gönguferð á Alicante**
– 1.–4. nóv. 69.900 kr.

Fótbolti **Chelsea–Watford**
– 10.–12. nóv. 56.900 kr.

Fótbolti **Arsenal–Hamburg SV**
– 21.–22. nóv. 49.900 kr.

Fótbolti **Tottenham–Wigan**
– 24.–27. nóv. 58.900 kr.

Tónleikar **George Michael**
– 27.–29. nóv. 69.900 kr.

Golf **Bonalba, Alicante**
– Valfrjálst Verð frá 69.900 kr.

Sérferð **Berlín í jólaundirbúningi**
+ 24.–27. nóv. 51.900 kr.

Aðventuferð til Berlínar, helgarferð. Tilvalið að skoða borgina, fara tónleika, borða góðan mat, kíkja á jólamarkaðina og klára jólagjafirnar! Innifalið: Flug með sköttum, gisting á 4 stjörnu hóteli og akstur til og frá flugvelli.

Fótbolti **Fulham–Arsenal**
– 29.–30. nóv. 49.900 kr.

Fótbolti **Man. Utd.–Man. City**
– 8.–10. des. 64.900 kr.

Sérferð **Aðventuferð til Trier**
– 8.–11. des. 59.900 kr.

Fótbolti **Chelsea–Arsenal**
– 9.–11. des. 69.900 kr.

Sérferð **Aðventuferð til Berlínar**
– 8.–11. des. 49.900 kr.

Fótbolti **Arsenal–Portsmouth**
+ 15.–17. des. 59.900 kr.

Sunnlendingarnir frá Portsmouth hafa staðið sig vonum framar í deildinni í haust. En nú reynir á þá þegar þeir mæta Arsenal á Emirates Stadium enda hafa heimamenn verið að spila fantavel. Flug með sköttum, hótel í 2 nætur með morgunverði og miði á leikinn.

Sólarferð **Alicante, Hotel Sidi San Juan**
– Valfrjálst Verð frá 47.121 kr.

Öll verð miðast við að tveir séu saman í herbergi.
» **Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100**

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express


REYNIR TRAUSTASON: FYLGIR ÍSAFOLD EFTIR VÍGREIFUR EN KÁTUR

# Blóðugur skæruhernaður á íslenskum tímaritamarkaði

„Blaðið er uppselt þrátt fyrir skæruliðasveitir Fróða,“ segir Reynir Traustason, ritstjóri nýja tímaritsins Ísafold, og hlær við. „Þær keyra milli verslana og henda blaðinu okkar til hliðar en við tökum þessu sem hverju öðru hundsbiti og lögum jafnóðum til eftir þá.“

Reynir ber samkeppnisaðilanum sem gefur út aragrúa af tímaritum, þar á meðal Séð & heyrt, Mannlíf, Hús og híbýli og Bleikt og blátt, þungum sökum en segist þó halda ró sinni. „Ég hef gaman af því að þeir skuli ætla að mæta samkeppninni svona, með því að fara um allt eins og stormsveipur og snúa við rekkum svo Ísafold sjáist ekki. Þetta er lágkúruleg aðferð til að ota fram eigin vöru.“

Reynir segir skemmtilegasta dæmið um aðgerðir samkeppnisaðilans hafa átt sér stað í verslun þar sem Ísafold var mokað úr blaðarekka ofan í innkaupakerru og ýtt til hliðar. „Síðan var brauð og ýmislegt annað sett ofan á blöðin í kerrunni til að tryggja að blaðið yrði örugglega ekki keypt en það er svo skemmtilegt að markaðurinn svaraði þannig að blaðið seldist upp úr innkaupakerrunum,“ segir Reynir.

Mikael Torfason, aðalritstjóri Birtings, sem keypti leifarnar af tímaritaútgáfu Fróða ekki alls fyrir löngu vísar ásökunum síns gamla félaga á bug þó þessir fyrrverandi samherjar á DV séu vissulega komnir í hár saman á tímaritamarkaðnum. „Ég kannast ekki við neinar skæurliðasveitir á okkar vegum og finnst þetta súrrealísk spurning enda er fólk ekki vitleysingar og kaupir þau tímarit sem það vill óháð því hvar þau eru staðsett í verslunum,“ segir Mikael sem telur Reyni vera að vakna upp við þá staðreynd að lausasala tímarita á Íslandi sé „erfiðasti bissniss í heimi“.

„Ég myndi í hans sporum einbeita mér að því að gera góð blöð. Það geri ég,“ segir Mikael og bætir því við að hann geti ekki staðið í því að skipta sér af uppstillingu tímarita í öllum verslunum. „Ég held að 365 miðlar séu ekkert of hressir með þessa útgáfu Reynis,“ segir Mikael og telur meinta skæruliða frekar á vegum fjölmiðlasamsteypunnar. „Þeir hafa meira bolmagn til þess að standa í þessu en ég enda er ég ekki að þessu. Á Baugur hvort eð er ekki flestar þessar verslanir? Reynir verður að eiga þetta við Jón Ásgeir en ekki mig.“

Reynir ber sig, sem fyrr segir vel, og óttast ekki hörkuna á markaðnum. „Það er mikil stemning í þessu þó við stöndum í einhverju smáböggi. Nóatún vill til dæmis ekki selja blaðið en selur Bleikt og blátt. Það er þeirra vandamál vilji þeir frekar selja klámblöð en virðuleg tímarit. Ég hef rætt þetta við menn þar og það liggja annarlegar ástæður að baki. Ég hef lengi verslað í Nóatúni í Grafarholti en er hættur því og það er ekki síst barnanna vegna en ég sniðgeng þá eins og þeir sniðganga mig.”

thorarinn@frettabladid.is



**REYNIR TRAUSTASON** Sakar Mikael Torfason, gamlan vopnabróður af DV, og hans fólk um að beita skæruliðum gegn sér á tímaritamarkaði.



**MIKAEL TORFASON** Vísar ásökunum Reynis á bug og segist ekki standa í hernaði í verslunum. Hann leggi áherslu á að gefa út góð blöð og telur Reyni hollast að reyna slíkt hið sama.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Idolbarn þeirra **Hildar Völu Einarsdóttur** og **Jóns Ólafssonar** kom í heiminn á miðvikudag. Þau Hildur og Jón eignuðust son sem var 14 og hálf mörk. Öllum í litlu fjölskyldunni heilsast vel. Drengurinn er fyrsta barn Hildar Völu en þriðja barn Jóns. Hann á fyrir tvær stelpur en sú yngri er 12 ára.



Allt snýst nú um útboð á enska boltanum hjá sjónvarpsmógúlum þessa lands, **Ara Edwald** hjá 365, **Magnúsi Ragnarssyni** hjá Skjá einum og óvænt **Páli Magnússyni** hjá RÚV – en ekki sameiningaviðræðum eins og sumir bloggarar vilja halda. Víst er að verulegur skjálfti er í herbúðum sjónvarpsmannanna sem nú velta fyrir sér hversu háa upphæð þeir eiga að skrifa á tilboðið sem þarf að skila inn á mánudag. Víst er að margir eru orðnir þreyttir á að fluttur sé gjaldeyrir í gámavís til sjónvarpsrétthafa fyrir fótbolta í útlöndum. En einmitt í þá átt hefur dallurinn verið keyrður á fullu gasi. Nokkuð kom á óvart þegar Skjár einn náði að stela af Sýn enska boltanum og hyggja Sýnarmenn á hefndir. Nema leynifundir hafi leyst eitthvað í þeim efnum. Sýn gekk mjög nærri eigin fjárhag þegar þeir buðu rausnarlega í meistaradeildina eða um tvo fimmtu rekstrarfjár síns á ári sem mun vera nálægt fimm hundruð milljónum. Og óvænt stökk jóker í spilastokkinn, ríkið í líki Pál Magnússonar, sem bauð í Evrópukeppnina og fékk. Eru nefndar hundrað milljónir í því sambandi. Margfalda má þá tölu fyrir sýningarrétt á enska boltanum.



-hdm/jbg

# Ásgeir ætlaði ekki að særa neinn

„Auðvitað er leiðinlegt ef fólk misskilur það sem maður segir og jafnvel sárnar,“ segir Ásgeir Kolbeinsson fjölmiðlamaður en viðtal við hann í þættinum Innlit/útlit, sem sýndur var á Skjá einum á þriðjudag, hefur valdið fjaðrafoki.

Skjá einum bárust margar kvartanir eftir þáttinn, þar sem Arnar Gauti ræddi við Ásgeir um endurbætur sem hann réðst í á heimili sínu. Fór fyrir brjóstið á mörgum að tvímenningarnir notuðu orð á borð við „viðbjóður“ og „ógeð“ til að lýsa því sem virtust venjulegar innréttingar.

Ásgeir er leiður yfir málinu og segir það á misskilningi byggt. „Ég keypti þessa íbúð gagngert til að gera hana upp og fékk hana á lægra verði því hún var í svo slæmu ásigkomulagi.“

Hann segir hluti oft líta betur út í sjónvarpi en í raun og veru og myndavélin hafi ekki fangað alls kyns ófögnuð sem þeir Arnar voru að vísa til. „Ég ætlaði hvort eð er að rífa allt út en íbúðin hafði ekki verið þrifin lengi; komin væg ólykt inni á klósetti, parketið flagnað, veggir útbarðir og hurðirnar rispaðar en það sást ekki á myndunum. Við vorum bara að tala um slíka hluti.“

Ásgeir segir að líklega hefði verið skynsamlegt að vanda orðavalið betur. „Við Arnar erum vinir og töluðum á kumpánlegum nótum. Það átti ef til vill ekki við þarna.“ Mest sárnar honum að sumir túlka orð þeirra Arnars sem snobb og flottræfilshátt. „Okkur þykir það báðum leiðinlegt því þetta snerist engan veginn um það. Sjálfur skít ég ekki peningum en það hefur lengi verið draumur minn að kaupa íbúð og gera hana upp. Loksins rættist hann.“ -bs



**ÁSGEIR KOLBEINSSON** Er leiður yfir að sumir túlka orð þeirra Arnars Gauta sem snobb. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# NÝ PLATA ÓSKARS PÉTURSSONAR

## ÁSTARSÓL MEÐ LÖGUM GUNNARS ÞÓRÐARSONAR ER KOMIN Í VERSLANIR




**ÚTGÁFUTÓNLEIKAR FÖSTUDAGINN 17. NÓVEMBER KL. 20:00 OG 22:00 Í AKUREYRARKIRKJU**

**TRYGGÐU ÞÉR EINTAK Í NÆSTU VERSLUN!**

**Góða skemmtun! ►**

sena

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**
ÞORBJARGAR S. GUNNLAUGSDÓTTUR

## *Nauðganir*

Nauðganir í miðborginni hafa vakið athygli og óhug. Það ættu hins vegar allar nauðganir að gera. Síðustu 12 ár hafa 1.248 þolendur nauðgana leitað til Neyðarmóttökunnar.

**UMRÆÐA** um kynferðisbrot snýst oftar en ekki um dæmdar refsingar. Það eru hins vegar mörg önnur atriði sem skipta máli í sambandi við kynferðisbrot. Það er t.d. athyglisvert hversu mörg mál falla niður, án þess að ákært sé. Stór hluti kynferðisbrotamála fer aldrei fyrir dóm, ýmist vegna þess að þau eru ekki kærð eða vegna þess að ekki er talin ástæða til að gefa út ákæru.

**ERLENDAR** rannsóknir hafa sýnt að kærulíkur og líkur á sakfellingu aukast eftir því sem líkamlegir áverkar eru meiri og ef gerandinn er ókunnugur. Endurspeglar það kannski ríkjandi skoðun um að þessi brot séu hinar raunverulegu nauðganir?

**FYRIR** liggur nokkur þekking á því hver algeng viðbrögð kvenna eru við nauðgun og þau eru sjaldnast að slást við árásarmanninn, enda ekki margar konur sem hafa betur í slagsmálum við karlmenn. Það getur verið erfiðleikum bundið að sanna hin hefðbundnu viðbrögð kvenna, svo sem að þær hafi grátið, beðið gerandann um að hætta eða lamast af hræðslu. Slík viðbrögð skilja ekki eftir sig líkamlega áverka. Skortur á líkamlegum áverkum veitir þess vegna ekki sönnun fyrir því að samræði hafi farið fram með vilja þolanda.

**SKILABOÐ** til kvenna eru sömuleiðis þversagnarkennd. Konum er stundum sagt að berjast ekki á móti ef á þær er ráðist, svo þær verði ekki fyrir enn meira ofbeldi. Það getur síðan komið þeim í koll þegar kemur að því að sanna brotið. Umræðan má ekki snúast um það að konur eigi að fara varlega, að þær eigi ekki að þiggja bílfar eða ganga einar heim að kvöldlagi. Það gefur skakka mynd af því hvenær konur eru í mestri hættu, það er nefnilega ekki úti á götum, heldur við aðstæður sem teljast öruggar. Það er sömuleiðis ekki hægt að gera aðra ábyrga fyrir nauðgunum en þá sem fremja þær.

**MANNLEG** viðhorf birtast í réttinum, bæði í dómum og lagasetningu, og þess vegna er mikilvægt að vera meðvitaður um það hver viðhorf okkar eru til nauðgana, ástæður þeirra og sök á þeim. Vægir dómar eru ekki eina vandamálið. Stærsta málið er að komast að ástæðum nauðgana með það fyrir augum að koma í veg fyrir þær.


SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Yfir 150.000 gestir daglega**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá






**Við kynnum nýjan alvörujeppa, KIA Sorento**

*– fullbúinn jeppi með ríkulegum staðalbúnaði*

- hátt og lágt drif
- ESP stöðugleikastýring
- ný og glæsileg innrétting
- 16" álfelgur
- vindskeið
- 5 þrepa sjálfskipting
- öflug 170 hestafla dísilvél
- hraðastillir (Cruise Control)
- þakbogar
- þokuljós

Sorento hefur slegið í gegn um allan heim og eignast dygga fylgismenn á Íslandi. Það er ekki að ástæðulausu að Sorento er orðinn einn vinsælasti jeppi landsins, enda líklega bestu jeppakaupin í dag.

**KIA** er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrítið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.

KIA MOTORS
*The Power to Surprise™*

HEKLA KIA *umboðið* á Íslandi er í eigu HEKLU.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is